skoðun 14

Leikkonur í lokahófi

Bjartir og sumarlegir skærir litir voru áberandi í lokahófi kvikmyndahátíðarinnar í Cannes.

sumarfatnaður 5

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Sumarfatnaður

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞRIÐJUDAGUR

ÞITT

1. júní 2010 — 126. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

Spjótkastari fimmtugur

Einar Vilhjálmsson býst við barnabarni í afmælisgjöf.

tímamót 18

Fullkomið ár

Fanney Ingvarsdóttir vann þrjá titla í handbolta og var kjörin Ungfrú Ísland.

fólk 34

Valur slátraði Fylki

Valur skoraði fimm mörk gegn Fylki í Pepsi-deild karla í gær.

íþróttir 30

veðrið í dag



DÁLÍTIL VÆTA víða um land en þó síst norðvestanlands. Á Austfjörðum má búast við þokusúld. Vindur verður fremur hægur og áttin austlæg.

veður 4

HANSA TENGI

HANDLAUGARTÆKI
MEÐ LYFTITAPPA

Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá10-15

Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050

Embættismenn fái málalok

Þingmannanefnd vill ljúka málum seðlabankastjóra og forstjóra Fjármálaeftirlitsins og sendi settum ríkissaksóknara ábendingu um meinta vanrækslu þeirra. Saksóknarinn kveðst svara Alþingi á næstu dögum.

EFNAHAGSHRUNIÐ Þingmannanefnd um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hefur sent ábendingu til setts ríkissaksóknara um mál þriggja fyrrverandi seðlabankastjóra og forstjóra Fjármálaeftirlitsins sem í skýrslunni eru sagðir hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi.

„Að mati þeirra níu sem sitja í þessari nefnd þarf að ljúka þætti þessara einstaklinga eins og allra annarra sem hugsanlega hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi," segir Ragnheiður Ríkharðsdóttir, alþingismaður Sjálfstæðisflokks, sem á sæti í þingmannanefndinni.

Eintaklingarnir fjórir eru seðlabankastjórarnir fyrrverandi, Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson auk Jónasar Fr. Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

„Þetta er í raun ábending um að þessir aðilar séu í ákveðnu tómarúmi. Við vildum athuga hvort það væri ekki örugglega fjallað um þeirra mál einhvers staðar þannig að þeir væru ekki að bíða og fá þau kannski í hausinn eftir einhver ár, segir Birgitta Jónsdóttir, alþingismaður Hreyfingarinnar og meðlimur þingmannanefndarinnar.

Björn L. Bergsson, settur ríkissaksóknari í málum sem tengjast bankahruninu, staðfestir að ábendingin hafi borist frá þingmannanefndinni. „Þessari skoðun mun ljúka á allra næstu dögum," segir Björn sem kveður Alþingi munu verða gert viðvart um niðurstöðu hans.

Jónas Fr. Jónsson sagði við fréttastofu Stöðvar 2 í gær að ákvörðun þingnefndarinnar um að senda ábendinguna til setts ríkissaksóknara væri „pólitískt sjónarspil".

Birgitta Jónsdóttir undirstrikar að þingmannanefndin sé aðeins að benda á að mál umræddra manna sé ekki í endanlegu ferli. „Ef það er einhver óvissa um eitthvað er alltaf betra að fá það bara hreint," segir hún.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir minnir á að þingmannanefndin hafi sent ýmsum fyrrverandi ráðherrum bréf til að gefa þeim enn kost á að tjá sig. „Skýrsluhöfundar halda enn fast við það að menn hafi sýnt vanrækslu í starfi," segir Ragnheiður.

Þá hefur þingmannanefndin sent forseta Íslands bréf vegna ágreinings um tiltekin atriði. Í ljós hafa komið að sá Al Thani sem forsetinn átti í samskiptum við var ekki sá Al Thani sem tengist meintum falsviðskiptum með hlutabréf í Kaupþingi. Þá hafi ferð með einkaþotu þar sem Ólafur Ragnar Grímsson var skráður farþegi aldrei verið farin. - gar

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÁRÁS ÍSRAELA MÓTMÆLT Á annað hundrað manns mótmæltu mannskæðri árás Ísraela á skipalest sem flutti hjálpargögn til stríðshrjáðra íbúa Gasasvæðisins. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ávarpaði mótmælendur af tröppum ráðuneytisins. Össur segir árásina svívirðilegan glæp og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir hana svo yfirgengilega að hún hljóti að marka tímamót í samskiptum við Ísrael. Sjá síðu 6

Konur eru 37,5 prósent þeirra sem hlutu kosningu til sveitarstjórna um helgina:

Lítil fjölgun kvenna í sveitarstjórnum

KOSNINGAR 192 konur voru kjörnar í sveitarstjórnir um helgina en 320 karlar. Hlutur kvenna er því 37,5 prósent og eykst um 1,5 prósentustig á milli kosninga, var 36 prósent fyrir fjórum árum.

Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir það óneitanlega vonbrigði að hlutur kvenna hafi ekki aukist meira en raun bar vitni. Hún segir jákvætt að hann þokist í rétta átt en markmiðið hljóti að vera að hlutur kvenna sé jafn hlut karla.

Hlutfall kvenna var hærra í þeim 54 sveitarfélögum þar sem voru listakosningar eða 40,5 prósent. Í átján sveitarfélögum voru óhlutbundnar kosningar sem þýðir að allir í sveitarfélaginu voru í kjöri. Þar var hlutur kvenna 35 prósent. Í fjórum sveitarfélögum var sjálfkjörið, en í þeim var stillt upp einum lista. Þar voru níu konur kjörnar í sveitarstjórnir af 20 eða 45 prósent.



„Þessar niðurstöður eru að vissu leyti eftir bókinni, það hefur verið tilhneiging til þess að hlutur kvenna sé betri í stærri sveitarfélögum en verri í þeim smærri, ekki síst er hann verri þar sem eru óhlutbundnar kosningar," segir Kristín.

Konur eru meirihluti fulltrúa í 11 af 76 sveitarfélögum á landinu en karlar í 65 sveitarfélögum. Karlar eru einráðir á einum stað á landinu, í Akrahreppi í Skagafirði. Þar var óhlutbundin kosning og fimm karlar kjörnir í hreppsnefnd.

Hlutfall kvenna er hæst í Reykjavík þegar landið er skoðað eftir kjördæmum, 47 prósent, en lægst í Suðvesturkjördæmi eða 33 prósent. - sbt / sjá síðu 10

Hættir í borgarstjórn:

Ólafur skrifar ævisögu sína

STJÓRNMÁL **„Það er siðferðileg skylda mín að segja mína sögu. Hvort það verður á þessu ári eða því næsta, í bókarformi eða á einhvern annan hátt verður bara að koma í ljós.**

Ég á allavega mikið af heimildum í mínum fórum sem hafa ekki áður komið fram," segir Ólafur F. Magnússon, læknir og fráfarandi borgarfulltrúi, sem ætlar að skrifa ævisögu sína.

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

Ólafi mistókst sem kunnugt er að ná kjöri í borgarstjórn um liðna helgi. Hann segist búast fastlega við því að það eigi eftir að hrikta í einhverjum stoðum nú þegar fréttir berast af skrifum hans. - fgg / sjá síðu 34

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD
Hagnýtt nám á fræðilegum grunni
Umsóknarfrestur til 5. júní

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

SPURNING DAGSINS

Einar, lætur þú aldrei konur einar?

„Já, þú meinar. Að minnsta kosti ekki þessa einu sönnu.“

Einar Skúlason, oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík, fann ástina í kosningabaráttunni en hann auglýsti undir slagorðinu „Þú meinar Einar“.

Langvinn pest hjá íslenska hestinum veldur stórtjóni hjá hestaíþróttamönnum og þjónustuaðilum þeirra:

Milljarða velta tapast vegna frestunar Landsmóts

HESTAR Þrálát veirusýking og bakteríusýking í hestum hefur nú orðið til þess að Landssamband hestamannafélaga hefur aflýst Landsmóti sem hefjast átti í Skagafirði 25. júní.

Haraldur Þórarinsson, formaður sambandsins, segir óbeint fjárhagstjón vegna þess að Landsmótið fellur niður geta hlaupið á milljörðum króna, meðal annars vegna fleiri þúsunda erlendra gesta sem ekki muni heimsækja landið. Hross landsmanna séu hins vegar ekki komin í stand eftir pestina og menn sprungnir á tíma með forkeppnir og annað sem til þurfi. „Stemningin hjá fólki er sú að fá hestana sína góða en ekki að komast á Landsmót,“ segir Haraldur.

Landssambandið mun nú hefja viðræður við Alþjóðasamtök Íslandshestafélaga um að hægt verði að halda Landsmót næsta sumar þótt þá verði einnig heimsmeistaramót á vegum Alþjóðasambandsins ytra. Í gildi er heiðursmannasamkomulag sambandanna um að mótin tvö séu ekki haldin sama sumar heldur sé hvort mót um sig haldið annað hvert ár. Að sögn Haraldar gæti lausnin verið sú að halda Landsmótið fyrr á sumrinu en venjan sé.

„Það er ekkert annað raunhæft í stöðunni að gera en að fresta og við stöndum heilshugar á bak við þá ákvörðun – eins hörmulegt og það er nú fyrir okkur,“ segir Guðmundur Sveinsson, formaður Léttfeta á Sauðárkróki. Hestamenn í Skagafirði hafa unnið hörðum höndum að endurbótum á vallarsvæðinu á Vindheimamelum. Guðmundur segir að ef það takist að halda Landsmótið á næsta ári muni flestar þær framkvæmdir nýtast þá. - gar

Á VINDHEIMAMELUM Ljós í myrkri er að margir útlendingar sem ætluðu á Landsmót munu ætla að halda sínu striki og koma til Íslands í hestaferðir þótt mótið falli niður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sást síðast fyrir tæpri viku:

Lögreglan lýsir eftir unglingi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsir eftir Jóhanni Inga Margeirssyni, fjórtán ára. Til Jóhanns sást síðast miðvikudaginn 26. maí. Þá var Jóhann klæddur í grænar hermannabuxur og hvíta Adidas-peysu.



JÓHANN INGI MARGEIRSSON

Þeir sem kunna að verða Jóhanns varir eru beðnir um að láta lögregluna á höfuðborgarsvæðinu vita í síma 444 1000 eða gera lögreglu á Akranesi viðvart í síma 444 0111.

VR fer þjóðfundarleiðina:

Allir félagsmenn móti kröfurnar

KJARAMÁL Allir félagsmenn VR fá tækifæri til að koma að kröfugerðinni fyrir kjaraviðræðurnar sem í hönd fara. Efna á til opins vettvangs með þjóðfundarfyrirkomulagi.

„Þessi mál hafa vanalega verið á borði fárra manna en ég vil að allir félagsmenn fái að því aðgang,“ segir Kristinn Örn Jóhannesson, formaður VR.

Þannig verði kröfurnar mótaðar í opnu og skilvirku umhverfi og endurspegli þannig vilja almennra félagsmanna. - þþs

SAMGÖNGUR

Concorde fer aftur á loft

Útlit er fyrir að hin þjóðsagnakennda þota Concorde komist aftur á loft eftir tvö ár. Breskir og franskir áhugamenn um flug vinna að málinu. Concorde hefur ekki verið flogið síðan 2003 en þremur árum áður fórust 113 manns með þotu af þessari gerð í París.

Viðræður hefjast í dag um áherslurnar

Besti flokkurinn og Samfylkingin hefja formlegar málefnaviðræður í dag. Almenningi gefst kostur á að koma sínum sjónarmiðum að í gegnum Netið. Í Hafnarfirði hittast Samfylking og Vinstri græn í dag. Langt komið í Kópavogi.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Fulltrúar Besta flokksins og Samfylkingarinnar í Reykjavík hittust í gær og komu sér saman um röð leynifunda, sem auglýstir verða sérstaklega. Þar verði málefni væntanlegs meirihluta rædd, en lítið sem ekkert hefur verið tæpt á þeim.

„Við settum upp stundaskrá, enda eru margir málaflokkar sem þarf að fara yfir,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar. Hann segir verða fundað næstu daga um málefni og er bjartsýnn á viðræðurnar.

Óttarr Ólafur Proppé segir fulltrúa flokkanna hafa náð að hittast í gær og búa til ramma utan um áframhaldandi viðræður. Reyna átti að setja saman stundaskrá yfir leynifundi í gær. Hann segir stefnt að því að hefja viðræður um málefni í dag. Menn hafi þó rekið sig á að hlutirnir gangi hægar fyrir sig en ætlað var. „Það er að hluta til vegna þess að við komum ný inn í vinnuna, en síðan hefur gengið illa að fá frið til að vinna.“

Efstu menn á listum munu standa að viðræðunum. Þá er fyrirhugað að opna fyrir athugasemdir almennings á sérstakri heimasíðu skuggaborgarstjórnar.

Líkur á samstjórn allra flokka í Hafnarfirði hafa snarminnkað og í gær ákváðu Samfylkingin og Vinstri græn að hittast til málefnaviðræðna. Þær hefjast í dag. Viðræðurnar eru á frumstigi og allt á huldu varðandi áherslur, hvað þá um embætti.

Bæði Lúðvík Geirsson, núverandi bæjarstjóri, og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, oddviti Vinstri grænna, hafa gefið því undir fótinn að þau verði bæjarstjórar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hvorugur flokkurinn þó sett fram kröfu þar um.

Í Kópavogi ganga viðræður milli Samfylkingar, Vinstri grænna, Næstbesta flokksins og Lista Kópavogsbúa vel og er jafnvel búist við því að tilkynnt verði um nýjan meirihluta á morgun. Fulltrúar flokkanna hittust klukkan 17 í gær og stefndu á langan fund.

„Við höldum okkur við tímaáætlunina og stefnum að því að ljúka viðræðum á miðvikudag,“ segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar.

kolbeinn@frettabladid.is

RÁÐA RÁÐUM SÍNUM Fulltrúar Besta flokksins hittu Samfylkinguna í gærmorgun og unnu svo sín á milli að því að búa til fundaáætlun fyrir vikuna. Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson heilsast hér á fundi á sunnudagskvöldið, en Óttarr Ólafur Proppé er í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

DAGUR B. EGGERTSSON

KVADDI ÞINGHEIM Steinunn Valdís Óskarsdóttir hefur sagt af sér þingmennsku. FRÉTTABLAÐIÐ GVA

Steinun Valdís Óskarsdóttir:

Síðasta ræðan flutt á Alþingi

ALÞINGI Steinunn Valdís Óskarsdóttir flutti sína síðustu ræðu á Alþingi í gær, en hún hefur sagt af sér þingmennsku. Steinunn þakkaði þingmönnum samstarfið á undanförnum árum, en hún settist fyrst á þing árið 2007.

„Ég vil nota þetta tækifæri og hvetja þingheim til að taka til endurskoðunar vinnubrögð, vinnulag og ekki síst það tungutak sem tíðkast allt of oft hér í þessum sal. Til að breyta vinnubrögðum og endurvekja traust þurfa margir að líta í eigin barm,“ sagði Steinunn í ræðu sinni. Spurð hvort hún teldi að fleiri ættu að feta í fótspor hennar sagðist hún ekki vilja hafa skoðun á ákvörðunum annarra. - kóp

Á LYFJUM Ekki kemur fram hvaða önnur áhrif metamfetamín hafði á sniglana. NORDICPHOTOS/AFP

Gáfu sniglum metamfetamín:

Áhrif á minni skýra ávana

VÍSINDI Rannsóknir á áhrifum metamfetamíns á snigla gætu varpað ljósi á hvers vegna sú tegund fíkniefnis er jafn ávanabindandi og raun ber vitni.

Vísindamenn við Washingtonháskóla í Bandaríkjunum rannsökuðu áhrif metamfetamíns á minni snigla, og komust að því að þegar þeir fengu metamfetamín mundu þeir betur það sem þeir höfðu upplifað þegar þeir höfðu fengið eiturlyfið áður.

Metamfetamín þykir auka sjálfsálit og kynferðislega örvun, en vera sérstaklega skaðlegt og ávanabindandi. Vísindamennirnir telja þessi áhrif á minnið lykilinn að því hversu ávanabindandi metamfetamínið er. - bj

ÍTALÍA

Róm verður græn

Gianni Alemanno, borgarstjóri Rómar, kynnti í gær metnaðarfull áform um að borgin verði gerð umhverfisvæn. Dregið verði mjög úr notkun kolvetna og bensín muni heyra sögunni til. Næstu tuttugu árin verður 500 milljónum evra varið í þetta verkefni.

Ný reglugerð um þunglyndislyf tekur gildi í dag:

Lyfin lækka í verði

HEILBRIGÐISMÁL Ríkið mun spara um 200 til 300 milljónir króna á ári með því að niðurgreiða aðeins hagkvæmustu þunglyndislyfin á markaðnum. Reglugerð um breytta greiðsluþátttöku við kaup á lyfjum tekur gildi í dag, en henni er ætlað að draga úr notkun á dýrum þunglyndislyfjum.

ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Um þriðjungur dýrari þunglyndislyfjanna hefur lækkað í verði eftir að reglugerðin var fyrst kynnt. Lækkanirnar eru á bilinu 20 til 63 prósent, að því er fram kom á blaðamannafundi Álfheiðar Ingadóttur heilbrigðisráðherra í gær. Svipuð þróun hefur átt sér stað í Danmörku og Svíþjóð þegar sams konar ráðstafanir hafa verið gerðar.

Í kringum þrjátíu þúsund manns fengu ávísað þunglyndislyfjum á Íslandi í fyrra. Tæpur helmingur þeirra notaði dýrari lyfin. Þeir lyfseðlar sem hafa verið gefnir út fyrir daginn í dag og eru fjölnota munu halda gildi sínu til 1. október.

Fram kom á fundinum að áhersla hafi verið lögð á samstarf við lækna um það að velja hagkvæmasta kostinn í ávísun þunglyndislyfja. Ef þau lyf gagnast ekki viðkomandi sjúklingum geta læknar séð til þess að þeir fái lyfjaskírteini og þannig niðurgreiðslu á dýrari lyfjum. Tryggt er að enginn sjúklingur verði án lyfja í kjölfar nýju reglugerðarinnar, að því er fram kemur í tilkynningu frá ráðuneytinu. - þeb

vodafone

Virkjaðu öflugan golffélaga

Golfdagar í verslun Vodafone í Skútuvogi

Velkomin í verslun okkar í Skútuvogi 2. Ráðgjafar okkar sýna þér hvernig þú getur lækkað forgjöfina og haldið utan um skorið með gsm símanum þínum og gert hann að öflugu hjálpartæki á golfvellinum. Í tilefni golfdaga bjóðum við gagnamagnspakka að eigin vali í kaupbæti.

Púttkeppni

Komdu til okkar í Skútuvoginn og taktu þátt í skemmtilegri púttkeppni. Þeir sem fara holu í höggi eiga möguleika á góðum vinningi.

power to you

Komdu til okkar og lærðu að nota símann þinn rétt á golfvellinum!

Nokia 5230

0 kr. út
og 2.890 kr. á mánuði
Staðgreitt: 33.900 kr.

Nokia E52

0 kr. út
og 5.090 kr. á mánuði
Staðgreitt: 59.990 kr.

iPhone

0 kr. út
og 12.500 kr. á mánuði
Staðgreitt: 146.990 kr.

GENGIÐ 31.05.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	128,82	129,44
Sterlingspund	186,62	187,52
Evra	158,41	159,29
Dönsk króna	21,29	21,414
Norsk króna	19,96	20,078
Sænsk króna	16,483	16,579
Japanskt jen	1,4068	1,415
SDR	189,03	190,15

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,8821
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forseti Þýskalands sagði af sér í gær og lét samstundis af embætti:

Kom öllum í opna skjöldu

ÞÝSKALAND Ákvörðun Horsts Köhler, forseta Þýskalands, um að segja af sér og láta strax af embætti á sér ekkert fordæmi í sögu Þýskalands.

Angela Merkel kanslari segist hafa reynt án árangurs að telja honum hughvarf.

Köhler segir ástæðuna vera þá hörðu gagnrýni sem hann varð fyrir eftir að hann lét umdeild ummæli falla í útvarpsviðtali nýverið um þátttöku þýska hersins í stríðsrekstrinum í Afganistan.

HORST KÖHLER

Þar sagðist hann í grundvallaratriðum sáttur við störf þýska hersins í Afganistan, en bætti því við að þýski herinn geti stundum þurft að grípa til aðgerða til að verja viðskiptahagsmuni Þjóðverja.

Í yfirlýsingu, sem Köhler sendi frá sér í gærmorgun, segir hann leitt að þessi orð sín hafi verið misskilin. Verra sé þó þegar gagnrýnendur segi hann styðja það, að herinn sé notaður til verka sem stangast á við stjórnarskrá Þýskalands.

„Þessi gagnrýni er ekki á neinn hátt réttlætanleg. Í hana skortir nauðsynlega virðingu fyrir embætti mínu," segir í yfirlýsingunni.

Við embættinu tekur til að byrja með Jens Böhmsen, sem er forseti Sambandsráðsins, efri deildar þýska þjóðþingsins. - gb

Fárviðri í Mið-Ameríku:

Um hundrað manns fórust

HAMFARIR Að minnsta kosti 99 hafa farist í flóðum og aurskriðum af völdum hitabeltisstormsins Agóthu í Mið-Ameríku. Gvatemala varð verst úti en þar hafa 89 látið lífið. Níu fórust í El Salvador og að minnsta kosti átta í Hondúras, að sögn breska ríkisútvarpsins BBC.

Hitabeltisstormurinn gekk á land frá Kyrrahafi á laugardag með miklu úrhelli og jók á skaða sem hafði orðið vegna eldgoss í Gvatemala. Lægðin er að grynnka en miklu regni er spáð á svæðinu næstu daga. - bs

Sigrún Björk Jakobsdóttir:

Hættir vegna mikils fylgistaps

AKUREYRI Sigrún Björk Jakobsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins á Akureyri, ætlar að víkja sem slík og tekur ekki sæti í nýkjörinni bæjarstjórn. Tekur hún þá ákvörðun í ljósi mikils fylgistaps flokksins í kosningunum á laugardag. Sjálfstæðisflokkurinn fékk einn mann kjörinn en hafði fjóra á liðnu kjörtímabili.

SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR

Sigrún Björk varð bæjarfulltrúi fyrir átta árum. Hún gegndi embætti bæjarstjóra Akureyrar árin 2007 til 2009.

Ólafur Jónsson héraðsdýralæknir tekur sæti Sigrúnar í bæjarstjórn en hann var annar maður á lista. „Þar er góður maður á ferð," segir Sigrún í yfirlýsingu sem hún sendi fjölmiðlum í gær. - bþs

Nýr skóli í Úlfarsárdal:

Dalskóli skal hann heita

SKÓLAMÁL Nýr skóli, sem tekur til starfa í Úlfarsárdal í sumarlok, hefur fengið nafnið Dalskóli. Hann verður allt í senn leik- og grunnskóli og frístundaheimili.

Um miðjan apríl var efnt til nafnasamkeppni á vef Reykjavíkurborgar og meðal íbúa í Úlfarsárdal. Alls bárust 127 tillögur að nafni á skólann, þar af þrjár þar sem lagt var til að skólinn skyldi heita Dalskóli. Starfshópur fór yfir allar tillögur og valdi skólanum nafn.

Hátt í áttatíu börn hefja nám í leik- og grunnskólanum nýja í haust. - shá

Selja erlendar eigur og kaupa íbúðabréf

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðanna batnar og heildarskuldir ríkisins minnka. 26 lífeyrissjóðir kaupa íbúðabréf sem Seðlabankinn keypti heim frá Lúxemborg. Sölunni lauk á sunnudag eftir lokað útboð. Aðdragandi var skammur.

VIÐSKIPTI Um helgina náðist samkomulag um kaup 26 lífeyrissjóða á íbúðabréfum í eigu ríkissjóðs. Kaupin voru kynnt á blaðamannafundi í Seðlabanka Íslands í gærmorgun. Lífeyrissjóðirnir greiða fyrir í evrum sem nemur 88 milljörðum króna. Heildarnafnverð bréfanna er 90,2 milljarðar króna.

Meðal annars er um að ræða bréf sem ríkissjóður og Seðlabankinn eignuðust með samningum við Seðlabanka Lúxemborgar og skiptastjóra Landsbankans í Lúxemborg 18. maí. Landsbankinn hafði áður sett bréfin inn í félagið Avens B.V. og notað sem veð fyrir lánum frá Seðlabankanum í Lúxemborg. Þá er um að ræða skuldabréf sem ríkissjóður og Seðlabankinn eignuðust í kjölfar bankahrunsins.

„Þessi samningur er gerður í þeim tilgangi að styrkja gjaldeyrisvaraforða þjóðarinnar," sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri þegar kaupin voru kynnt. Fram kom í máli hans að stuttur aðdragandi hafi verið að kaupunum og að setið hafi verið við samningaborðið um helgina, meðan aðrir voru með hugann við sveitarstjórnarkosningar og Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Þegar Seðlabankinn kynnti samkomulagið við seðlabankann í Lúxemborg sagði Már að bréfin yrðu seld í opnu ferli þar sem ekkert lægi á. Í máli hans í gær kom fram að við nánari skoðun hafi það ekki reynst mögulegt, vegna skilmála sem setja hafi þurft og óvissu sem uppi væri um afhendingartíma bréfanna. Í máli Más kom fram að með samkomulaginu lækki bæði heildarskuldir og hreinar skuldir þjóðarbúsins um rúmlega 3,5 prósent af landsframleiðslu. Skuldir ríkissjóðs í erlendri mynt aukist hins vegar um sem nemi rúmlega 3,5 prósentum af landsframleiðslu. Á móti batnar gjaldeyrisstaða ríkissjóðs og Seðlabankans um sem nemur 5,5 prósentum af landsframleiðslu. „Með þessum viðskiptum má líta svo á að ríkissjóður hafi fjármagnað sig á kjörum sem jafngilda 0,75 prósenta föstum vöxtum til 15 ára," sagði seðlabankastjóri.

Lífeyrissjóðirnir selja erlendar eignir og greiða 549 milljónir evra fyrir bréfin. Við það eykst gjaldeyrisforði Seðlabankans um 82 milljarða króna (512 milljónir evra) eða um 17 prósent.

Salan fór fram í lokuðu útboði sem lauk sunnudaginn 30. maí. Öllum almennu lífeyrissjóðunum í landinu var boðin þátttaka. Þeir einir tóku ekki þátt sem ekki eiga erlendar eignir til að standa undir kaupunum. „Samkomulagið greiðir fyrir afnámi gjaldeyrishafta en undirstrikar um leið þann mikla styrk sem felst í því fyrir Ísland að hafa svo öfluga lífeyrissjóði sem raun ber vitni. Þeir hafa með þátttöku sinni lagt þungt lóð á vogaskálar þeirrar efnahagslegu endurreisnar sem nú stendur yfir hér á landi," sagði Már.

olikr@frettabladid.is

KAUPIN KYNNT Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða (LL), Arnar Sigurmundsson, formaður LL, Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tilboð sem ekki var hægt að hafna

„Lífeyrissjóðirnir bæta tryggingafræðilega stöðu sína töluvert með þessum viðskiptum," segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka um kaup 26 lífeyrissjóða á íbúðabréfum af ríkinu fyrir evrur. Á kynningarfundi Seðlabankans var tryggingafræðileg staða þeirra talin batna um eitt til tvö prósent. „Í lok mars nam eign þeirra í íbúðabréfum 384 milljörðum króna og miðað við þá tölu eykst hún um um það bil 23 prósent við þessi viðskipti. Á móti minnka erlendar eignir þeirra. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna námu 554 milljörðum króna í lok mars og ef miðað er við gengi evru á þeim tíma má lauslega áætla að hlutfall erlendra eigna af hreinni eign sjóðanna til greiðslu lífeyris lækki um nálægt sjö prósentustig og verði í kringum 23 prósent af hreinni eign þeirra til greiðslu lífeyris. Er það svipað hlutfall og í ársbyrjun 2005. Ólíklegt er að okkar mati að lífeyrissjóðirnir hafi áhuga á að minnka þetta hlutfall frekar með sölu erlendra eigna í bráð," segir enn fremur í umfjöllun bankans.

HRAFN MAGNÚSSON

Kjörin á bréfunum sem lífeyrissjóðirnir kaupa eru betri en bjóðast hér á markaði. Á kynningunni á kaupunum í gær sagði Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, að ávöxtunin væri „geysilega góð" og að lífeyrissjóðirnir hafi einfaldlega fengið „tilboð sem ekki var hægt að hafna". Hrafn segir ákvörðun hvers og eins sjóðs hvaða erlendu eignir verði seldar til að standa undir kaupunum, en almennt sé þar um að ræða auðseljanleg hlutabréf. Sjóðirnir kaupa mismikið af bréfum, en hlutdeild hvers og eins er í hlutfalli við stærð þeirra og erlendar eignir. - óká

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veður-fréttamaður

BJARTVIÐRI
Það léttir til víða um land þegar líður á morgundaginn og lítur út fyrir bjart veður á landinu fram að helgi að minnsta kosti. Ef spár ganga eftir má gera ráð fyrir að hiti fari yfir 20 stig í innsveitum norðaustanlands á föstudaginn.



HEIMURINN

Alicante	27°
Basel	26°
Berlín	13°
Billund	18°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	14°
Kaupmannahöfn	14°
Las Palmas	25°
London	14°
Mallorca	26°
New York	27°
Orlando	32°
Ósló	20°
París	18°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

Ilmandi sumartilboð

Yankee Candle loksins fáanlegt á Íslandi.
Yfir 40 mismunandi ilmkerti !

YANKEE CANDLE
a passion for fragrance

15% kynningarafsláttur

Kerti sem endast!

Ilmur í fataskápinn

Ilmstrá

Sumarilmur 2010

Úrval fylgihluta

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

KJÖRKASSINN

Er sjómannadagurinn hátíðardagur í þínum huga?

Já	59,9%
Nei	40,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á Ísland að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael?

Segðu skoðun þína á visir.is

Bandarískir vísindamenn telja rannsóknir á nýju bóluefni geta lofað góðu:

Bóluefni við brjóstakrabbameini

LÆKNISFRÆÐI Bandarískir vísindamenn segjast hafa þróað bóluefni sem komi í veg fyrir brjóstakrabbamein í músum. Næsta skref er að hefja tilraunir á mönnum.

Niðurstöðurnar voru birtar í fagtímaritinu Nature Medicine. Að sögn ónæmislæknis sem stýrði rannsókninni er bóluefninu beint gegn prótíni sem finnst iðulega í brjóstakrabbameini. Í rannsókninni voru erfðabreyttar mýs sem var hætt við krabbameini sprautaðar með tvenns konar bóluefni. Annað innihélt mjólkurhvítu en hitt ekki. Engar músanna sem sprautaðar voru með mjólkurefninu fengu krabbamein en allar hinar. „Ef bóluefnið virkar hjá konum eins og hjá músum mun það marka vatnaskil í læknisfræðinni," segir Vincent Tuohy hjá Cleveland Clinic Lerner Research Institute. „Við vonumst til þess að einn góðan veðurdag getum við bólusett konur fyrir brjóstakrabbameini, rétt eins og við bólusetjum börn fyrir ýmis konar sjúkdómum."

BRJÓSTASKOÐUN Á hverju ári greinast um 110 íslenskra konur með brjóstakrabbamein.

Vísindamennirnir leggja áherslu á að þróun bóluefnisins sé skammt á veg komin og þó nokkur ár þangað til það yrði aðgengilegt almenningi.

- bs

Samtök foreldra í Reykjavík:

Nýr formaður hjá SAMFOK

FÉLAGSMÁL Guðrún Valdimarsdóttir hagfræðingur var kosin nýr formaður SAMFOK á aðalfundi félagsins á fimmtudag en Hildur B. Hafstein gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku.

SAMFOK eru samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík og annast upplýsingar og ráðgjöf um skóla- og uppeldismál til foreldrafélaga og annarra. Helstu markmið samtakanna eru að standa vörð um réttindi barna til menntunar og beita sér fyrir auknum áhrifum foreldra á skólastarf. **- shá**

SKIPAFERÐIR STÖÐVAÐAR Ísraelskir hermenn sigla upp að einu skipi lestarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Árás Ísraela vekur upp hörð viðbrögð

Árás á skipaflota í Miðjarðarhafi kostaði níu manns lífið. Alþjóðastofnanir, stjórnvöld og mannréttindasamtök fordæma árásina. Palestínski rithöfundurinn Susan Abulhawa kennir alþjóðasamfélaginu um það hvernig komið er.

ÍSRAEL Níu manns létu lífið í árás ísraelskra hermanna á skipalest á Miðjarðarhafi í gærmorgun. Skipalestin var á leið til Gasa með hjálpargögn og 700 manns, þar á meðal fjölda þekktra friðarsinna og rithöfunda.

„Ísrael hafði ekki nokkurn rétt til að gera þetta," segir Susan Abulhawa, palestínskur rithöfundur sem var stödd hér á landi í gær til að kynna bók sína, Morgnar í Jenín. Henni var mjög brugðið við fréttirnar enda þekkir hún fólkið sem stendur að baki hreyfingunni Free Gaza.

„Ég kenni alþjóðasamfélaginu um það hvernig staðan er. Það hefur leyft Ísraelsmönnum að fara sínu fram án þess að það hafi minnstu afleiðingar. Ég held að núna þurfi þeir heldur ekki að takast á við neinar afleiðingar. Ríkisstjórnir munu fordæma árásirnar og ákveða að hefja rannsókn á því hvað fór úrskeiðis, en munu láta þar við sitja."

Árásin hefur vakið hörð viðbrögð víða um heim.

Tyrkland kallaði sendiherra sinn heim frá Ísrael og í Grikklandi, Egyptalandi, Svíþjóð, Spáni og Danmörku voru sendiherrar Ísraels kallaðir á fund ráðamanna og krafðir skýringa.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var kallað saman á aukafund og Ban Ki–moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, fordæmdi árásina og Catherine Ashton, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, sagði aðildarríki þess áhyggjufull.

Þá sagðist William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, harma drápin og krafðist þess að einangrun Gasasvæðisins verði aflétt.

Hér heima skorar félagið Íland-Palestína á íslensk stjórnvöld að slíta þegar í stað stjórnmálasambandi við ísraelsk stjórnvöld.

Yfirmenn í ísraelska hernum fullyrða að ráðist hafi verið á ísraelska hermenn með bareflum, hnífum og skotvopnum þegar þeir komu um borð. Fólk um borð hélt því hins vegar fram að ísraelski herinn hafi byrjað að skjóta að fyrra bragði.

Um borð voru fjölmargir þekktir friðarsinnar, rithöfundar og fræðimenn, þar á meðal sænski sakamálahöfundurinn Henning Mankell og norður-írski friðarverðlaunahafinn Mairead Corrigan Maquire.

Fjórir af níu sænskum ríkisborgurum, sem voru með í för, voru strax fluttir í fangelsi en hinum fimm gert að velja milli þess að verða dregnir fyrir dóm eða skrifa undir yfirlýsingu og vera síðan vísað samstundis úr landi.

gudsteinn@frettabladid.is

Utanríkisráðherra tekur undir kröfur um að árás Ísraela verði rannsökuð í þaula:

Fordæma árásina harðlega

UTANRÍKISMÁL „Þetta er svívirðilegur glæpur," segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra í samtali við Fréttablaðið um árás Ísraela á skipalestina á Miðjarðarhafi. „Þarna var ráðist með vopnum á fólk sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sér."

Össur sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hann tók undir kröfur, meðal annars frá Evrópusambandinu og Sameinuðu þjóðunum, um að árásin verði rannsökuð í þaula. Þá krefjast íslensk stjórnvöld þess að Ísrael aflétti herkvínni á Gasa nú þegar.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir að atburðir gærdagsins hljóti að verða til þess að „alþjóðasamfélagið geti ekki lengur horft undan eins og það hefur gert alltof lengi í málefnum Ísraelsmanna. Þetta hlýtur að leiða til tímamóta í samskiptum við Ísrael. Þetta er svo yfirgengilegt."

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Össur sat í gærkvöld fund utanríkismálanefndar, sem var kölluð saman vegna atburðanna. „Ég átti mjög góðan fund með utanríkismálanefnd þar sem kom fram sterk áhersla á það að við reyndum að ná fram sem víðtækastri samstöðu um afstöðu," segir Össur Skarphéðinsson. „Þar komu fram ýmsar athyglisverðar hugmyndir um það hvernig við getum tjáð okkar afstöðu, og þær er nefndin að skoða."

Hann vildi ekki staðfesta hvort þar kæmi meðal annars til greina að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael.

Nefndin heldur framhaldsfund í hádeginu í dag þar sem afstaða verður tekin, og hún síðan kynnt í utandagskrárumræðu sem hefst á Alþingi klukkan tvö.

- gb

SUMAR ÚTSALA

Gerið gæða- og verðsamanburð

SVEFNSÓFAR

Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**

NÝTT

BOAS
Leður hægindastóll
79.900
Nokkrir litir

Lyftu hægindastóll
129.900

Ný sending

SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

IQ-CARE

EIN BESTA HEILSU-DÝNA Í HEIMI

Queen rúm
nú aðeins kr. **179.900**

VALHÖLL/FREYJA
Góð rúm á frábæru verði

Ný sending

Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**

20-50%
AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur,
sængurverasett,
heilsukoddar, viðhaldskoddar,
íslenskir PU leðurgaflar,
náttborð og fleira.

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum

GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI

Íslenskir PU leðurbotnar
og gaflar. Íslensk framleiðsla.

Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa

6 mán.
vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hve hátt hlutfall landsmanna er í skóla?*
2. *Fyrir hvaða keppni stendur Magnús Guðbergur Jónsson?*
3. *Hvenær fóru með sigur af hólmi á fyrsta stigamóti Golfsambandsins um síðustu helgi?*

SJÁ SVÖR Á BLAÐSÍÐU 34

Líf og fjör í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum þegar Stöð 2 bauð til veislu:

Margmenni á fjölskyldudegi

FÓLK Vildaráskrifendur Stöðvar 2 og fjölskyldur þeirra gerðu sér glaðan dag í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á laugardaginn. Áætlað er að um tuttugu þúsund manns hafi verið í garðinum þegar mest var, í blíðskaparveðri.

Boðið var upp á dagskrá fyrir börn á öllum aldri. Íþróttaálfurinn og Solla stirða mættu úr Latabæ og léku listir sínar, Sveppi og Villi stigu á stokk, Ingó og Veðurguðirnir léku fyrir dansi og Skoppa og Skrítla kættu yngstu gestina. Ókeypis var í öll tæki og boðið var upp á pylsur og drykki með. - sh

VEL MÆTT Unga fólkið skemmti sér konunglega yfir skemmtiatriðunum.

Tilraun á vegum Velferðarráðs:

Fatlaðir ráða sjálfir sitt fólk

FÉLAGSMÁL **Velferðarráð Reykjavíkur hefur samþykkt að íbúar í íbúðum fyrir fatlaða á Sléttuvegi fái val um að ráða sjálfir til sín fólk sér til aðstoðar. Um tilraunaverkefni í þjónustu fyrir fatlaða er að ræða og fjármagn sem annars færi í hefðbundna þjónustu verður nýtt í þessum tilgangi.**

Verkefnið hefst 1. júlí og stendur yfir í ár. Lagt verður mat á reynslu af verkefninu á tilraunatímanum. Áfram verður boðið upp á hefðbundna þjónustu fyrir þá sem það vilja. - shá

Sæluvika í Svartaskógi

21.–28. ágúst

Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

Verð á mann í tvíbýli

159.300 kr.

Innifalið: Flug til Basel með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli. Gisting á 4* Hotel Bären með fullu fæði allan tímann og íslensk fararstjórn.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Orkuveita Reykjavíkur

Velkomin í Nesjavallavirkjun í allt sumar

Gestamóttaka okkar verður opin frá kl. 9.00 til 18.00 alla daga frá 1. júní til 31. ágúst.
Sendið bókanir fyrir hópa á gestir@or.is eða leitið upplýsinga í síma 516 7508.

Við hlökkum til að sjá þig. www.or.is

Sumarhappdrætti Krabbameinsfélagsins

Dregið 17. júní 2010

167 skattfrjálsir vinningar að verðmæti 24.415.000 kr.

TOYOTA

Steinunn farin fyrir fullt og allt en þrjú bíða átekta

FRÉTTASKÝRING

Hver er staða þingmannanna sem fóru í tímabundið leyfi?

Steinunn Valdís Óskarsdóttir lét af þingmennsku í gær eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að umræða um styrkjamál hennar yfirgnæfði störf hennar á þingi og gerði henni ókleift að rækja skyldur sínar.

Talsvert er um liðið síðan Steinunn upplýsti um styrkjamál sín en umræðan um þau magnaðist á nýjan leik í kjölfar útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Í henni er fjallað um eitt og annað sem snýr að tengslum stjórnmálamanna og viðskiptalífsins.

Steinunn er eini þingmaðurinn sem hefur sagt af sér störfum eftir að skýrslan kom út. Þrír þingmenn eru hins vegar í tímabundnu leyfi vegna þess sem stendur í henni eða tengdrar umræðu. Það eru Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingunni, og sjálfstæðisþingmennirnir Illugi Gunnarsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Þremenningarnir tóku sér leyfi frá þingstörfum á grundvelli 53. greinar þingskaparlaga. Í henni segir: „Ef þingmaður forfallast svo nauðsyn krefji að varamaður hans taki sæti hans á meðan skal hann tilkynna forseta það bréflega og jafnframt gera grein fyrir í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara.“ Aðstæður þingmannanna þriggja eru misjafnar. Rannsóknarnefndin taldi Björgvin hafa sýnt af sér vanrækslu í embætti viðskiptaráðherra en sérstök þingmannakjörin nefnd hefur það verkefni að fara betur í saumana á störfum Björgvins (og annarra þingmanna) og meta hvort eitthvað beri að aðhafast. Þar til niðurstaða þingmannanefndarinnar liggur fyrir, sem að líkindum verður í sumarlok eða haust, ætlar Björgvin að vera í tímabundnu leyfi.

Illugi var stjórnarformaður peningamarkaðssjóða á vegum Glitnis. Rannsóknarnefndin vísaði málum sem tengjast slíkum sjóðum til áframhaldandi rannsóknar. Þar til niðurstaða rannsakenda liggur fyrir ætlar Illugi að vera í tímabundnu leyfi. Óvíst er hvenær rannsókninni lýkur.

Getið er um Þorgerði Katrínu í skýrslunni vegna bankaláns sem eiginmaður hennar tók til hlutabréfakaupa í Kaupþingi þar sem hann var framkvæmdastjóri. Í bréfi til þingforseta sagðist Þorgerður taka sér leyfi á meðan mál hennar væru til umfjöllunar á yfirstandandi þingi. Virðist hún sumsé ætla að snúa til baka í haust.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir ótal fordæmi fyrir því að þingmenn fari í leyfi og fyrir því liggi margvíslegar ástæður. Kveðst hann telja þremenninganna hafa fært þinginu ágætar skýringar á ástæðum leyfa sinna. Þau uppfylli skilyrði laganna.

Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, segist aðspurð telja eðlilegt að þingmenn geti tekið sér ótímabundin leyfi. Slíkt hafi viðgengist í gegnum árin og svo verði á meðan þingsköpin séu óbreytt.

Rétt er að geta þess að þingmennirnir þrír þiggja engin laun frá Alþingi á meðan á leyfunum stendur.

bjorn@frettabladid.is

Í LEYFI Björgvin G. Sigurðsson, Illugi Gunnarsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hafa öll tekið sér leyfi frá þingstörfum. MYNDIN ER SAMSETT.

Eitt framboð með meirihluta í tveimur þriðju hluta sveitarfélaga:

Sjálfstæðisflokkur oftast í meirihluta

KOSNINGAR Í 36 sveitarfélögum af þeim 54 þar sem kosið var listakosningu náði einn listi hreinum meirihluta, eða í tveimur þriðju sveitarfélaga. Í 13 þessara sveitarfélaga er Sjálfstæðisflokkur í meirihluta, í tveimur náði Framsóknarflokkur meirihluta, Hornafirði og Rangárþingi eystra, en Samfylking státar af hreinum meirihluta í einu sveitarfélagi, Sandgerði. Í tuttugu sveitarfélögum náðu framboðslistar meirihluta sem eru skipaðir fólki úr fleiri en einum stjórnmálaflokki eða fólki utan flokka.

Sveitarfélögin þar sem Sjálfstæðisflokkurinn er með hreinan meirihluta eru í Suðvesturkjördæmi: Álftanes, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Í Norðvesturkjördæmi: Bolungarvík, Húnaþing vestra, Snæfellsbær og Vesturbyggð. Loks eru sjálfstæðismenn í meirihluta í Árborg, Garði, Hveragerði, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum í Suðurkjördæmi. - sbt

L er vinsælasti listabókstafurinn

Listarnir tuttugu sem náðu hreinum meirihluta eru ýmist nýir eða hafa boðið fram áður. Nöfn þeirra eru fjölbreytileg en listabókstafurinn L er vinsælastur.

- Skoðað eftir kjördæmum náðu hreinum meirihluta í Norðvesturkjördæmi L-listi fólksins á Blönduósi, L-listi Bæjarmálafélagsins Samstöðu á Grundarfirði, E-listi Nýs afls í Húnavatnshreppi, L-listinn í Stykkishólmi, J-listi Félagshyggjufólks í Strandabyggð, L-listinn í Súðavíkurhreppi.
- Í Norðausturkjördæmi voru það L-listi fólksins á Akureyri, L-Lýðræðislistinn í Arnarneshreppi og Hörgárbyggð, J-Framboðslisti óháðra á Dalvík, H-listinn í Eyjafjarðarsveit, M-Mývatnslistinn í Skútustaðahreppi og A-listi Samstöðu í Þingeyjarsveit.
- Í Suðurkjördæmi náðu svo meirihluta T-listi Tímamóta í Bláskógabyggð, R-listi Ráðdeildar, raunsæis og réttsýni í Flóahreppi, C-listi Lýðræðissinna í Grímsnes- og Grafningshreppi, H-listi Samstarfshóps um sveitarstjórnarkosningar í Hrunamannahreppi, B-listi Framfarasinna í Mýrdalshreppi, Á-listi Áhugafólks um sveitarstjórnarkosningar í Rangárþingi ytra, Ó-listi Skaftárhrepp á kortið í Skaftárhreppi og K-listi Farsælla framfarasinna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Þriðji hver einstaklingur, 70 ára og eldri, sér fjölskyldu sína í skýi

Aldurstengd hrörnun í augnbotnum (AMD) er algengasta orsök blindu og sjónskerðingar á Íslandi.

AMD greinist hjá 50 ára og eldri og meira hjá konum en körlum og er orsök 57% alvarlegrar sjónskerðingar hér á landi. AMD skerðir mest miðjusjónina, eða lessjónina. Að geta ekki keyrt, ekki lesið eða borið kennsl á andlit eru oftast fyrstu alvarlegu vandamálin sem fólk með AMD þarf að glíma við. Sjúkdóminn er ekki hægt að lækna en í vissum tilfellum er hægt að hindra að sjónskerðingin versni. Einn af hverjum þremur sem nær 70 ára aldri getur reiknað með því að greinast með AMD. Þetta hlutfall eykst hratt með hækkandi aldri, þannig greinast fjórir af hverjum fimm sem ná 90 ára aldri með AMD. Mikilvægt er að greina AMD sem fyrst, en fyrsta greining á sér yfirleitt stað hjá augnlæknum. Á vegum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, í húsi Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17, fer meðal annars fram sjónathugun, ráðgjöf, þjálfun, endurhæfing og úthlutun hjálpartækja.
Þrjú verðlaunafræðslumyndbönd um AMD má sjá á heimasíðu Blindrafélagsins: http://www.blind.is/fraedin/visindagreinar/nr/1109

Þú styrkir Blindrafélagið og málefni þess með því að kaupa miða í vorhappdrætti félagsins. Stuðningur til sjálfstæðis!

Hugtök Markaðsráðgjöf Maí 2010

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, er samfélagslegt afl – mannréttindasamtök – sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi og að þeim sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgrar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins. Blindrafélagið fjármagnar starfsemi sína að langmestu leyti með sjálfsaflafé. Þar gegnir happdrætti félagsins veigamiklu hlutverki. Með því að kaupa happdrættismiða tekur þú virkan þátt í að styðja blinda og sjónskerta einstaklinga á öllum aldri til sjálfstæðis og stuðlar þannig að auknum lífsgæðum þeirra og um leið betra samfélagi.

Miði í vorhappdrætti Blindrafélagsins er kominn í heimabankann þinn.

Í rafrænum skjölum í heimabankanum þínum geturðu séð happdrættismiðann. Dregið verður í happdrættinu þann 11. júní nk. en það er sami dagur og eindagi kröfunnar. Vinningar í happdrættinu eru glæsilegir, alls um 200 talsins. Þar á meðal eru tveir bílar, 125 ferðavinningar og 70 gistivinningar. Heildarverðmæti vinninga er um 50 m. kr.

Þinn stuðningur er mikilvægur

Blindrafélagið þarf að afla 80-90% af tekjum sínum með fjáröflunum til að geta haldið úti nauðsynlegri starfsemi og þjónustu.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Frekari upplýsingar á www.blind.is og í síma 525 0000.
Vinningaskrá birt á síðu 290 í textavarpi sjónvarpsins og á www.blind.is

Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • Fax 525 0001 • www.blind.is • Netfang blind@blind.is

BLÁÞRÖSTUR Á TRJÁTOPPI Efst á furutré skammt frá bænum Cremona í Kanada mátti sjá þennan bláþröst tylla sér stundarkorn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Malabar, einn öflugasti togbátur franska sjóhersins, hafði stutta viðdvöl í Reykjavík:

Sinnir fiskveiðieftirliti og dregur kafbáta

FISKVEIÐAR „Á stuttum tíma munum við fara um borð í tug skipa sem stunda karfaveiðar á Reykjaneshrygg. Fiskveiðieftirlit er eitt meginverkefni þessa skips, þótt það sé hluti af franska sjóhernum," segir Philippe Guéna, skipherra franska dráttarbátsins Malabar sem kom til hafnar í Reykjavík í liðinni viku.

Skipið hafði viðkomu í Reykjavík áður en haldið var til veiðieftirlits á Reykjaneshrygg á vegum Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

Malabar er annar tveggja öflugustu dráttarbáta franska sjóhersins og eru um fjörutíu manns í áhöfn. Uppistaðan er ungir menn og ein stúlka sem eru að afla sér menntunar í ýmsum fræðum sem tengjast sjómennsku. Skipherrann óttast ekki að stúlkan fái of mikla athygli frá öðrum áhafnarmeðlimum. „Ég lít heldur ekki á áhöfn skipsins út frá kyni, þetta eru allt sjómenn," segir skipherrann.

Um borð eru fiskveiðieftirlitsmenn á vegum NEAFC frá Englandi, Litháen og Frakklandi, en fjölþjóðlegur floti er við veiðar á Hryggnum nú eins og löngum.

Sem togbátur sinnir Malabar ýmsum verkefnum og eitt þeirra er að taka kafbáta í tog. Báturinn getur tekið skip upp að fimmtíu þúsund tonnum í tog, en það er háð veðri og vindum, segir Guéna skipherra. - shá

PHILIPPE GUÉNA SKIPHERRA Malabar er 51 metra langur dráttarbátur og tilheyrir franska sjóhernum. Fiskveiðieftirlit í alþjóðlegri lögsögu er eitt af meginverkefnum skipsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

25% afsláttur í júní

Nafnspjöld

kaup

Þetta er sýnishorn af nafnspjaldi

betri kaup

Þetta er sýnishorn af nafnspjaldi

250stk ~~12.975~~kr

með 25% afslætti 9.731kr

Verð er gefið upp án vsk. og aksturs. Verð getur breyst án fyrirvara. Rétt verð má sjá á www.oddi.is. Allir uppgefnir vinnslutímar miðast við samþykki lokaprófarkar og afhendingu vöru inn á afgreiðslulager Odda. Vinnslutímar geta tekið breytingum. Birt með fyrirvara um prentvillur. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Hlutur kvenna í nýafstöðnum kosningum

14,5% Konur eru í meirihluta í sveitarstjórnum í 11 af 76 sveitarfélögum landsins



ÓDÝR VINNUFATNAÐUR

ÞJARKUR VINNUFÖT

9616 KW408
SMÍÐAVESTI
Litur: Khaki
Stærðir: S - XXXL
Verð 4.549 kr.

9623 0210
SAMFESTINGUR
Litir: Blár/svartur eða grár/svartur
Stærðir: 48 - 66
Verð 5.648 kr.

9616 KW301
MARGVASABUXUR
Litur: Khaki
Stærðir: 46 - 64
Verð 4.534 kr.

9628 2250
SLOPPUR
Litur: Blár
Stærðir: XS - XXXL
Verð 2.442 kr.



Opið alla virka daga 8–17

Knarrarvogi 4 | 104 Reykjavík | 533 6030 | thjarkur.is

Fæstar konur í Kraganum

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum er lægst í Suðvesturkjördæmi þegar landið er skoðað eftir kjördæmum. Það er hæst í Reykjavík eða 47 prósent.

KOSNINGAR Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum er mishátt þegar landið er skoðað eftir kjördæmum. Í Reykjavík eru sjö borgarfulltrúar af fimmtán konur, sem þýðir að hlutur kvenna er 47 prósent. Næsthæst er hlutfallið í Norðvesturkjördæmi. Þar eru 72 konur af 171 sem í sveitarstjórn sitja eða 42 prósent. Í Norðaustur- og Suðurkjördæmi eru tæplega 39 prósent fulltrúa í sveitarstjórnum konur, 54 af 139 í Norðausturkjördæmi og 51 af 132 í Suðurkjördæmi. Hlutur kvenna er verstur í Suðvesturkjördæmi en þar eru átján sveitarstjórnarfulltrúar af 55 konur eða 32,7 prósent fulltrúa.

Alls voru 512 kjörnir í sveitarstjórnir í kosningunum síðastliðinn laugardag, þar af 192 konur eða 37,5 prósent. Hlutur kvenna jókst lítillega milli kosninga, en hann var 36 prósent eftir kosningarnar 2006. Listakosningar voru í 54 sveitarfélögum og voru 160 konur þar kosnar til setu í sveitarstjórnum af 398 fulltrúum alls. Hlutur kvenna er því 40,5 prósent í þessum sveitarfélögum. Í átján sveitarfélögum voru óhlutbundnar kosningar sem þýðir að allir í sveitarfélaginu voru í kjöri. 94 sveitarstjórnarmenn voru kjörnir í sveitarstjórnir í þeim, þar af 33 konur eða 35,1 prósent. Í fjórum sveitarfélögum var sjálfkjörið, en í þeim var stillt upp einum lista. Þar voru níu konur kjörnar í sveitarstjórnir af 20 eða 45 prósent fulltrúa.

Konur eru meirihluti fulltrúa í 11 af 76 sveitarfélögum landsins en karlar í 65 sveitarfélögum. Karlar eru einráðir á einum stað á landinu, í Akrahreppi í Skagafirði. Þar voru fimm karlar kjörnir í hreppsnefnd. sigridur@frettabladid.is

Einkynja listar úr sögunni

KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR

„Þetta er skref í rétta átt en þó vonbrigði að aukning kvenna skuli ekki vera meiri," segir Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu. Hún segir markmiðið hljóta að vera að hlutur kvenna sé eins nálægt helmingi og hægt er. Ýmislegt jákvætt megi þó nefna og þá helst að einkynja framboðslistar virðast vera úr sögunni. Sú gagnrýni sem Sjálfstæðisflokkurinn í Garðabæ fékk eftir að karlar röðuðust þar í efstu sæti endurspegli það, en í Garðabæ varð niðurstaðan sú að kona var færð í efsta sæti listans.

Kristín segir hlut kvenna í sveitarstjórnum að vissu leyti vera eftir bókinni, hluturinn hafi yfirleitt verið bestur í þéttbýli þó að blæbrigðamunur sé á því. Hann hafi yfirleitt verið lakari þar sem ekki er listakosning.

„Mér þykir brýnt að við förum yfir aðstæður sveitarstjórnarmanna með það í huga að gera setu í sveitarstjórnum meira aðlaðandi og að hún kalli á bæði kynin," segir Kristín.

Nýskráningum félaga fækkar:

Færri gjaldþrot í apríl en mars

VINNUMARKAÐUR Færri ný einkahlutafélög voru skráð í aprílmánuði en í mars, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Alls voru 119 félög skráð í apríl en 164 í mars. Í apríl 2009 voru skráð 189 einkahlutafélög. Alls hafa 588 ný einkahlutafélög verið skráð fyrstu fjóra mánuði ársins.

Þá voru 62 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í apríl, en þau voru 107 í mars. Í apríl árið 2009 voru 85 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta. **- kóp**

Einn þekktasti organisti heims, David Sanger, látinn eftir ásakanir um barnaníð:

Orgelráðgjafi Hörpu fannst látinn

BRETLAND Heimsfrægur organisti, sem vann sem ráðgjafi við uppsetningu orgels í tónlistarhúsið Hörpu, fannst látinn á laugardag. Organistinn, David Sanger, hafði fyrr í vikunni mætt fyrir rétt, sakaður um að hafa misnotað gróflega unga drengi árin 1978 til 1982.

Breska blaðið Daily Telegraph greinir frá málinu, og segir að Sanger hafi fundist á heimili sínu í bænum Embleton. Rannsókn hafi ekki leitt neitt grunsamlegt í ljós.

Sanger var formaður Konunglegu organistasamtakanna í Bretlandi, sem vernduð eru af drottningunni, prófessor við Konunglegu tónlistarakademíuna í Bretlandi og hefur verið gestaprófessor víða. Hann hefur gefið út yfir tuttugu hljómplötur og hefur verið kallaður einn farsælasti orgelleikari heims.

Hann var handtekinn fyrr í maí eftir að lögreglunni bárust kærur á hendur honum fyrir kynferðisbrot frá fyrri tíð. Hann mætti fyrir rétt á fimmtudag og var sleppt gegn tryggingu. Hann átti næst að mæta fyrir dóminn 21. júlí.

Fram kemur í frétt Daily Telegraph að Sanger hafi undanfarið starfað sem ráðgjafi við uppsetningu nýs orgels í Bach-stíl í Háskólanum í Strathclyde, sem og við „nýtt orgelverkefni fyrir Íslenska tónlistarhúsið í Reykjavík“. **- sh**

DAVID SANGER Gaf út yfir tuttugu hljómplötur og var stundum kallaður einn farsælasti orgelleikari heims.

Dómarastarf auglýst:

Hjördís hættir í Hæstarétti

DÓMSTÓLAR **Hjördís Hákonardóttir hæstaréttardómari lætur af störfum 1. ágúst næstkomandi á grundvelli 61. greinar stjórnarskrárinnar, sem kveður meðal annars á um að dómarar megi láta af störfum þegar þeir hafa náð 65 ára aldri. Hjördís verður 66 ára í ágúst.**

HJÖRDÍS HÁKONARDÓTTIR

Hjördís var skipuð dómari við Hæstarétt 1. maí 2006 en hafði áður unnið ýmis dómstörf. Hún hafði tvívegis áður sótt um embætti hæstaréttardómara. Í fyrra skiptið var Ólafur Börkur Þorvaldsson skipaður og í síðara skiptið Jón Steinar Gunnlaugsson.

Staðan hefur verið auglýst laus til umsóknar. - sh

Á LEIÐ TIL HAÍTÍ Elín og Oddfríður eiga erfiða en gefandi daga fyrir höndum.
MYND/RAUÐI KROSSINN

Rauði krossinn sendir hjálp:

Starfa á Haíti út júnímánuð

HJÁLPARSTARF Tveir íslenskir hjúkrunarfræðingar, þær Elín Jakobína Oddsdóttir og Oddfríður Ragnheiður Þórisdóttir, halda í dag til starfa fyrir Rauða krossinn á Haítí. Þær verða báðar við störf á sjúkrahúsi finnska og þýska Rauða krossins í Port-au-Prince út júnímánuð.

Elín mun starfa sem bráðahjúkrunarfræðingur en Oddfríður sem deildarhjúkrunarfræðingur. Fyrir á sjúkrahúsinu er Margrét Rögn Hafsteinsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur og Bjarni Árnason bráðalæknir.

Með Elínu og Oddfríður eru 19. og 20. hjálparstarfsmennirnir sem Rauði kross Íslands sendir til Haítí í kjölfar jarðskjálftans mikla sem reið yfir 12. janúar með skelfilegum afleiðingum fyrir land og þjóð. **- shá**

SUÐURLAND

Skátar fá bæjarstarfsmann

Sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps hefur ákveðið að ungmenni allt að átján ára geti fengið starf hjá unglingavinnunni. Aldursmarkið er hækkað þar sem útlit fyrir aðra sumarvinnu er ekki gott. Þá hefur sveitarstjórnin samþykkt beiðni Útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfljótsvatni um að fá til sín starfsmann úr unglingavinnunni í sumar.

Einkabankinn í símann þinn á l.is

Nú getur þú sinnt bankaviðskiptum í símanum þínum, hvar og hvenær sem er. Það er einfalt að skoða yfirlit yfir stöðu reikninga og kreditkorta, framkvæma millifærslur, kaupa inneign fyrir GSM síma, sækja PIN-númer fyrir VISA kreditkort, greiða inn á kreditkort og fletta upp í þjóðskrá.

Farðu inn á l.is og prófaðu Einkabankann í símanum þínum. Innskráning er með sama hætti og þegar farið er í Einkabankann í tölvunni þinni. Þú skráir notendanafn, lykilorð og auðkennisnúmer og þar með er fyllsta öryggis gætt.

EINKABANKINN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM41760

FORSETI Á KAJAK Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti er gamall keppnismaður í róðri og sýnir þarna gamla takta. NORDICPHOTOS/AFP

Ólafur Þ. Harðarson prófessor gagnrýnir vinnubrögð kjörstjórnar í Reykjavík:

Kjörstjórn bjó til óþarfa skekkju

KOSNINGAR Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, segir óskiljanlegt hve talning kjörseðla gekk hægt í Reykjavík á kosninganótt og gagnrýnir að útstrikuð atkvæði hafi ekki verið talin með öðrum í fyrstu tölum. Hann kallar eftir samræmdum vinnubrögðum kjörstjórna í landinu.

Ólafur segir óþarft að beita aðferð sem býr til skekkju eins og kjörstjórnin í Reykjavík gerði þegar hún hélt kjörseðlum með útstrikunum utan við fyrstu tölur.

ÓLAFUR Þ. HARÐARSON

Rökin fyrir því að birta tölur áður en talningu lýkur séu þau að veita almenningi upplýsingar og það þurfi þá að vera marktækar upplýsingar. Engin ástæða hafi verið til að taka breyttu seðlana frá. Vegna þess hve útstrikanir voru margar og hve ójafnt þær dreifðust hafi fyrstu tölur gefið óljósa mynd af stöðu flokkanna. Talsverð breyting varð þegar næstu tölur birtust en þá voru liðnar meira en þrjár klukkustundir frá lokun kjörstaða.

Ólafur segir að kjörstjórnir leggi mikla áherslu á að lagalegum skilyrðum sé fullnægt og það takist yfirleitt vel. Hins vegar virðist þær ekki átta sig á að við lifum í upplýsingasamfélagi. Kjörstjórnir þurfi að leggja áherslu á að sinna vel upplýsingaskyldu við almenning. - pg

Jarðlangsstaðir á Mýrum:

Sinubruninn sveið 13 hektara

NÁTTÚRA Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa kannað umfang og útbreiðslu sinubrunans sem varð í landi Jarðlangsstaða á miðvikudag. Alls brunnu 13,2 hektarar af algrónu landi.

Mestur hluti svæðisins var vaxinn allt að þriggja metra háu birkikjarri. Flatarmál þess er samtals 8,6 hektarar sem eru tveir þriðju hlutar svæðisins sem varð eldinum að bráð. Votlendið sem brann er 3,3 hektarar að flatarmáli. - shá

Koma fólks frá Haítí til Íslands:

Líklegt að þrjú komi í sumar

STJÓRNSÝSLA Horfur eru á að þrír Haítíbúar komi til landsins í sumar og setjist hér að.

Í kjölfar jarðskjálftans á Haítí ákváðu íslensk stjórnvöld að taka á móti fólki þaðan á grundvelli fjölskyldusameiningar. Stóðu lög til móttöku skyldmenna tveggja kvenna frá Haítí sem hér búa.

Breyttir persónulegir hagir kvennanna settu málið í óvissu en að sögn Marðar Árnasonar, formanns flóttamannanefndar, er að greiðast úr máli annarrar þeirrar.

Eru góðar líkur á að þrjú skyldmenni hennar, tveir fullorðnir og eitt barn, komi til landsins í júní eða júlí.

Mál hinnar konunnar eru enn í óvissu. - bþs

Krefjast afsagnar þingmanns:

Hlær að kröfum ungliða

STJÓRNMÁL **Ungir framsóknarmenn í Skagafirði hafa skorað á Guðmund Steingrímsson alþingismann að segja af sér vegna ummæla um forystu flokksins um helgina. Þá krefjast ungir framsóknarmenn í Húnavatnssýslum þess að hann biðjist afsökunar.**

Guðmundur sagðist í samtali við Vísi í gær ekki geta annað en hlegið yfir kröfum ungliðanna. „Það er nú illa komið fyrir flokknum ef menn þyrftu að biðjast afsökunar fyrir að segja skoðun sína. Í rauninni var ég að segja mjög einfaldan og augljósan hlut.“ Hann segist ekki hafa heyrt í Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni vegna ummæla sinna. Sigmundur vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið.

- þeb

Þátttaka í sögulegu lágmarki

Kjörsókn í sveitarstjórnarkosningum hefur aldrei verið minni en á laugardag. Um 73,1 prósent atkvæðabærra manna kaus. Sýnir óánægju kjósenda með flokkana og stjórnmálin almennt segir stjórnmálafræðingur.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig var kjörsóknin í kosningunum á laugardag samanborið við síðustu kosningar, og hversu hátt var hlutfall auðra seðla og ógildra?

Aðeins ríflega 73,1 prósent atkvæðabærra manna nýtti kosningarétt sinn í sveitarstjórnarkosningunum á laugardag, samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins. Það er langlægsta hlutfallið í sveitarstjórnarkosningum frá upphafi.

Þátttakan í kosningunum er mun minni en í síðustu sveitarstjórnarkosningum, sem fram fóru árið 2006. Þá kusu 78,7 prósent, 5,6 prósentustigum fleiri en í kosningunum síðastliðinn laugardag.

Hlutfall auðra og ógildra var mun lægra í kosningunum 2006 en í kosningunum á laugardaginn. Árið 2006 skiluðu um 1,9 prósent auðu, og 0,4 prósent til viðbótar skiluðu ógildum kjörseðli. Samanlagt voru því auðir og ógildir árið 2006 ríflega 2,3 prósent.

Af þeim sem mættu á kjörstað síðastliðinn laugardag kusu ríflega 5,7 prósent að skila auðu. Um 0,5 prósent til viðbótar gerðu kjörseðil sinn ógildan með einhverjum hætti. Samanlagt voru því auðir og ógildir seðlar um 6,2 prósent. Það er 3,9 prósentustigum meira en í kosningunum 2006.

Léleg þátttaka og hátt hlutfall auðra seðla er sterk vísbending um að kjósendur hafi víða verið óánægðir með þá kosti sem í boði voru og stjórnmálin almennt, segir Grétar Þór Eysteinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.

Hann segir að óánægja kjósenda hafi komið glöggt í ljós í þessum kosningum. Auk þess að mæta illa á kjörstað og skila oftar auðu en áður, sýndu kjósendur það með því að kjósa framboð ótengd stóru stjórnmálaflokkunum fjórum, segir Grétar Þór.

Nokkur sveitarfélög skáru sig úr hvað varðar lélega kjörsókn eða fjölda auðra seðla. Í Hafnarfirði, Kópavogi, Álftanesi, Mosfellsbæ og Akranesi var kjörsóknin undir 70 prósentum. Almennt virðist kjörsóknin hafa verið minni á höfuðborgarsvæðinu en í stærri sveitarfélögum á landsbyggðinni.

Af sveitarfélögum með yfir 1.000 íbúa var kjörsóknin langsamlega verst í Hafnarfirði. Þar kusu aðeins 65 prósent kosningabærra manna. Af þeim sem þó komu á kjörstað og kusu skiluðu 13,6 prósent auðu, og 0,9 prósent til viðbótar skiluðu ógildum kjörseðlum.

Kjörsóknin var nærri meðaltali í Reykjavík, 73,4 prósent, en eðlilega getur kjörsóknin þar ekki verið mjög langt frá landsmeðaltali, enda kjósendur þar um 40 prósent kosningabærra manna á landinu öllu. Auðir seðlar í Reykjavík voru 5,1 prósent, nokkru undir landsmeðaltalinu, enda fjöldi framboða sem ekki voru tengd stóru stjórnmálaflokkunum í boði í borginni.

Kjörsóknin var talsvert minni í Kópavogi, þrátt fyrir gott úrval af framboðum. Þar kusu 68,7 prósent fólks á kjörskrá. Af þeim sem kusu skiluðu 6,2 prósent auðu.

Enn fleiri skiluðu auðu á Álftanesi, 11,2 prósent. Kjörsókn var einnig afar slök, þrátt fyrir mikil átök í bæjarstjórninni á kjörtímabilinu, og mætti aðeins 66,1 prósent af tæplega 1.700 kosningabærum mönnum á kjörstað.

Besta kjörsóknin í sveitarfélögum með yfir 1.000 íbúa var í Snæfellsbæ, þar sem 86,5 prósent greiddu atkvæði. Samkvæmt upplýsingum sem lágu fyrir í gær var enginn auður seðill eða ógildur í kjörkössunum í Snæfellsbæ, en mögulega gætu þær tölur breyst.

Á landinu öllu var þó kjörsóknin best í Kjósarhreppi, þar sem tæplega 94 prósent þeirra 159 sem voru á kjörskrá í hreppnum greiddu atkvæði.

brjann@frettabladid.is





Þróun kosningaþátttöku í sveitarstjórnarkosningum 1974 til 2010.

Heimild: Hagstofa Íslands

Allir 7. bekkingar Landakotsskóla hjóluðu saman upp í Bláfjöll og gistu eina nótt:

Fóru létt með tólf tíma ferð

SKÓLASTARF „Þetta var virkilega gaman en þetta tók líka á. Við vorum sex klukkutíma hvora leið,“ segir Magnús Pálsson, nemandi í 7. bekk Landakotsskóla, sem leiddi fjórtán bekkjarfélaga sína í hjólaferð upp í Bláfjöll í liðinni viku.

Allir sem einn úr bekknum tóku þátt í ferðinni sem tókst frábærlega, að sögn Guðbjargar Magnúsdóttur, umsjónarkennara bekkjarins. Gist var eina nótt í skála Breiðabliks í Bláfjöllum. Í sjöunda bekk eru fimmtán krakkar, sex strákar og níu stelpur, en auk Guðbjargar voru fjórir sjálfboðaliðar á vegum Hjólafærni á Íslandi með í för. Stefanía Traustadóttir kennari hefur veg og vanda af skipulagningu ferðanna en með þeim vill hún efla vitund ungs fólks um sjálfbæra, umhverfisvæna, heilsubætandi og ánægjulega ferðamennsku.

„Það var kvöldvaka í skálanum og við horfðum á Eurovision. Það myndaðist fín stemning,“ segir Magnús þegar hann er spurður um hvað menn gerðu sér til dundurs í skálanum í Bláfjöllum og ekki duldist blaðamanni að ferðin var mikið ævintýri fyrir hópinn allan. - shá

ÖFLUGUR HÓPUR Hér fer Magnús fyrir bekkjarfélögum sínum. Hann segir enga keppni hafa verið á milli strákanna en hann var eigi að síður fyrstur upp eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

TOYOTA Á ÍSLANDI 40 ÁRA

LJÓSMYNDAKEPPNI TOYOTA

Ertu með gott auga fyrir Toyota?

TOYOTA

Í tilefni þess að Toyota á Íslandi er 40 ára verður blásið til ljósmyndakeppni. Þema keppninnar er Gleði, bjartsýni og jákvæðni.

Til að taka þátt þarftu að koma til söluaðila Toyota á Íslandi, reynsluaka Toyota og taka mynd þar sem sést í bílinn eða hluta hans og einn eða fleiri sem taka þátt í reynsluakstrinum. Myndirnar skulu teknar á stafræna myndavél og ekki vera minni en 2 MB. Myndunum skal skilað á netfangið: ljosmyndakeppni@toyota.is

Glæsileg verðlaun eru í boði:

1. sæti Canon EOS 550D m/ EF-S 18-55 IS linsu, að verðmæti 189.900 kr.
2. sæti Canon EOS 450D m/ EF-S 18-55 IS linsu, að verðmæti 142.995 kr.
3. sæti Canon EOS 1000D m/ 18-55 linsu, að verðmæti 107.995 kr.
4. sæti Canon PIXMA MP560 A4 fjölnota ljósmyndaprentari, að verðmæti 27.995 kr.
5. Sæti Canon PIXMA iP4700 A4 ljósmyndaprentari, að verðmæti 19.900 kr.

Skilafrestur er til 18:00 mánudaginn 7. júní 2010 og úrslit verða kynnt á Afmælissýningu Toyota laugardaginn 12. júní 2010.

Nánar um þátttökureglur má finna á heimasíðu Toyota á Íslandi, www.toyota.is

Sérstök afmæliskjör

Meðan á ljósmyndakeppninni stendur bjóðast sérstök afmæliskjör hjá Toyota á Íslandi. Kynntu þér málið hjá sölumönnum.

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 50344 05/10

2010 TOYOTA DRIVE www.toyota.is

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Today
Tomorrow
Toyota

skoðun

greinar@frettabladid.is

Auglýsingar ungra bænda eru vonandi ekki fyrirboði þess sem koma skal í ESB-umræðunni:

Yfirgripsmikið þekkingarleysi

Samtök ungra bænda birtu dálítið sláandi auglýsingar í blöðunum á föstudaginn. Mynd af brynvörðum fallbyssubíl með eftirfarandi fyrirsögn: „Við viljum ekki senda afkomendur okkar í Evrópusambandsherinn.“ Lesendur, sem gengu kannski út frá því að höfundar auglýsingarinnar vissu um hvað þeir væru að tala, hefðu getað ætlað að í fyrsta lagi væri til eitthvað sem héti Evrópusambandsherinn, og í öðru lagi að gangi Ísland í ESB, verði ungt fólk skyldað í hann.

En auglýsendurnir vita augljóslega ekki um hvað þeir eru að tala. Evrópusambandið hefur engan sameiginlegan her. Sambandið hefur á sínum snærum hraðsveitir, samansettar úr herjum aðildarríkja sem vilja leggja þeim lið. Sveitunum er ætlað að stilla til friðar á ófriðarsvæðum, og hafa sinnt friðargæzlu í nokkrum löndum. Sumir stjórnmálamenn í ESB hafa áhuga á að auka þetta samstarf. En ESB-her er ákaflega fjarlægt stefnumið og raunar ólíklegt að aðildarríkin nái nokkurn tímann um það samstöðu.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það truflar ekki Samtök ungra bænda. Formaður þeirra, Haukur Helgi Hauksson, sagði hér í blaðinu á laugardag að þetta væri eitt af því, sem þyrfti að ræða þegar fjallað væri um aðild Íslands að ESB. Þó að nú væri stefnt á ákveðið fyrirkomulag segði það ekki til um hvað gerðist í framtíðinni!

Þetta er eins og að splæsa í auglýsingu um að Samtök ungra bænda vilji alls ekki láta flytja íslenzku þjóðina á Jótlandsheiðar – svona af því að ekki er hægt að útiloka að sú hugmynd komi upp aftur í framtíðinni.

Í viðtali við RÚV sagði Helgi Haukur: „Við þurfum væntanlega við aðild að Evrópusambandinu að undirgangast þessa svokölluðu common security and defense policy væntanlega eins og aðrar stefnur Evrópusambandsins. Það náttúrulega gerir það að verkum að við verðum ekki lengur herlaus þjóð eins og við höfum verið.“

Þessi ummæli opinbera svo yfirgripsmikið þekkingarleysi að erfitt er að vita hvar á að byrja að leiðrétta bullið. Ísland myndi vissulega undirgangast utanríkis- og öryggismálastefnu ESB við aðild – og ætti ekki í neinum vandræðum með það. Ísland á nú þegar umtalsvert samstarf við ESB á grundvelli stefnunnar, án þess að örlað hafi á hugmyndum um íslenzkan her. ESB-aðild hefur ekkert slíkt í för með sér, eins og hefur alla tíð legið skýrt fyrir, ekki frekar en vera Íslands í hernaðarbandalaginu NATO í sex áratugi. Verði Ísland aðildarríki ESB, ræður það því eftir sem áður sjálft hvort það hefur her.

Við þetta má svo bæta því, sem ungum bændum er hugsanlega ekki kunnugt, að aðeins sjö af 27 ríkjum ESB hafa herskyldu – það er sömuleiðis aðildarríkjunum í sjálfsvald sett.

Ungir bændur hljóta að hafa skárri rök fyrir andstöðu sinni við aðild að ESB en svona bull. Vonandi eru auglýsingarnar þeirra ekki fyrirboði um það, sem koma skal í umræðum um aðildarumsókn Íslands. Sú umræða verður að byggjast á staðreyndum og þekkingu, ekki langsóttum framtíðarskáldskap.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lítil framsókn

Endurnýjun Framsóknarflokksins í fyrra hefur ekki hleypt því lífi í fylgi flokksins sem vonast var til. Guðmundur Steingrímsson, þingmaður flokksins, segir að forysta flokksins eigi að taka úrslitin til sín og hugsa sinn gang. Sumir telja að þarna sé Guðmundur farinn að leggja drögin að enn meiri endurnýjun innan flokksins og renni hýru auga til formannsembættisins. Eins og kunnugt er voru bæði faðir og afi Guðmundar formenn Framsóknarflokksins.

Uppfærð útgáfa

Þetta gæti komið sér vel fyrir Framsóknarflokkinn sem hefur lengi glímt við þann ímyndarvanda að þykja of gamaldags. Það ætti að minnsta kosti að höfða til yngri kjósenda að bjóða upp á þriðju kynslóðarútgáfu af flokknum – Framsókn 3G.

Til of mikils ætlast?

Dagur B. Eggertsson segir að sigur Besta flokksins í borgarstjórnarkosningum sé fyrst og fremst krafa um breytingar. Þá kröfu beri að virða. Hanna Birna Kristjánsdóttir tekur í svipaðan streng. Í borgarstjórnarflokki Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks urðu hins vegar engar breytingar; enginn nýr fulltrúi tekur sæti í borgarstjórn fyrir þeirra hönd. Hversu vel eru alls óbreyttir flokkar í stakk búnir til að svara ákalli um breytingar?

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Uppköst og dramatík

Unglinga-drykkja

Kolbrún Baldursdóttir
sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði

Uppköst og dramatík eru gjarnan þema unglingasamkvæma þar sem áfengi er haft um hönd. Ósjaldan gerist það að unglingur sem hefur drukkið meira en hann ræður við, verður veikur og þarf að kasta upp. Eins er ekki óalgengt að undir áhrifum áfengis eigi dramatík í tengslum við ástamálin það til að ná hæstu hæðum. Skemmtanalýsingar af þessu tagi eru vissulega ekki einskorðaðar við unglinga. Fullorðnir eru oft ekki barnanna bestir í þessum efnum.

Í unglingasamkvæmum þar sem krakkarnir eru að drekka áfengi tekur sá sem ekki neytir áfengis gjarnan að sér að hjálpa félögum sínum sem drukkið hafa meira en góðu hófi gegnir. Hjálpin felst í því að styðja og hugga grátandi vini, róa þá sem eru æstir eða reiðir, nú eða halda hári frá andliti þeirra sem þurfa að kasta upp.

Í umræðu um málefni unglinga og forvarnir er of sjaldan minnst á þennan hóp. Um er að ræða einstaklinga sem hafa meðvitað ákveðið að áfengi skuli ekki vera hluti af þeirra lífsstíl og gildir þá einu hvort það sé núna, í framtíðinni eða þegar þeir verða löggildir áfengiskaupendur.

Það er mikið álag að vera í sporum þeirra unglinga sem vilja standast hópþrýsting en óttast á sama tíma að vera hafnað af hópnum ef ákvörðun þeirra um áfengislaust líferni gengur gegn meirihlutanum. Mæti þeir ekki í partý óttast þeir að félagsleg staða þeirra kunni að komast í uppnám. Þeir vilja vera með en upplifa sig, eðli málsins samkvæmt, vera utanveltu. Að taka að sér hlutverk huggarans, sáttasemjarans og aðstoðarmanns er því skárri kostur en að sitja heima og finnast maður einmana og vinalaus.

> Hjálpin felst í því að styðja og hugga grátandi vini.

Huga þarf betur að þessum hópi því margir eiga í baráttu við sjálfan sig og umhverfið. Samfélagið getur stutt betur við bakið á þeim til dæmis með því að minnast oftar á þau í almennri umræðu, hvetja þau til að halda ótrauð sínu striki og einnig að hvetja aðra unglinga til að taka þau sér til fyrirmyndar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Ljósmyndanámskeið fyrir börn og unglinga

Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára
Farið í myndaleiðangra og ljósmyndir teknar, myndirnar fluttar í tölvu og unnið úr þeim og þær síðan prentaðar eða settar á vefinn. *Vika í júní eða ágúst.*
Lengd: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 17.900

Myndabandavinnsla fyrir 9-14 ára
Alls konar skemmtilegar vídeómyndir teknar á stafræna myndavél eða vídóevél og þær fluttar í tölvu til klippingar, úrvinnslu og birtingar á vefnum. *Vika í júní eða ágúst.*
Lengd: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 17.900

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 • www.tv.is

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Eins og ósmalaðir kettir í kringum heitan graut

Stjórnmál

Svavar Gestsson
fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins

Þegar úrslit sveitarstjórnarkosninga liggja fyrir er það hefðbundið að allir formenn flokka á Íslandi eru ánægðir með úrslitin. Þeir finna alltaf einhver sveitarfélög þar sem flokkum þeirra gekk vel þó þeim hafi gengið mjög illa á einhverjum mjög mikilvægum stöðum. Þannig fór nú.

Allir flokksformennirnir reyndu að berja í brestina. Sjálfstæðisflokkurinn er ánægður að vonum með að hafa fest eða jafnvel endurheimt meirihluta víða, en talar þá ekki í sama orðinu um að flokkurinn sé minni í Reykjavík í borgarstjórnarkosningum en nokkru sinni fyrr og að hafa tapað margra áratuga gömlum meirihlutum á nokkrum stöðum. Framsóknarflokkurinn getur á sama hátt bent á sveitarfélög þar sem vel gekk, en sleppir því að benda á þann veruleika að Framsóknarflokkurinn beið afhroð á þéttbýlissvæðinu. Samfylkingin bendir á að hafa unnið góðan kosningasigur á Akranesi en ræðir ekki í sama orðinu um að hafa tapað meirihlutanum í Hafnarfirði sem hefur verið flaggskip Samfylkingarinnar. Vinstri grænir geta afar vel við unað víða; festu fylgi sitt og bættu við og hafa lykilstöðu í mörgum bæjarfélögum eins og í Hafnarfirði sem í þessum kosningum verður eitt sterkasta vígi Vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu. Öðru vísi mér áður brá – VG hafði um 2% í Hafnarfirði 2002! En VG menn nefna hvorki Reykjavík né Akureyri til marks um staði þar sem vel gekk; það var nú eitthvað annað.

En viðbrögð flokksformannanna voru afar hefðbundin. Og þó: Ekki Jóhönnu: Hún sagði: Endalok fjórflokksins. Hvað þýðir það? Vill hún fimmflokk eða vill hún þríflokk? Af því er gömul reynsla sem við Jóhanna höfum bæði að ákvarðanir ofan frá um að jarða fjórflokkinn hafa yfirleitt misheppnast. Það er af því að fjórflokkurinn er ekki til sem stofnun. En stundum tekst öðrum að halda því fram að það sé sami rassinn undir þeim öllum. Það er sérstaklega auðvelt í sveitarstjórnum þar sem munurinn á flokkunum sést illa.

En það jákvæða við ummæli Jóhönnu á kosninganótt var það að hún opnaði fyrir umræðu. Flokkarnir þurfa nú að fara í gegnum umræðu. Viðbrögð Sjálfstæðisflokksins sýna að hann ætlar ekki í gegnum umræðu; Sjálfstæðisflokkurinn er fullkominn sem fyrr að eigin mati. Formaður Framsóknarflokksins er sáttur við niðurstöðuna en Guðmundur Steingrímsson opnaði fyrir endurmat: Flokksremban er ekki rétt svar við vandanum, sagði Guðmundur. En það var einmitt það sem Jóhanna átti við, er það ekki? Nú þarf að skoða málin alvarlega, ekki endurmeta stefnumálin endilega, heldur koma þeim skýrt á framfæri. Vandi flokkanna í þessum kosningum var sá að þeir voru svo hræddir við Besta flokkinn að þeir þorðu ekki að tala um málefni, fóru eins og ósmalaðir kettir í kringum heitan graut. Kosningar eiga að snúast um málefni. Flokkarnir settu málefnin ekki á dagskrá eins skýrt og þeim ber skylda til.

> Vandi flokkanna í þessum kosningum var sá að þeir voru svo hræddir við Besta flokkinn að þeir þorðu ekki að tala um málefni, fóru eins og ósmalaðir kettir í kringum heitan graut.

AF NETINU

Getur Samfylkingin lært?

Viðbrögð Jóhönnu Sigurðardóttur við ófórum flokkanna í kosningunum voru þau einu í tengslum við veruleikann. Úti að aka voru Steingrímur J. Sigfússon, Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Mér sýnist af bloggi og fésbók, að kjósendur Samfylkingarinnar læri meira af úrslitunum en kjósendur annarra flokka. Kannski leiðir það til samstarfs um meirihluta í Reykjavík. Samfylkingin getur náð aftur sambandi við þjóðina. Þá þarf hún að losa sig úr Evrópuferðinni, stuðla að sönnu stjórnlagaþingi, vernda auðlindirnar og afneita Blair-isma græðginnar. Hinir flokkarnir neita að viðurkenna ósigur.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Fjórflokkurinn er veruleiki

Þetta er semsagt mjög lífseigt kerfi, lifði til dæmis af alþingiskosningarnar sem voru stuttu eftir hrunið. Sumir stjórnmálafræðingar hafa jafnvel talað eins og það sé inngróið inn í erfðaefni þjóðarinnar. En kosningunum í gær kom fram stærsta ögrun sem þetta kerfi hefur orðið fyrir – og það náttúrlega vel hugsanlegt að það kunni að endurtaka sig í þingkosningum. Að þá geti nýtt framboðsafl kollvarpað kerfinu. Kosningarnar í gær sýna að það er hægt – þess vegna eru þær svo mikil ógnun við fjórflokkakerfið.

silfuregils.eyjan.is

Egill Helgason

JARÐHITI OG ÍSLENSKI ORKUIÐNAÐURINN

Starfsemi Magma á Íslandi

Opinn hádegisfundur verður haldinn miðvikudaginn 2. júní kl. 12:00 – 13:00 í Háskólanum í Reykjavík, Nauthólsvík, Antares.

Á fundinum fjalla Ásgeir Margeirsson og Andrea Zaradic um starfsemi Magma á Íslandi, nýtingu jarðhita og möguleika íslensks orkuiðnaðar í alþjóðlegu samfélagi. Fundurinn fer fram á ensku og gefst tími til spurninga og umræðna að loknum fyrirlestrunum.

DAGSKRÁ:

- **Ásgeir Margeirsson**, forstjóri Magma á Íslandi
- **Andrea Zaradic**, framkvæmdastjóri rekstrar og þróunar Magma Energy Corporation
- Almennar umræður

Fundarstjóri er **Gunnar Guðni Tómasson**, forseti tækni- og verkfræðideildar HR

ALLIR VELKOMNIR!

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

Auglýsingasími 512 54 01

FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...

MEKATRÓNÍK

Mekatróník tæknifræði er háskólanám og boðið er upp á námið í samstarfi við Háskóla Íslands, sem útskrifar nemendur skólans. Nám til mekatróník tæknifræðings hjá Keili tekur tæp þrjú ár og hægt er að klára B.Sc. gráðu á tveimur árum. Kennsla og verklegar æfingar fara fram í fyrsta flokks aðstöðu í nýuppgerðum kennslustofum Keilis á Ásbrú. Aðstaða til náms og rannsókna er með því sem best gerist hér á landi.

Námið er lánshæft hjá LÍN.
Nánari upplýsingar á keilir.net

Umsóknarfrestur er til 7. júní 2010.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

Blinda augað horfir víða

Háskólamál

Hákon Hrafn Sigurðsson
dósent við Háskóla Íslands

Jón Ólafsson, prófessor við Háskólann á Bifröst, skrifaði grein um vanda Háskóla Íslands í Fréttablaðið þriðjudaginn 18. maí. Í kjölfar Skýrslunnar held ég að það sé mjög gott að staða og hlutverk allra háskóla landsins sé rædd á opinberum vettvangi. Jón kemst að þeirri niðurstöðu að helsti vandi HÍ sé sá að hann sé stórfyrirtæki sem stundi ekki nægilega sjálfsgagnrýni og nefnir þar sérstaklega Viðskiptafræðideild. Ekki hef ég orðið var við það að smáfyrirtæki stundi sjálfsgagnrýni frekar en stórfyrirtæki. Að auki eru menntastofnanir ekki stórfyrirtæki. Innan slíkra stofnana þarf að stunda sjálfsgagnrýni og hún hefur ekki verið nægileg innan HÍ. Það er rétt hjá Jóni en skýrist miklu frekar af mjög takmörkuðum stuðningi ríkisins við skólann frekar en af stærð hans. Það er staðreynd að framlög til háskóla á Íslandi eru einungis 60-70% af því sem gerist í nágrannalöndum okkar, sé miðað við hlutfall af þjóðarframleiðslu (Education at a Glance 2009). Þetta þýðir einfaldlega það að til að reka HÍ eins og OECD löndin gera þyrfti framlag ríkisins að aukast um 6-7 milljarða. Þessi ömurlegu rekstrarskilyrði kalla hreinlega á það að starfsfólk skólans standi saman og verji grunnþjónustu skólans. Þá lendir sjálfsgagnrýnin aftar og fer aðallega fram á HI-starf póstlistanum.

Í Skýrslunni kemur bæði fram að allt háskólasamfélagið hafi verið allt of veikt í aðdraganda hrunsins og einnig að skólar á háskólastigi hafi sprottið upp eftirlitslaust. Það má skrifa á fyrrverandi menntamálaráðherra. Verra er að núverandi stjórnvöld hafa ekki brugðist á neinn hátt við þessu og því virðist það vera stefna áfram að hafa háskólasamfélagið máttlítið og dreifa veikum kröftum á marga staði. Ríkið þarf að efla sína háskóla en ekki veikja þá. Ríkið veitir hærra hlutfalli af þjóðarframleiðslu til svokallaðra einkaskóla á háskólastigi en Norðurlöndin gera og því þarf augljóslega að breyta ef við viljum læra eitthvað af nágrönnum okkar. Ríkið gæti t.d. rekið háskóla í Reykjavík og á Akureyri. Lítil háskólasetur víða um land geta einnig sinnt staðbundum rannsóknum. Auðvitað á ekki að leggja niður aðra skóla. (Ríkis)háskólinn í Reykjavík hefur verið að gera mjög góða hluti á sumum sviðum og það væri gott ef eigendur hans (VÍ, SA og SI ásamt Róberti Wessman) gætu rekið skólann án ríflegra ríkisstyrkja. Það hefur þessum pilsfaldakapitalistum ekki tekist þrátt fyrir að hafa fengið einn ríkisskóla gefins. Síðasta úttekt ríkisendurskoðunar sýndi að kostnaður á nemenda í einkaskólunum er mun hærri en í sambærilegu námi við HÍ. Svo kvartar þetta sama fólk undan afskiptum ríkisins á öðrum sviðum. En að leggja niður deildir í HÍ til að kenna þær við HR er jafn vitlaus hugmynd og þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Þá var því haldið fram að einkaaðilar gætu sinnt hlutverki þeirrar stofnunar betur en ríkið gerði. Við höfum þurft að berjast við afleiðingar þess síðustu 2 ár og viljum varla endurtaka þann leik aftur.

Sem dæmi um stöðuna innan HÍ má nefna að enginn sótti um síðasta lektorsstarf sem var auglýst við skólann. Ef launin eru lág og aðstaðan léleg sækir enginn um, flóknara verður það nú ekki. Við þessu þarf að bregðast og það verður ekki gert með því að ríkisvæða enn frekar hina svokölluðu einkaskóla. Samkeppni háskólanna um nemendur virðist helst hafa búið til þá ranghugmynd að allir eigi að fara í háskóla eða að allt nám eigi að vera á einhverju sérstöku „háskólastigi“. Þessi mikla áhersla á háskólanám hefur bitnað mjög á öllu verk, iðn- og tækninámi og skekkt verulega það eðlilega jafnvægi sem þarf að vera þarna á milli. Mun hærra hlutfall af fólki á aldrinum 20-29 ára útskrifast nú úr háskólum hérlendis heldur en almennt í Evrópu. Að láta marga háskóla keppa í litlu samfélagi um fáa nemendur hefur semsagt ekki fært samfélaginu í heild neina sérstaka kosti. Margir skólar að kenna sömu fræðigreinar getur ekki heldur kallast fjölbreytni eins og sumir virðast vona.

Prófessor á Bifröst skrifaði mér í vetur að það væri víst mannlegt að snúa blinda auganu að því sem manni stendur næst en að slíkt væri hvorki greindarlegt né á nokkurn hátt aðdáunarvert. Ekki ætla ég að greina vanda skólastarfsins á Bifröst, hann blasir því miður óþægilega við almenningi. Undirbúin útburðarbeiðni til sýslumanns, héraðsdómur um greiðslu tugmilljóna leiguskuldar og fjárnám í eignum skólans eru allt nýleg dæmi um vandamál hans og eflaust eru þau fleiri. Hvar ómaði sjálfsgagnrýnin þegar Bifröst gerði samning við stóru bankana um styrki sem námu verulegu hlutfalli af rekstrarkostnaði skólans, mun hærra hlutfalli en hjá öðrum skólum?

Bankar og eftirlitsstofnarnir bera höfuðsök á hruninu

Hrunið

Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið og ástæður þess er mikið til umræðu í fjölmiðlum og á Alþingi og mun svo verða lengi enn. Er ljóst eftir útkomu skýrslunnar hverjir eiga sök á bankahruninu? Hverjir eru ábyrgir? Að mínu mati kemur eftirfarandi skýrt fram í skýrslunni: Ofvöxtur bankanna og slælegt eftirlit þeirra aðila, sem áttu að hafa eftirlit með bönkunum, er höfuðástæða hrunsins.

Bankarnir þöndust of mikið út

Menn eru sammála um það í dag, að bankarnir hafi þanist of mikið út. Þeir urðu alltof stórir miðað við stærð íslenska hagkerfisins. En hvers vegna gerðist það og af hverju var ekki tekið í taumana? Ég tel að rekja megi upphafið til einkavæðingar bankanna. Meðan bankarnir voru ríkisbankar voru þeir af hóflegri stærð og þeir tóku ekki óeðlilega mikil lán erlendis. En við einkavæðingu bankanna urðu alger umskipti í þessum efnum. Bankarnir komust þá í hendur manna, sem kunnu ekki að reka banka og höfðu enga þekkingu á bankarekstri og síst á alþjóðlegri bankastarfsemi. Hinir nýju eigendur breyttu bönkunum í fjárfestingar- og braskstofnanir. Einkabankarnir byrjuðu að taka óhóflega mikil erlend lán til þess að fjármagna fjárfestingar erlendis, kaup á bönkum og öðrum fyrirtækjum. Lántökur bankanna urðu svo miklar erlendis, að skuldir bankanna námu orðið 8 til 10-faldri þjóðarframleiðslu. Þetta var svo mikil skuldsetning, að engin leið var fyrir bankana að greiða þessar skuldir til baka. Ekkert mátti út af bera til þess að illa færi. Og þegar erlendar fjármálastofnanir kipptu að sér hendinni og neituðu að framlengja lán íslensku bankanna hrundu þeir eins og spilaborgir. Ég tel, að ef bankarnir hefðu áfram verið ríkisbankar hefðu þeir staðist erlendu bankakreppuna.

Eftirlitsstofnanir brugðust

Gátu eftirlitsstofnanir, Fjármálaeftirlit (FME) og Seðlabanki ekki tekið í taumana og stöðvað útþenslu bankanna?Jú, þær gátu það. Þær höfðu nægar heimildir til þess. Fjármálaeftirlitið veitir fjármálastofnunum starfsleyfi og getur afturkallað þau leyfi. Fjármálaeftirlitið getur farið inn í bankana og skoðað öll gögn, sem það vill athuga. FME getur boðað fund í stjórn fjármálastofnana. FME getur vikið stjórn og framkvæmdastjóra fjármálastofnunar frá störfum. FME hefði getað sett Landsbankanum nokkurra mánaða frest til þess að breyta útibúum í Bretlandi og Hollandi í dótturfyrirtæki að viðlagðri afturköllun starfsleyfa útibúanna. Ef það hefði verið gert væri ekkert Icesave-vandamál í dag. Þá hefði Icesave heyrt undir Breta og Hollendinga. Þessar þjóðir hefðu þá orðið að ábyrgjast innstæður á Icesave-reikningum. Seðlabankinn gat stöðvað lántökur bankanna erlendis. Það hefði mátt gera í áföngum en markmiðið hefði átt að vera að minnka bankana. Seðlabankinn gat einnig aukið bindiskyldu bankanna, sem hefði torveldað stækkun þeirra og sennilega stöðvað hana. En í stað þess að auka bindiskylduna afnam Seðlabankinn hana. FME var alveg máttlaus eftirlitsaðili, án nokkurs myndugleika. Seðlabankinn var aðgerðarlaus gagnvart stækkun bankanna. Það eina sem bankinn hafði áhuga á var stækkun gjaldeyrisvarasjóðsins. Það var gott og blessað en Seðlabankinn átti einnig að stöðva vöxt bankanna og minnka þá og raunar hefðu FME og Seðlabankinn átt að vinna saman að því verkefni. Furðulegt er, að Seðlabankinn skyldi ekki þiggja tilboð Englandsbanka um að aðstoða Ísland við minnkun bankanna.

Frjálshyggjan orsökin?

Hvers vegna voru eftirlitsstofnanir aðgerðarlausar?Það var vegna þess að við stjórn í báðum þessum stofnunum, FME og Seðlabanka, voru menn sem trúðu á frjálshyggjuna. Þeir töldu að ekki ætti að hafa of mikið opinbert eftirlit. Allt ætti að vera frjálst, markaðurinn mundi leiðrétta það, sem þyrfti að leiðrétta. Þessi skýring er áreiðanlega rétt og samkvæmt henni ber Sjálfstæðisflokkurinn mikla sök á hruninu og meiri en aðrir flokkar, þar eð flokkurinn innleiddi frjálshyggjuna í íslenskt þjóðfélag.

Hver er ábyrgð stjórnvalda?

Eru stjórnvöld saklaus? Báru þau enga ábyrgð. Jú vissulega báru stjórnvöld ábyrgð. Stjórnvöld báru ábyrgð á einkavæðingu bankanna og þau áttu að tryggja að bankarnir mundu ekki misnota frelsið. Stjórnvöld áttu að sjá til þess að eftirlitsstofnanir, FME og Seðlabankinn, mundu rækja hlutverk sitt og hafa nauðsynlegt eftirlit með bönkunum. Stjórnvöld áttu ekki að horfa aðgerðarlaus á FME og Seðlabankann sitja með hendur í skauti. Allir þessi aðilar bera ábyrgð. Ekki þýðir að vísa hver á annan.

Fyrirtækin bera einnig mikla ábyrgð. Stjórnendur þeirra fóru ógætilega í „góðærinu“, fjárfestu of mikið, eyddu of miklu og tóku of mikil lán. Hlutur þeirra í hruninu er mikill.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Alþjóðasamningur um kvikasilfur

Umhverfismál

Umhverfisráðherrar Norðurlanda

Gjóskan úr íslenskum eldfjöllum er ekki það eina sem berst óhindrað með vindum milli landa. Hið sama á svo sannarlega við um kvikasilfur sem er eitt hættulegasta eiturefni í heiminum. Því verðum við Norðurlandabúar að beita okkur fyrir því að metnaðarfullur alþjóðlegur samningur verði samþykktur í því skyni að setja reglur um notkun og losun kvikasilfurs. Norðurlönd hafa gegnt mikilvægu hlutverki við að koma þessu samningaferli á skrið og fyrir þeirra tilstilli verður hafin vinna við gerð alþjóðasamnings um kvikasilfur á fundi Sameinuðu þjóðanna um málið sem haldinn verður í júní.

Í sænskri heilsufræði heimilanna frá árinu 1909 er það húsráð gefið við lús að nudda húðina með kvikasilfri og feiti. Nú vitum við betur – við vitum að kvikasilfur er skaðlegt bæði heilsu fólks og umhverfinu. Á heimavelli hafa Norðurl önd unnið markvisst að því að takmarka eða banna notkun kvikasilfurs, ekki síst í ýmsum vörum. Ekki nægir þó að gera einungis hreint í sínu eigin húsi. Megnið af því kvikasilfri sem fellur til jarðar á Norðurlöndum berst frá fjarlægum löndum. Þess vegna er nauðsynlegt að grípa til aðgerða og knýja fram alþjóðlegan sáttmála um kvikasilfur í því skyni að draga úr umhverfismengun á Norðurlöndum. Samningur um kvikasilfur verður að ná til allra ríkja heimsins.

Sannað er að kvikasilfur veldur margvíslegum skaða á heilsu fólks. Það getur umbreyst í metýlkvikasilfur, sem er mjög eitrað efni og safnast t.d. fyrir í fiski og sjávarspendýrum. Íbúar á heimskautasvæðum lifa aðallega á sjávarfangi og verða því helst fyrir barðinu á þessari mengun. Rannsóknir sýna að börnum á heimskautasvæðum, sem verða fyrir mikilli kvikasilfursmengun í móðurkviði, er hætt við alvarlegum skaða í miðtaugakerfi sem getur m.a. valdið skertri námsgetu.

Hjá Norrænu ráðherranefndinni, samstarfsvettvangi ríkisstjórnanna, hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða til að stuðla að takmörkun á notkun kvikasilfurs. Norrænu ríkin líta vandann sömu augum og hafa látið að sér kveða á alþjóðavettvangi. Samstaða Norðurlanda varðandi kvikasilfur varð m.a. til þess að á árinu 2009 tókst þeim að telja önnur ríki heims á að ganga til samningaviðræðna á vettvangi Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna um bindandi alþjóðlegan samning til að takmarka notkun kvikasilfurs. Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur falið ríkisstjórnum Norðurlanda að boða til fyrsta samningafundarins.

Árangur samningaviðræðna ræðst af því að öll ríkin leggi hönd á plóg og axli ábyrgð. Norrænu ríkin leggja sig því öll fram um að hleypa krafti í þetta mikilvæga starf, m.a. með því að afla gagna og gefa út skýrslur í því skyni að hvetja þjóðir heims og stuðla að frjóu samstarfi í viðleitninni við að draga úr notkun kvikasilfurs.

Norræna ráðherranefndin fjármagnar samningafundinn um kvikasilfur, sem fram fer í Stokkhólmi. Mörg hundruð ráðamenn, sérfræðingar, embættismenn og fulltrúar alþjóðlegra stofnana auk umhverfisverndarsamtaka og annarra félagasamstaka hvaðanæva að úr heiminum munu sækja samningafundinn.

> Árangur samningaviðræðna ræðst af því að öll ríkin leggi hönd á plóg og axli ábyrgð.

Samningafundurinn gefur Norðurlöndum einstakt tækifæri til að láta að sér kveða á alþjóðavettvangi og hafa raunveruleg áhrif. Samstarfið um kvikasilfur er gott dæmi um að þegar Norðurlandaþjóðirnar leggjast á eitt geta þær haft bein áhrif á heimsmálin. Við höldum samstarfinu áfram og ryðjum brautina fyrir metnaðarfullan alþjóðlegan samning um kvikasilfur sem ráðgert er að verði tilbúinn til undirritunar á árinu 2013.

Umhverfisráðherrar Norðurlanda
Svandís Svavarsdóttir, Íslandi
Karen Ellemann, Danmörku
Paula Lehtomäki, Finnlandi
Erik Solheim, Noregi
Andreas Carlgren, Svíþjóð
Katrin Sjögren, Álandseyjum
Annika Olsen, Færeyjum
Anthon Frederiksen, Grænlandi

Allt á **útopnu!**

Við ætluðum að setja upp heilsíðuauglýsingu vegna útsölu á húsgögnum sem verður á lagernum okkar að **Vesturvör 29 í Kópavogi í dag til næstkomandi fimmtudags** (1.-4. júní)**, kl. 13-18 alla dagana.** Við fundum fínt staðsetningarkort (það er neðst) og hér er sýnishorn af þeim útsöluvörum sem verða í boði. En við náðum ekki að klára auglýsinguna. **Við erum alltof upptekin við að reikna út allt að 90% afslátt af völdum tegundum húsgagna.**

PENNINN
Með þér í vinnunni

www.penninn.is

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi ,

Jón Eiríksson,

fyrrverandi oddviti og bóndi, Vorsabæ 2, Skeiðum,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, föstudaginn 28. maí síðastliðinn.

Emelía Kristbjörnsdóttir
Valgerður Jónsdóttir
Eiríkur Jónsson — **Hulda Nóadóttir**
Björn Jónsson — **Stefanía Sigurðardóttir**
Ingveldur Jónsdóttir — **Guðmundur Ásmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Elsa Þorsteinsdóttir

hjúkrunarfræðingur, Fossheimum, Selfossi, áður til heimilis að Tjarnarlundi 15i, Akureyri,

lést á Selfossi þann 21. maí. Útförin fór fram í kyrrþey, að ósk hinnar látnu, þann 27. maí síðastliðinn, að Höfða á Akureyri. Sérstakar þakkir til starfsfólks Fossheima fyrir hlýhug og góða umönnun.

Þorsteinn Gunnarsson — **Helga Auðunsdóttir**
Linda María Þorsteinsdóttir — **Bjarki Þór Elvarsson**
Auðunn Eggert Kolbeinsson
Vigdís Anna Kolbeinsdóttir — **Þorbjörn Jónsson**
Jóhanna Hlín Kolbeinsdóttir
Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir — **Víðir Sveinsson**
Kolbeinn Sigurður Kolbeinsson
og barnabarnabörn.

†

Elskuleg systir okkar,

Fjóla Símonardóttir,

Hrafnistu, Hafnarfirði,

áður til heimilis að Strandgötu 83, Hafnarfirði, lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 29. maí sl.

Helga Símonardóttir
Sigríður Símonardóttir
Sverrir Símonarson
Sveinbjörg Símonardóttir

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigursteinn H. Hersveinsson,

rafeindavirkjameistari og kennari, Sóltúni 12, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 27. maí. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 8. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á KFUM og KFUK og Samband íslenskra kristniboðsfélaga.

Ingibjörg Kolbeinsdóttir
Margrét Árný Sigursteinsdóttir — **Sigurður Leifsson**
Inga Rún Sigurðardóttir — **Sverrir Bollason**
Oddur og Örvar
Friðrik Már Sigurðsson — **Sonja Líndal Þórisdóttir**
Þórir Sigursteinsson — **Birna Einarsdóttir**
Gunnar Ingvi Þórisson — **Linda Björk Bjarnadóttir**
Iðunn María, Markús Ægir og Líney Margrét
Sigrún Þórisdóttir
Arna Rún
Þorbjörg Inga Þórisdóttir
Stefán Darri
Gunnar Hersveinn — **Friðbjörg Ingimarsdóttir**
Særós Rannveig Björnsdóttir
Embla Margret
Sigursteinn J. Gunnarsson — **Auður Ákadóttir**
Heiðdís Guðbjörg Gunnarsdóttir — **Garðar Smári Jónsson**

RON WOOD FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1947

„Þegar ég er einn með sjálfum mér er ég minn versti óvinur.“

Gítarleikarinn Ron Wood lék meðal annars með The Jeff Beck Group og The Faces áður en hann gekk til liðs við Rolling Stones árið 1975. Hann hefur starfað með hljómsveitinni síðan en einnig gefið út nokkrar undir eigin nafni, þá síðustu, Not for Beginners, árið 2002.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 1. JÚNÍ 1479

Háskólinn í Köben

SÍVALITURN Í KAUPMANNAHÖFN

Kaupmannahafnarháskóli, eða Københavns Universitet, var stofnaður á þessum degi árið 1479. Hann er elsti og stærsti háskóli Danmerkur og einn stærsti háskólinn á Norðurlöndunum. Í dag eru þar um 37 þúsund nemendur og um sjö þúsund starfsmenn.
Skólinn var stofnaður í tíð Kristjáns I. og var þar kennd guðfræði, lögfræði, læknisfræði og heimspeki eftir þýskri forskrift. Allt fram að siðaskiptunum var háskólinn hluti af rómversk-kaþólsku kirkjunni og hafði biskupinn í Hróarskeldu yfirumsjón með honum. Þá varð háskólinn ríkisrekinn en fram að því var öll stjórnsýsla hans sjálfstæð.
Íslendingar tóku fyrst að sækja Kaupmannahafnarháskóla að einhverju ráði nokkru eftir siðaskipti.

FIMMTUGUR Einar er ánægður með lífið og tilveruna enda er von á fyrsta barnabarninu á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EINAR VILHJÁLMSSON: FAGNAR FIMMTUGSAFMÆLI SÍNU Í DAG

Fæ bestu afmælisgjöf í heimi

„Ég fæ stærstu og bestu afmælisgjöf sem ég hefði getað hugsað mér á þessum afmælisdegi,“ segir Einar Vilhjálmsson, fyrrverandi spjótkastari og markaðsstjóri hjá Metan hf., sem fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag.

Þannig er mál með vexti að frumburður Einars, dóttirin Gerður Rún, á von á barni á hverri stundu og segist Einar ekki geta ímyndað sér fallegri, skemmtilegri og dýrmætari gjöf en fyrsta afabarnið. „Afi Gerðar á afmæli 5. júní og ég 1. júní, þannig að nýjasti fjölskyldumeðlimurinn sver sig í ættina. Gerður Rún er starfsmaður Marels í Danmörku og búsett þar, svo ég hef ekki hugsað mér nein sérstök hátíðahöld á afmælisdaginn önnur en þau að búa mig undir að verða afi,“ segir Einar.

Eins og margir vita var hann afreksmaður í íþróttum og á meðal annars Íslandsmetið í spjótkasti, 86,80 metra, sem hann setti árið 1992. Hann varð sjötti á Ólympíuleikunum í Los Angeles árið 1986 og náði á ferli sínum að sigra alla heimsmethafa, heimsmeistara, ólympíumeistara og Evrópumeistara í spjótkasti að Austur-Þjóðverjanum Uwe Hohn undanskildum. Einar á tíu gullverðlaun úr A-mótaröð IAAF, varð tvisvar bandarískur háskólameistari og var þrisvar kosinn Íþróttamaður ársins á Íslandi, árin 1983, 1985 og 1988. Einar er með BBA-gráðu í alþjóðaviðskiptum og BS-gráðu í líffeðlisfræði frá Bandaríkjunum og MBA-gráðu í fjármálum frá Háskólanum í Reykjavík. Hann starfar nú sem markaðsstjóri hjá Metan hf. eins og áður sagði og segist hafa fengið það skemmtilega verkefni að rýna í orkukerfisskipti í samgöngum síðustu tólf mánuðina.

Hann líkir sögu metanvæðingar í samgöngum við Öskubuskuævintýrið og hvetur nú þjóðina til að bjóða Öskubusku velkomna á stóra orkukerfisskiptaballið. „Undanfarið hef ég verið að kynna Öskubuskuævintýrið í samgöngum og flestir eru gáttaðir á þessu stóra leyndarmáli, því þeir höfðu ekki gert sér grein fyrir að við getum framleitt ökutækjaeldsneyti í hæsta gæðaflokki fyrir allan bílaflotann ef við viljum. Með stóraukinni metanvæðingu getur þjóðin sparað tugi milljarða í gjaldeyri á ári vegna minni innflutnings á eldsneyti, skapað mesta umhverfislega ávinning sem völ er á í sambærilegum samgöngum og tryggt hagfellt ferðafrelsi og samgönguöryggi samfara því að skapa ný störf um allt land. Metanvæðing bílaflotans er sannkallað þjóðþrifaverkefni,“ segir afmælisbarnið Einar Vilhjálmsson.

kjartan@frettabladid.is

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Björn Nielsen

loftskeytamaður, Þverárseli 6, Reykjavík

sem lést á Landspítalanum sunnudaginn 23. maí, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 2. júní kl. 15.00.

Þórdís Andrésdóttir
Hildur Nielsen — **Sigurður Sigurjónsson**
Andrés Nielsen — **Ásta Guðrún Jóhannsdóttir**
og barnabörn

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts elsku sonar okkar, bróður og mágs,

Ríkharðs Róbertssonar.

Vigdís Hansdóttir — **Lars-Peter Sörensen**
Robert A. H. Downey — **Ingigerður Hjaltadóttir**
Tómas Róbertsson — **Nickila Robertsson**
Árni Hreiðar Róbertsson — **Sigríður Hermannsdóttir**
Róbert Róbertsson — **Ingigerður Jónasdóttir**
Vilhjálmur Róbertsson

ELDGOSIÐ Í EYJAFJALLAJÖKLI gæti mögulega haft heilsufarslegar afleiðingar. Í gær hófst rannsókn á heilsufarslegum afleiðingum gossins en það er sóttvarnalæknir sem stendur fyrir henni ásamt fleirum. Rannsóknin mun fyrst og fremst ná til þeirra sem orðið hafa fyrir hvað mestu öskufalli í námunda við eldstöðina.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Tekið á því. Linda æfir að staðaldri í klukkutíma á dag fimm daga vikunnar. Hún ætlar að æfa alla daga vikunnar fram að keppninni í fitness og þrjá klukkutíma í senn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ F55200510

Meiri áskorun í fitness

Linda Jónsdóttir einkaþjálfari lenti í öðru sæti í fitness fyrir nokkrum árum og undirbýr sig nú af fullum krafti fyrir mótið í nóvember. Sigur er ekki efstur á dagskrá en tap kemur heldur ekki til greina.

„Ég er ekkert upptekin af því að sigra en ég ætla hins vegar ekki að lenda í síðasta sæti," segir einkaþjálfarinn Linda Jónsdóttir, sem hefur undanfarið verið að búa sig undir þátttöku í fitness-keppni í haust.

Linda hefur starfað sem einkaþjálfari um árabil. Árið 2003 kom hún með látum í fitness-keppnina og tryggði sér annað sætið. Eftir það tók hún sér nokkurra ára frí frá keppni, en hóf aftur þátttöku í fitness í apríl á þessu ári og lenti þá í síðasta sæti. Hún segir úrslitin hafa verið ágætis spark í rassinn.

„Ég vissi auðvitað áður en ég tók þátt í keppninni að aldurinn myndi setja strik í reikninginn, en reiknaði nú kannski ekki alveg með botninum," segir hún brosandi. „Hins vegar varð þetta til þess að ég veit núna nákvæmlega hvar ég stend og hvar ég þarf að bæta mig til að ná árangri."

Linda tekur þó fram að sjálf keppnin hafi tekið stakkaskiptum frá því að hún keppti fyrst. „Þátttakendur leggja miklu meira á sig í dag og maður er náttúrulega að etja kappi við stelpur sem eru að keppa erlendis. Konurnar eru að verða skornari og massaðri með hverju árinu, nú eru þær svona á bilinu frá átta og upp í ellefu í fituprósentu." En er þetta hollt fyrir líkamann? „Ég veit ekki alveg hvað skal segja, alla vega líður manni ekkert rosalega vel þegar maður er búinn að skera sig svona mikið niður."

Ekki líður á löngu þar til Linda þarf að fara að huga að því en þá tekur við strangur matarkúr. „Þá verður bara kjúklingur, fiskur, salat, hafragrautur, flatkökur og prótíndrykkir á matseðlinum og lítið farið út fyrir það. Svo minnkar maður skammtana eftir því sem á líður," segir hún og getur þess að þarna fari hún eftir ábendingum annarra fitness-keppenda sem hafi náð langt. „Sömuleiðis mun ég fjölga stundunum sem ég æfi í ræktinni. Það þýðir ekkert annað ef maður ætlar að gera sitt besta."

roald@frettabladid.is

UMFÍ hleypir nú af stokkunum hvetjandi hreyfingarverkefni sem kallast „Hættum að hanga – komdu að hjóla, synda og ganga“. Nánar á www.ganga.is.

Selena
Hæðasmára 4
Í sama húsi og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.
Bikiní í úrvali
Skálast. A–FF.
Bikinísett: 10.400 kr.
Selena
Hæðasmára 4 • Sími 555 7355/553 7355
Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15
www.selena.is

Sumartímar Yogastöðvarinnar Heilsubótar byrja í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Jóga í sumar

Yogastöðin Heilsubót býður upp á námskeið í jóga í sumar.

„Sumartímarnir byrja í dag,“ segir Sigfríður Vilhjálmsdóttir, eigandi Yogastöðvarinnar Heilsubótar. „Þetta eru tímar fyrir alla í rauninni sem verða í boði í allt sumar.“

Sigfríður segir að það skemmtilega við jógaiðkun sé að það sé svo margt að gerast í tímunum og að fólk upplifi sig á nýjan hátt. Þá tekur hún fram að jóga geti hjálpað til við að stuðla að betri andlegri og líkamlegri líðan.

Sumartímarnir verða á þriðjudögum og fimmtudögum en í júní verður boðið upp á tveir fyrir einn sumartilboð.

Um 25 sérfræðingar sem starfa við reykleysismeðferð á Reykjalundi hlutu í gær viðurkenningu á degi án tóbaks. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Reykleysi á Reykjalundi

Á degi án tóbaks sem haldinn var í gær var reykleysismeðferð Reykjalundar veitt viðurkenning Lýðheilsustöðvar SmokeFreeAwards. Er þetta í annað sinn sem verðlaunin eru veitt en það var fyrst gert 2008.

„Mér hlýnar að innstu hjartarótum,“ segir Jónína Sigurgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Reykjalundi, sem tók við viðurkenningu Lýðheilsustöðvar, SmokeFreeAward, ásamt samstarfsmönnum sínum á Reykjalundi í gær á degi án tóbaks. Fengu þau viðurkenninguna fyrir reykleysismeðferð á Reykjalundi. Viðurkenningin er veitt í annað sinn en um er að ræða hluta af evrópsku samstarfsverkefni um reyksíma.

Viðar Jensson, verkefnastjóri tóbaksvarna hjá Lýðheilsustöð, segir að margar tilnefningar um meðferð um reykleysi á Reykjalundi hafi borist í gegnum Reyksímann þar sem tilnefningum var safnað. „Menn voru sammála um að Reykjalundur væri að vinna svo faglegt og flott starf.“

Tíu ár eru síðan meðferð við tóbaksfíkn á Reykjalundi var tekin til gagngerrar endurskoðunar. „Hún hafði verið í umsjá lungnadeildarinnar en árið 2000 var ákveðið að þetta yrði þverfagleg meðferð og tengdist öllum deildum á Reykjalundi. Um leið og þetta varð tengt öllum deildum þá varð þetta meira

„Við erum að hjálpa fólki við að taka upp heilbrigðan lífsstíl,“ segir Jónína Sigurgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur. MYND/ÚR EINKASAFNI

konar sjúklingar. Það þýðir líka að sama á hvaða endurhæfingarsviði sjúklingurinn er, hann sér yfirleitt einhvern sem þekkir vel til þessara mála,“ segir Jónína.

„Við teljum það vera mikilvægt til að geta veitt þessa meðferð sem allra best að hafa sem fjölbreyttasta aðkomu frá fagfólki,“ upplýsir Jónína en meðferðarhópinn skipa 25 sérfræðingar. „Það eru flestir hjúkrunarfræðingar, svo eru læknar, sjúkraliðar, sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar. Þetta er mjög þverfagleg vinna.“

Innt eftir því af hverju reykleysismeðferð hafi verið sett á stofn á Reykjalundi segir Jónína: „Margt af fólkinu sem var að koma til okkar í endurhæfingu átti í erfiðleikum með að hætta að reykja. Við sáum það vel að endurhæfingin nýttist ekki vel fyrir þá sem héldu áfram að reykja. Við erum að hjálpa fólki við að taka upp heilbrigðan lífsstíl,“ segir Jónína og bætir við að með því að halda áfram að reykja þá sé skemmdunum á æðakerfinu og lungunum viðhaldið. „Þó að reykingafólk nái einhverri bót þá endist hún stutt og eyðileggur í raun og veru strax það sem fólk vinnur að.“

Jónína hefur fundið fyrir því að fólki finnst mikilvægt starf unnið með reykleysismeðferðinni. „Við fylgjum fólki eftir í heilt ár eftir útskrift með því að hringja í það. Ég heyri það á fólki þegar ég hringi að það er farið að eiga von á símtalinu.“

martaf@frettabladid.is

Ungbarnanuddnámskeið
Kennsla í allt sumar. Næsta námskeið fimmtudaginn 3.júní. Fyrir foreldra ungbarna á aldrinum 1-8 mánaða.

Stuðlar að góðum tengslum, öryggi og alhliða vænd og vellíðan. Hefur reynst vel við kveisu og lofti í þörmum, svefnvandamálum og fl. Viðurkendur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu. Sjá www.heilsusetur.is og uppl. í síma 552 1850 / 896 9653

Viltu nota leiklist í kennslu?



Frábært námskeið fyrir kennara sem vilja læra hvernig á að nota leiklist í kennslustofunni, til þess að efla samkennd, metnað, virkni og meiri áhuga nemenda. Mjög öflugt hópefli sem skapar góða stemningu í nemendahóp.

Námskeið fer fram dagana 10. og 11. ágúst
Vertu hrífandi leiðtogi á jákvæðan hátt!

Kynntu þér málið og tryggðu þér pláss!

Marta Eiríksdóttir

Púlsinn námskeið

Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is

Patti.is
Landsins mesta úrval af sófasettum

Láttu þér líða vel í sófa frá Patta
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

Fjöldi lyfjaávísana í heild árið 2009 jókst um 0,46%, fjöldi dagskammta um 0,65% og fjöldi notenda lyfja jókst um 0,18% frá árinu 2008. Af stærri lyfjaflokkum minnkaði notkunin mest í flokki sýkingalyfja þar sem greiðsluþátttaka er lítil.

Talnabrunnur

Leggjum Kattholti lið
Styrkjum starfsemi Kattholts með því að kaupa 3 stk. leikfangamýs saman í pakka á aðeins
1.000 kr.
Upphæðin rennur að fullu til Kattholts
Fæst á vefverslun www.gaeludyr.is (sent frítt heim) eða hjá Gæludýr.is Skútuvogi 13 Sími 773-8888
gæludýr.is
www.gaeludyr.is

Sumarfatnaður

SÉRBLAÐ • ÞRIÐJUDAGUR 1. JÚNÍ 2010

Ragnheiður Jónsdóttir starfsmaður og Arna Kristín, verslunarstjóri Karakter, ásamt Svövu Johansen forstjóra NTC. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kærkomin nýjung fyrir konur á öllum aldri

Karakter er ný kvenfataverslun undir merkjum NTC sem opnaði nú á vormánuðum í Kringlunni. Svava Johansen, forstjóri NTC, segir verslunina hafa farið vel af stað.

„Karakter hefur fengið frábærar viðtökur og konur eru ánægðar með þessa nýjung í kvenfataflóruna. Við vildum ná til breiðari hóps kvenna og þjónusta einnig konur sem nota fatnað í stærri stærðum og vilja töff fatnað en úrvalið í versluninni spannar númer frá 36 og upp í 48. Við erum með mjög falleg ný ítölsk og frönsk merki sem ekki hafa fengist áður," segir Svava en merkin sem fást í Karakter eru meðal annars Siste's, Boris, We, Angela Davis og Siste's More í stærri stærðum. „Einnig vorum við að taka inn leðurjakka og leðurkápur frá Bolongaro Trevor en það er bresk hönnun hjónanna sem stofnuðu All Saints, ótrúlega flott hönnun."

Arna Kristín Hilmarsdóttir verslunarstjóri tekur undir með Svövu og segir vörur Karakter henta breiðum hópi kvenna við fjölbreytt tækifæri. „Þetta er fatnaður sem hentar bæði fyrir útskriftirnar og svo eru þetta bara falleg föt fyrir sumarið með rómantísku yfirbragði. Til dæmis er mikið um blúndur og rómantík í Siste´s merkinu og doppur og tjull. Einnig er mikið um blátt og hvítt í sjóliðastíl, gallabuxur og gallajakka. Svo erum við auðvitað með klassískar svartar og gráar vörur líka, þær þurfa alltaf að vera með. Það getur verið erfitt að fá íslenskar konur úr svörtu og í litina en verslunin er full af sumarlegum og fallegum litum," segir Arna og hvetur konur til að kíkja á úrvalið, verðlagið í Karakter sé einnig hagstætt fyrir budduna.

„Við bjóðum töluvert lægra verð á fatnaði en í mörgum verslunum," segir Svava og bendir á að um vandaða vöru sé að ræða. „Það er mikið um silki og náttúruleg efni í vörunum og allur saumaskapur mjög vandaður svo viðskiptavinurinn er að fá mikið fyrir aurinn."

Á fimmtudögum eru verslanir Kringlunnar opnar til klukkan 21. Þá geta viðskiptavinir Karakter gætt sér á léttum og sumarlegum veitingum meðan úrvalið er skoðað.

„Það myndaðist svo góð stemning við opnunina að við ákváðum að gera þetta að skemmtilegri hefð," segir Arna og bætir við að viðskiptahópurinn sé á öllum aldri þó að verslunin sé vinsælust hjá konum 35 ára og eldri.

„Við miðum inn á aldurshópinn 25 til 65 ára en svo eru konur að koma hingað alveg upp í allan aldur enda halda íslenskar konur sér svo vel og vilja ávallt vera vel klæddar. Karakter er fyrir konur sem vilja klæða sig fallega og fá vandaða vöru á góðu verði," segir Svava.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmaður auglýsinga: Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is s. 512 5439

KARAKTER

19.990 kr.
fæst í karakter

17.990 kr.
fæst í karakter

19.990 kr.
fæst í karakter

19.990 kr.
fæst í karakter

NTC

5.990 kr.
skórnir fást í focus

5.990 kr.
skórnir fást í focus

focus

Bjartir litir og blúndujakkar

Vorið er sannarlega komið í tískuverslanirnar Gallerí 17 og GS skó í Smáralind, Kringlunni og Laugavegi. Þar eru marglitir sandalar og ökklaskór, blazer-jakkar og gallabuxur sem njóta vinsælda í sumar.

Sandalar af ótal gerðum eru áberandi í GS skóm. Sumir grófir með keðjum, spennum og glingri, aðrir fínlegri. Gladiator-útlit er áberandi því margir sandalanna ná vel upp á ökklann. Tinna Rún Davíðsdóttir verslunarstjóri staðfestir að þetta sé tískan í ár og bendir á að sandalarnir séu til í ýmsum litum.

Næst beinist athyglin að hælaskóm sem margir eru með svokölluðu plattformi, það er að segja með þykkum botni. „Þeir eru mýkri og þægilegri fyrir vikið," segir Tinna Rún. Ökklastígvélin eru afar vinsæl núna að sögn verslunarstjórans. Mörg þeirra eru með grófum rennilásum og spennum og svo eiga reimar greinilega upp á pallborðið. Klassískir skór, óháðir öllum tískusveiflum, prýða líka hillurnar.

Tinna Rún Davíðsdóttir verslunarstjóri í GS skóm. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Strigaskórnir eru til í ýmsum litum í GS skóm, bæði lágir og uppreimaðir, sumir undir fimm þúsund kallinum í verði. Kavasaki-skórnir standa enn sína plikt og fást með marglitum reimum. „Unga fólkið elskar þessa skó, enda eru þeir þægilegir og endingargóðir," segir verslunarstjórinn og bendir líka á aðra frá nýju merki, Bobbie Burns, sem eru til fyrir bæði kyn. Þeir eru mjúkir í botninn, með rúskinn á tánni og meðal annars til í köflóttu. Þeir koma bæði lágir og háir upp á ökklann að sögn Tinnu Rúnar.

Í Gallerí 17 eru Guðlaug Einarsdóttir og Tinna Kristófers verslunarstjórar og ræða við blaðamann um sumartískuna í fatnaði. „Það er mikið um röndótt og teljum við það vera vegna sterkrar 90's-tísku sem er að koma. Með henni er mikið um rómantískan fatnað, blúndur og blómamynstur. Hermannatískan er að koma mjög sterk inn í sumar og mun halda velli fram á vetur.

Svart er sígilt, sérstaklega í kjólum og jökkum, að sögn Tinnu, en skæru litirnir halda áfram og pastellitir hafa bæst við sumartískuna í ár.

Sniðin eru fjölbreytt. Þó telur Guðlaug bolatískuna heldur þrengjast enda gallabuxur mjög vinsælar og þar á meðal „Boy Fit" snið, eins og hún kallar það. Mikið tættar gallabuxur, stuttbuxur og blazer-jakkar eru ómissandi í sumar, að sögn verslunarstjóranna. „Svo erum við með 10 prósent afslátt af öllu fram að útsölu," benda þær á.

Tinna Kristófers og Guðlaug Einarsdóttir, verslunarstjórar í Galleri 17 eru með tískuna á hreinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

10.990 kr.
skórnir fást í GS skóm

29.990 kr.
skórnir fást í GS skóm

8.990 kr.
skórnir fást í GS skóm

gs skór

15.990 kr.
fæst í Companys

12.990 kr.
fæst í galleri 17

6.990 kr.
fæst í galleri 17

7.990 kr.
fæst í galleri 17

NTC

15.190 kr.

6.190 kr.

12.690 kr.

7.190 kr.

next

Sarah Cartwright hjá Next segir andstæður verða talsvert ríkjandi í sumar. Bæði í sniðum og litaúrvali. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þetta er mjög litríkt sumar

Kvenlegt og rómantískt, karlmannlegt og vítt eru andstæður sem lýsa tísku sumarsins ágætlega.

„Við bjóðum upp á það sem verður í tísku í sumar," segir Sarah Cartwright, deildarstjóri dömudeildar Next. „Bæði þessa kvenlegu tísku eins og hefur verið; blúndur, pífur og blómamynstur, verða áberandi í sumar. Svo aftur er andstæðan sem er svolítið karlaleg tíska ef svo má segja, það eru víðari föt og lausari."

Sarah segir að blazer-jakkar verði áberandi í sumar. „Blazer með axlapúðum og upprúlluðum ermum. Þetta afslappaða útlit. Hann er gjarnan notaður við stuttbuxur," útskýrir Sarah en bætir við að „skinny"-buxur, leggings og aðsniðnir jakkar verði áfram vinsælir. Þá verður mikið um blómakjóla í rómantískum stíl að sögn hennar.

Aðspurð segir Sarah drappaðan lit koma sterkan inn í sumar. „Annars erum við líka að sjá svolitlar andstæður í litunum. Það eru fölir litir, pastellitir í bláu, grænu og bleiku. Hlutlausir litir eru áberandi líka svona eins og grátt og drappað. Svo er andstæðan sem eru sterkir litir sem fara yfir í neon."

Sarah segir gallaefni styrkja stöðu sína hjá Next í sumar. „Gallaefni eru vinsæl núna. Þau eru oft notuð saman frá toppi til táar, gallaskyrtur við gallaleggings," upplýsir Sarah sem segir gallaefnið oft rifið og snjáð. „Og svolítið bútasaumað. Jafnvel eru gallajakkar notaðir undir aðra jakka eins og leðurjakka, þannig að það sjáist aðeins í hann," segir Sarah.

„Við stílum inn á allan aldur og við erum með breiða stærðarkúrfu líka, frá stærð sex og upp í tuttugu," segir Sarah og bætir við að konur á öllum aldri ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. „Við erum í rauninni með föt fyrir alla, konur og karla."

Next býður, að sögn Söruh, líka upp á ýmiss konar fylgihluti. „Í skóm erum við mikið með Gladiator-sandala. Svo verðum við með strandsandala og erum að fara að fá sundföt líka," segir Sarah og lýsir töskutísku sumarsins þannig: „Töskurnar eru stórar og víðar, helst með böndum sem þær eru dregnar saman með. Svolítið eins og tuðrur eða í þeim dúr og þær eru í öllum regnbogans litum. Þetta er mjög litríkt sumar."

Tími stuttbuxnanna

Þeir eru ekki margir dagarnir sem hægt er að spranga um á stuttbuxum. Sá tími er þó fram undan og tískufrömuðir hafa lagt blessun sína yfir uppátækið í ár. Stuttbuxur eru með eindæmum vinsælar og má sjá margar gerðir í ár: pallíettu-, blúndu-, leður-, gamaldags uppháar, þröngar og víðar stuttbuxur. *- jma*

Hollenski tískuhönnuðurinn Mart Visser sýndi sumarlínu sína í Amsterdam í vor.

Svartar, glansandi og níðþröngar stuttbuxur eftir Matthew Williamsson.

Gullstuttbuxur úr fórum tískuhönnuðarins Matthews Williamsson.

● SARAH BURTON TEKUR VIÐ MCQUEEN

Nýr listrænn stjórnandi hefur verið ráðinn til tískumerkis Alexanders McQueen. Er það Sarah Burton, hægri hönd tískuhönnuðarins sáluga, sem tekur við starfinu.

Burton er 35 ára, fædd í Manchester í Englandi. Hún hóf störf fyrir McQueen árið 1996 þegar hún var á sínu síðasta ári í skólanum Central St. Martins, en þar stundaði McQueen sjálfur nám á sínum tíma. Hún var útnefnd yfirmaður kvenhönnunardeildar árið 2000 og vann náið með Alexander McQueen allt þar til hann lést í febrúar á þessu ári.

Frá tískusýningu Alexanders McQueen á tískuvikunni í París í mars 2010.

Leikkonur í lokahófi

Bjartir og sumarlegir skærir litir voru áberandi á lokahófi kvikmyndahátíðarinnar í Cannes 23. maí síðastliðinn. Lokahófið fór eins og venjulega fram í reisulegu umhverfi Palais des Festival þar sem tígulegar stórleikkonur sýndu hvers þær mega sín í fatasmekk. Kvikmyndastjörnurnar skörtuðu þar flestar kjólum í síðari kantinum, úr léttum efnum, siffoni og silki. Flestir í glaðlegum litum þótt einn og einn svartur sæist á stangli. Pastellitir og mjúkir bleikir tónar voru einnig áberandi.

- jma

Þýska leikkonan Diane Kruger var í gullfallegum tveggja tóna Jason Wu-kjól.

Kirsten Dunst átti stórleik í vali á kjól þetta kvöld. Klæddist klassískum Chanel-kjól við Jimmy Choo.

Kristin Scott Thomas klæddist ekki Armani, eins og svo oft, heldur kjól frá franska Lanvin-tískuhúsinu. Hún sýndi einnig að svart naglalakk er sannarlega ekki dottið úr tísku.

Mexíkóska leikkonan Salma Hayek fer yfirleitt létt með að stela senunni á rauða dreglinum. Gucci var hennar förunautur á Cannes í ár en hún klæddist Gucci-kjólum allan tímann. og á lokakvöldinu vakti gullborði sem vafinn var um hálsinn á henni mikla athygli.

Blómlegt sumar í Zöru

Kjólar í alls kyns sniðum með blómamynstri eru mál málanna í Zöru í sumar. Léttir sumarlitir eru ráðandi eins og árstíðin segir til um.

„Það er óhætt að segja að blómakjólarnir séu alveg málið í sumar," segir Jóna Dóra Ásgeirsdóttir, verslunarstjóri dömudeildar Zöru í Smáralind, þegar hún er spurð um helstu áherslur verslunarinnar í sumarfatnaði fyrir konur. Zara er leiðandi tískuvöruverslun sem leitast við að bjóða upp á mikið úrval af tískufatnaði á góðu verði. Þá er einnig lögð áhersla á að vöruvelta verslunarinnar sé hröð, en Zöruverslanirnar eru þekktar um allan heim. Þær eru nú yfir þúsund talsins í heiminum og fjölgar ört með hverju árinu.

Að sögn Jónu Dóru eru kjólar með blómamynstrum vinsælastir í Zöru þessa dagana og seljast best af öllum vörum verslunarinnar. „Blómakjólarnir fást í alls kyns sniðum, þótt mest sé um þá stuttu sem enda rétt fyrir ofan hné. Vinsælustu litirnir eru léttir sumarlitir, eðli málsins samkvæmt, og má minnast á kóral, hvítt og blátt í því sambandi. Blómakjólarnir koma sterkir inn í sumar þótt venjan sé sú að skærir litir séu vinsælir á sumrin," segir Jóna Dóra, og bætir við að verslunin bjóði upp á slíka kjóla í mjög breiðu úrvali og flestir aldurhópar ættu að geta fundið kjól við sinn hæfi. „Við bjóðum líka upp á mjög breitt verðbil í þessum kjólum, allt frá 3.995 krónum og upp í 15.995 krónur, þannig að konur ættu að geta fundið hjá okkur bæði fína kjóla til að fara í út að borða og einnig mjög fína hversdagskjóla."

Jóna Dóra segir blómamynstur og létta sumarliti ráða ríkjum í sumarkjólaúrvali Zöru. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auk kjólanna sívinsælu segir Jóna Dóra stuttbuxnasamfestinga, eða svokölluð „jumpsuits" vera vinsæla um þessar mundir, bæði einlita og með blómamunstri. Þá segir hún verslunina bjóða upp á mikið úrval af flottum klútum, blazer-jökkum, skóm og skyrtum og mussum sem passa vel við bæði gallabuxur og leggings.

Bleikur blómakjóll
Einnig til í röndóttu
5.495,-

Hvítur kjóll með blómamynstri
Einnig til í bláu
8.995,-

Rauður doppóttur kjóll
Einnig til í hvítu
7995,-

Ljós blómakjóll
Einnig til í ljósbláu og dökkbláu
7.995,-

ZARA

● KONUNGLEGT BRÚÐKAUP Í SVÍÞJÓÐ Konungleg brúðkaup vekja ávallt mikla athygli. Hinn 19. júní næstkomandi gengur sænska krónprinsessan Viktoría í hjónaband með Daniel Westling unnusta sínum en þau munu hnýta hnútinn í dómkirkjunni í Stokkhólmi.

Ekki væri amalegt að vera með þetta fríða par uppá vegg hjá sér.

Mikil spenna ríkir í borginni enda ekki á hverjum degi sem slíkir stórviðburðir eiga sér stað. Ferðamannastraumur hefur verið allnokkur og minjagripaverslanir keppast við að selja kort, platta og ýmsan annan varning með myndum af hinum tilvonandi brúðhjónum.

Vissulega verður einnig spennandi að sjá brúðarkjól hinnar 32 ára gömlu prinsessu. Almenningur getur því hlakkað til 19. júní, en brúðkaupið ber upp á 34. brúðkaupsafmæli foreldra Viktoríu, þeirra Karls Gústafs konungs og Silvíu drottningu.

● SKÓGERÐARMAÐUR HLÝTUR VIÐURKENNINGU Terry De Havilland er breskur skógerðarmaður, vinsæll meðal fræga og fína fólksins. Hann hlaut á dögunum viðurkenningu fyrir ævistarfið á Drapers verðlaunahátíð skótausins sem haldin var í London í lok maí.

Terry de Havilland hefur hannað skó fyrir fræga fólkið í Bretlandi.

De Havilland hlaut fyrst frægð árið 1970 þegar hann opnaði verslun sína Cobblers á King's Road í London. Þangað sóttu stjörnur á borð við Biöncu Jagger, Elton John, Shirley Bassey og Rudolph Nureyev.

Hróður De Havilland fékk góða innspýtingu árið 1992 þegar hann hannaði skó fyrir útskriftarsýningu Alexanders McQueen frá Central Saint Martins-skólanum. Þá hannaði hann einnig skóna sem Angelina Jolie klæddist í myndinni Tomb Raider.

Skór De Havilland hafa yfir sér fortíðarkenndan blæ sem hefur heillað Kate Moss, Siennu Miller, Naomi Campbell og Amy Winehouse svo fáar séu nefndar.

De Havilland er nú 71 árs. Hann hefur smíðað skó frá fimm ára aldri en hann byrjaði á því að aðstoða í fjölskyldufyrirtækinu Waverly Shoes.

Peter Soronen skýst upp á stjörnuhimininn

Forsetafrú Bandaríkjanna virðist hafa valið sér eftirlætiskjólahönnuð. Í síðustu viku skartaði hún bláum kjól eftir bandaríska fatahönnuðinn Peter Soronen. Þetta er í fjórða skiptið sem hún kemur fram í kjól eftir hönnuðinn.

Peter Soronen hefur hannað fatnað undir eigin nafni frá árinu 2000 en hefur staðið nokkuð utan við sviðsljós tískuheimsins. Þar til nú. Nú þegar forsetafrúin hefur látið sjá sig í fjórum mismunandi kjólum eftir hönnuðinn hefur hún að mati tískuspekúlanta gefið út yfirlýsingu um að Soronen sé eftirlæti hennar og um leið öðlast hönnuðurinn heimsfrægð.

Deborah Lloyd, listrænn stjórnandi Kate Spade-tískuhússins, segir konur um allan heim sækja innblástur til fatastíls Michelle Obama, þar sem hann sé kvenlegur og nútímalegur í senn – með mjúkum áherslum. *- jma*

Klassískur svartur kjóll frá Peter Soronen. Soronen segist hafa hannað nokkra dag- og kvöldkjóla á Michelle Obama að hennar ósk en hann viti aldrei hvort eða við hvaða tilefni hún klæðist þeim.

Kjóllinn sem Michelle Obama skartaði í febrúar árið 2009 tilheyrði haustlínu Peters Soronen 2008.

Frú Obama klæddist lillalitum plíseruðum ermalausum síðkjól eftir Peter Soronen í desember á síðasta ári, við hátíðarkvöldverð Kennedy-miðstöðvarinnar í Washington.

Kjóllinn sem kom Peter Soronen endanlega á kortið er sá sem forsetafrúin skartaði fyrir tæpum tveimur vikum. Tilefnið var hátíðarkvöldverður til heiðurs forseta Mexíkó, Felipe Calderon, og eiginkonu hans, Margaritu Zavala. Að sögn hönnuðarins bað forsetafrúin sérstaklega um að hann hannaði á hana kjól sem væri hlýralaus öðrum megin. Valið þykir djarft vestanhafs – en gott.

Þrír aðstoðarmenn Mary

Allt frá því að krónprins Danmerkur tilkynnti um trúlofun sína og Mary Donaldson hefur Mary vakið heimsathygli fyrir glæsileika og smekklegan klæðaburð.

Það kostar vinnu að halda sér jafn flottri og Mary gerir enda nýtur hún aðstoðar þekkts fólks úr tísku- og förðunargeira Danmerkur.

Mary hefur tekið ástfóstri við danska hönnuði svo sem Malene Birger, Heartmade, Stories by Rikke Mai og skartgripir Marianna Dulong eru í miklu uppáhaldi hjá henni.

Mary sér hins vegar ekki ein um það verk að hasla sér völl sem eitt helsta tískutákn heims því þar nýtur hún aðstoðar þriggja tryggra aðstoðarmanna. Það teymi myndar stílistinn Anja Alajdi, Soren Hedegaard, hárgreiðslumaður og förðunarmeistari, og Ole Henriksen sem sér um að halda húð Mary hreinni og mjúkri. *- jma*

LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN - NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Draumastarfið í draumalandinu?

Einstaklega gefandi og skemmtileg starfsgrein sem er að sama skapi krefjandi og áhugaverð.

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRITUN STENDUR YFIR!

Umsóknarfrestur til 31. maí

www.mk.is

Leiðsöguskólinn sími: 594 4025

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL

LJÓSMYNDAFYRIRSÆTA HAGKAUPS
FANNEY INGVARSDÓTTIR

Fanney Ingavarsdóttir var valin Ljósmyndafyrirsæta Hagkaups og fegurðardrotting Íslands í Fegurðarsamkeppni Íslands á Broadway þann 21. maí síðastliðinn. Hagkaup óskar henni innilega til hamingju með frábæran árangur.

true
Hlýrabolur
S-XXL
2.299kr

true
Kjóll
S-XXL
6.999kr

true
Leggings
S-XXL
3.499kr

Sandalar
st. 36-41
6.990kr

true
Peysa
S-XL
7.999kr

true
Kjóll
S-XXL
5.999kr



Skór
st. 36-41
8.990kr

true
Peysa
S-XL
6.999kr

true
Kjóll
S-XL
4.999kr

true
Leggings
S-XXL
2.499kr
verð áður 4.999kr

Sandalar
st. 36-41
5.999kr

Sandalar
st. 36-41
4.499kr

Sandalar
st. 36-41
3.499kr

Sandalar
st. 36-41
3.999kr

Skór
st. 36-41
8.990kr

Sandalar
st. 36-41
4.999kr

Netaskór
st.28-41
verð frá
1.690kr

Ballerínuskór
st.36-41
4.990kr

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Sarah Jessica Parker með hatt úr smiðju Treacy.

Tveir tískuheimar rekast á

Hattagerðarmaðurinn Philip Treacy hefur tekist á við sérstaka áskorun. Hann hefur endurhannað nokkra af sínum frægustu höttum fyrir sýningu sem opnaði í Museum of London í lok maí.

Sýningin þykir sýna á glöggan hátt hvernig tveir tísku- heimar rekast á. Þar bera gínur hina nýstárlegu hatta Treacy við grímudansleiksbúninga frá árinu 1760.

Sem dæmi má nefna að Treacy endurhannaði sinn fræga Galleon-hatt, sem meðal annars Izzy Blow og Grace Jones hafa borið.

Hattarinn vann náið með listamanninum Yasemen Hussein sem hannaði hárkollur úr kopar á hverja gínu.

Gínurnar eru 22 og eru flestir kjólarnir fengnir úr safninu sjálfu og hafa ekki verið sýndir áður. Aðrir kjólar eru eftirlíkingar.

Nánari upplýsingar um Museum of London má finna á vefsíðunni www.museumoflondon.org.uk

Gestur Museum of London dáist að höttum Philips Treacy sem tóna vel við grímudansleiksbúningana frá átjándu öld.


Litfagur kjóll á tískusýningunni Afrika Fashion á Fílabeinsströndinni.

● LITAFEGURÐ Í AFRÍKU

Litagleðin var ríkjandi á fimmtu tískusýningu Afrika Fashion sem fram fór í Abidjan á Fílabeinsströndinni á dögunum. Þar sýndu tískuhönnuðir frá Benín, Búrkína Fasó, Tógó, Senegal og Fílabeinsströndinni hvað heitast yrði í afrískri tísku á næstunni.

Naomi Campbell er nýorðin fertug og vakti mikla athygli í Moskvu í gegnsæjum kjól, með leðurlaufum.

● FERTUG Í GEGNSÆJUM KJÓL Ofurfyrirsætan eilífa, Naomi Campbell, hefur einstakt lag á að vekja athygli með einhverjum hætti. Campbell varð fertug 22. maí síðastliðinn og eyddi heilli viku í að fagna afmælinu með vinum og kærasta sínum, Vladimir Doronin.

Afmælið hófst á frönsku Rivíerunni og hélt svo áfram í Moskvu. Þar mætti Naomi til leiks 25. maí á Neon-góðgerðasamkomuna í kjól sem sýndi lögulegar línur fyrirsætunnar og huldi lítið sem ekkert. Kjóllinn var úr einhvers konar svörtu nælonefni, og hið allra heilagasta var falið bak við svarta leðurbúts.

- jma

BÍLAR & FARATÆKI

bílaborg.is



HUMMER H2. Árgerð 2004, ekinn 44 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 4990 þús. Tilboðsverð 3590 þús. uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is

HONDA VALKYRIE RUNE. Árgerð 2004, ekinn 3 þ.km, BENSÍN, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.114217 Eins og nýtt. Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar

Einn tveir og....
DUCATI SUPERSPORT 750 SS. Árgerð 1999, ekið 19 Þ.KM, 5 GÍRAR. Skipti möguleg á bíl! Lánamöguleikar! Verð 680.000. Rnr.242516

Þessi vinnur með þér!!
VW TRANSPORTER DOUBLE CAB TDI AUTOMATIC. Árgerð 2001, ekinn 171 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSKIPTUR. Ný-skoðaður 2011. Verð 1.280.000. Rnr.112940

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

FORD FOCUS árg. 3/1999, ek. 138 þ. km, 1.6L Beinskiptur, Dráttarkúla, Gott eintak Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 567 2700.

Frí skráning með mynd Frí auglýsing í Fréttablaðinu fyrir bíla á plani

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

SUBARU LEGACY SPORT WAGON. Árgerð 2006, ekinn 85 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.780.000. Rnr.151206 Skoða skipti á ódýrari og dýrari

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

ARCTIC CAT 500 4X4 AUTO. Árgerð 2010, nýtt hjól, Verð 1.980.000. Rnr.129909 Skoða skipti á ódýrari og dýrari

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

FORD MONDEO GHIA STATION. Árgerð 2005, ekinn 102 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Leður, Verð 1.980.000. Rnr.129900 Skoða skipti á ódýrari/dýrari

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

NISSAN PATROL GR 38". Árgerð 1999, ekinn 201 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 1.980.000. Rnr.129986 Skoða skipti á ódýrari og dýrari

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

FORD E250 ECONOLINE Með svefnaðstöðu. Árgerð 2000, ekinn 60 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Tilboðsverð 1500 þús. . Rnr.151194

Höfðabílar
Fosshálsi 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

HÖFÐAHÖLLIN
Allt að 50% afsláttur af sölulaunum
Skráðu bílinn frítt hjá okkur!

CHEVROLET CORVETTE COUPE Árgerð 2007. Ekinn 6 þ.km Verð kr. 9.900.000

Höfðahöllin
Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is

100bílar.is
bílasala

Nissan Note Tekna, árg. 1/2008, ek. 12þús.km, sjálfsk, álfelgur, cd, rafmagn, ipod tengi, Bluetooth símabúnaður, Vel búinn og flottur bíll! Ásett verð 2190þús.kr, bíllinn er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Til sölu VW Golf árgerð 2000 ekinn aðeins 93400. km nýjar bremsur, dekk og tímareim. Verð 650.000 kr. Uppl. í síma 557 1430.

Toyota Corolla árg. 2004, sjálfsk. nýskoðaður. Ekinn 127.000 km. Verð 1300 þús. Sími 698 7532.

Ódýrir góðir nýsk!!
Escorde árg'98, 3d, 5g. Ek.140þ. Vþ 135þ. Almera árg'98, 4d. 5g, V: 135þ. S. 821 9887

VW polo ,98 1,4cc. EK. 130km, ssk. S. 616 2597.

Nissan Terrano IIB 10/'00, 7 manna, bsk., ek. 130 þ. skoðaður ,11, ásett verð 840 þ. tilboð 790 þ. s. 895 6307.

Ford focus árg'99, 1600cc, ek.142þ. Sk'11, V. 300þ. Uppl. í S. 865 9185.

0-250 þús.

Grand Cherokee Limited ekinn 91,000 mílur Þarfnast smá lagfæringa skoðaður 10 verð 250 þús uppl: 8934172

250-499 þús.

Góður sparibaukur!
TOYOTA YARIS 1.0 árg'99 ek.165 þús,5dyra,beinskiptur,skoðaður 2011, dráttarkrókur, spoiler, álfelgur, heilsársdekk, cd, þjónustubók,vel við haldinn bíll sem eyðir sáralitlu verð 430 þús s.841 8955

TILBOÐ 380 ÞÚS!
SKODA OCTAVIA 1,6 árg'00 ek.180 þús, 5 gíra beinsk,ný skoðaður 2011,cd og græjur,búið að endurnýja mikið í honum,ásett verð 490 þús TILBOÐ 400 þús! s.841 8955

Daihatshu Terios 09/'99 ek. 132 þ. bsk. Ásett 320 þ. tilboð 280 þ. s. 820 5698.

2 milljónir +

Toyota Highlander glæsilegur fjórhjóladrifinn lúxusbíll með HYBRID vél sem eyðir um 40% minna eldsneyti en Toyota Landcruiser og aðrir sambærilegir bílar. Eigum eitt sýningareintak með 3ja milljón króna afslætti. Útvegum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá öllum helstu framleiðendum á betri verðum. Islandus automunda.com Sími 552 2000.

Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

!!! 0-200þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Jeppar

Tilboð 235þ.
Galloper árg.'98, 7 manna, dísel turbo intercooler, kerrutengi, óbreyttur, sjsk. Gott stgr. verð. Sk'11 Uppl. í s. 891 9847.

Vantar á skrá

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

Skráðu hjólhýsið, fellihýsið þitt frítt hjá okkur. Tökum vel á móti ykkur!
Getum tekið við hjólhýsum á staðin

Höfðabílar • Fosshálsi 27, 110 RVK • S. 577 4747 • hofdabilar@hofdabilar.is
www.hofdabilar.is

Pallbílar

Toyota Tacoma 4x4 Doublecab. Eigum sýningareintak með 2ja milljón króna afslætti. Vel búinn með dráttarbeisli, ljóskösturum, leðuráklæði, lituðu gleri, geislaspilara, fjarstýrðum samlæsingum, og rafmagni í öllu. Útvegum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá öllum helstu framleiðendum á betri verðum. Islandus automunda.com Sími 5522000.

Sendibílar

Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

!!! Toyota Hiace !!!
Toyota Hiace 2.7 bensin, árg 2003, ekinn aðeins 108þús, beinskiptur, afturhjóladrifin, stuttur, samlitaður, cd, flottur bíll, verð 1.390.-, Tilboðsverð aðeins 1.190.-. uppl í s:659 9696.

Vörubílar

Til sölu

Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is

Mótorhjól

Honda Crf 150 Smaal weel árgerð 2007 mjög lítið notað. Staðgreiðsluverð 470 þús. Uppl. s. 822 1920.

Kerrur

Álkerrur frá HUMBAUR, heildarþyngd 750 kg. Verð frá 165.035 kr. www.topplausnir.is Bjóðum raðgreiðslur. Topplausnir ehf. Lyngás 8, Garðabæ s:898-7126

Mótorhjólakerra Galvanhúðuð kerra fyrir 1-3 mótorhjól. Rennur stillanlegar eftir hentugleika-heildarþyngd 450 kg-burðargeta 300 kg-dekk „8. Fyrir 1 hjól: kr. 99.000 Fyrir 2 hjól: kr. 109.000 Fyrir 3 hjól: kr. 119.000 Lyfta.is-Njarðarbraut 3-Reykjanesbær-Sími 421 4037-www.lyfta.is

Hjólhýsi

Til sölu Hobby 540 UFE-Prestige. árg. ,08 m/álfelgum. V. 3.350. Uppl. í S. 897 3667.

Ferðavagna Markaður

Óskum eftir öllum gerðum af húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum á söluskrá. Mikil eftirspurn og góð sala. Stórt útipláss. Einnig til leigu hjólhýsi með sólarsellu og fortjöldum. Pantið tímanlega. Ath sum stéttarfélög veita styrk til leigunnar. ferdavagnamarkadur.is Uppl. S: 445-3367.

Fellihýsi

Fleetwood Carmel ,03. Í fullkomnu lagi skoðað 2011. 1250 þúsund. Upplýsingar í síma 822 5123 og 586 2224@gmail.com

Tjaldvagnar

Til sölu Combi Camp Venezia tjaldvagn 2004 skoðaður og vel með farinn. Stórt fortjald, geymslukassi, yfirbreiðsla, 13" dekk. Verð 650.000 kr. Upplýsingar í síma 820 0997.

Vinnuvélar

Cat 4H árg. 1990 ekin. 3200 t. Verð 4m. Vélin er í góðu standi. Máluð og lagfærð fyrir tveimur árum. Friðrik, s. 660 1680.

Lyftarar

Körfubílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

Flug

50-100 ódýrir flugtímar. Skemmtileg vél. Alltaf laus þ. viðrar. nú er tækifærið. S:8986033

Hjólbarðar

Þarftu að láta hjólastilla bílinn?
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

Varahlutir

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

VW, Skoda, Audi.
S. 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

partabílar.is 770-6400
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560
Sérhæfum okkur í Subaru, Nissan, Toyota o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs eða uppgerðar. Tökum alla bíla til förgunar gegn skilagjaldi. Dalshrun 20.

Musso varahlutir.
Erum að rífa Musso 96-04.Hyundai H 1 99.Nissan Double Cap 97.Isuzu Trooper 99.Terrano 96-00.Lanos 00-02.Nubira 02.Galloper 00.Cherokee 94 & 96 5.2.vél.Ford 250 04.Korando 98.Kia Sportage 97.Hyundai Accent 96.Ford Escort 99.Renault Clio 00 og Megan Scenis 99 .Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hf.. S.864 0984.

Viðgerðir

Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

Sláttuvéla og reiðhjóla-þjónustan - enginn biðtími !
Tek við öllum gerðum af sláttuvélum og reiðhjólum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

Þjónusta

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

Trjáklippingar / fellingar / sláttur
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Trjáklippingar
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

SÓLPALLAR, skjólveggir, öll almenn smíða og garðvinna, vanir menn og góð verð. Brynjar s: 862 8621.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar



Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málari getur bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Tökum að okkur parketslípun
um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Sjáið myndir á www.parketplankar.is Uppl í s. 772 8100

Steingæði ehf viðhaldsþjónusta
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, málingu, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Fljót og góð vinnubrögð. Komum og gerum tilboð að kostnaðarlausu.
Steingæði Uppl. í síma 899 2924
VISA - EURO - MASTER

Húsaviðgerðir
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

N & V Verktakar ehf
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

SUMARTILBOÐ! Unaðsnudd í boði, komdu og leyfðu okkur að dekra við þig. S: 692 1123.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Very good massage for men. Gsm. 690 9182.

Spádómar

Spásímar Daddýar 846 6364 og
908 1888 - 250mín
Þegar þér hentar.

Trésmíði

Góður smiður getur bætt við verkefnum S:659 9206.

Önnur þjónusta

Sjóstöng, Sjóstöng.
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

GreenHouse vor - sumarvara.
20% afsláttur af öllum vörum vörum hjá GreenHouse í dag þriðjudag. Opið 13-19 GreenHouse Rauðagerði 26

Tek að mér alla jarðvegsvinnu. Fleigun, gröft og snyrtingar. Góð þjónusta. Uppl 899 2167.

KEYPT & SELT

Til sölu

Góðurhús TILBOÐ !!! 6fm B=1,9m L=3,2m með 3mm gleri eigum örfá hús eftir verð 220þ S:552 3300.

Öryggis- og peningaskápar.

Rakke fataskápur frá Ikea. Hvítur m/ viðarhurðum. Br. 1.10, dýpt 55, hæð 2.00. Beddinge svefnsófi, 140x200 niðurlagður, grátt áklæði og púðar. Malm rúm, 140x200, svarbrúnn gafl og grind. Allt í toppstandi.

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull
Staðgreiðum gull í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

VERSLUNARTÆKNI
Allt fyrir sumarið

20 ára 1990 - 2010

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2010

199.000.- +vsk

OFC 180 Kælir
Stærð (bxdxh) 700x705x1460mm
Kæling: +2 / +8°c

229.000.- +vsk

KF 510 Frystir
Stærð (bxdxh) 600x630x1900mm
Kæling: -10 / -24°c

99.000.- +vsk

KK 420 Kælir
Stærð (bxdxh) 590x615x1945mm
Kæling: +2/ +12°c

99.000.- +vsk

RTW 100 Kælir
Stærð (bxdxh) 682x450x675mm
Kæling: +2 / +12°c

99.000.- +vsk

TK 41 Kælir
Stærð (øxh) 740x440mm
Kæling: +2 / +10°c

39.900.- +vsk

DSE Vindskilti 50x70cm
Stærð (bxh) 61,2 x 101cm
Plakatstærð 50x70cm

22.900.- +vsk

DSE "A" skilti 50x70cm
Stærð (bxh) 58 x 111cm
Plakatstærð 50x70cm

9900.- +vsk

DSE Bæklingastandur A4
Álstandur með plastvasa
Portrait eða landscape

49.000.- +vsk

easyturn Númerakerfi
Miðaskammtari,skjár. fjarstýring og miðarúlla

Tilboðskarfa 9900.- +vsk
Stærð (bxdxh) 530x380x775mm

Hjólahnallur 7900.- +vsk
Stærð (øxh) 445x420mm

Handkörfur 1490.- +vsk
Til í mörgum litum

PRITEC Flugnabani 16.900.- +vsk
Fyrir 180m² í dagsljósi

dancop Eftirlitsspeglar
Margar stærðir og útfærslur

haaga Sópari með 3 burstum
50 lítra safnhólf

Stubbahús á vegg eða frístandandi
Vegg eða frístandandi

Topsy 2000 Sorptunnur
Til í mörgum litum

MECALUX
Starfsmannaskápar

1, 2 eða 4 hurðir í hverjum skáp

Pöntunarsími 5351300
verslun@verslun.is – Dragháls 4 – 110 Reykjavík

Sjáðu úrvalið inn á www.verslun.is

Heimilistæki

Þvottavélar, varahlutir.
Til sölu yfirfarnar þvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig mjög ódýrir VARAHLUTIR í þvottavélar. S. 847 5545, Síðumúli 37.

Til bygginga

Fjölbreytt úrval! Krossviður- Gipsplötur- Einangrun-Þakpappi-MDF-Pallettutimbur. www.ulfurinn.is - s: 555 7905.

Verslun

10% afsláttur af nýjum vörum! Síðustu dagar lagersölu. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

SPA - DREAM OASIS
Fáðu kort og nudd frítt.
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

NUDD
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SUMARSKÓLI: STÆ 202/303, EÐL103/203, ICELANDIC - NORSKA - ANGIELSKI
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30/18:00-19:30, start 31/5, 28/6, 3/8. Level II: 4 w: Md to Fr; st. 19:45-21:15, st: 31/5, 28/6. Level III: 4w:13-14:30 st: 31/5. Level V: 4w: Md-Fri 8-9:30 st. 31/5 Level VIII Sat/Sun 17-18:30 st 29/5. SUMARSKÓLI: Framhaldsskóla- prófáfangar STÆ/EÐL Byrja 14/6. NORSKA: stig I: 4 vikur, mán til fös 19:45-21:15, stig I: 7/6, stig II: 6/8 ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I, 5 weeks, Md to Thu: 10:30-12:00 or 19:15-20:45 st. 7/6. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

SIGLINGANÁMSKEIÐ
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

HEIMILIÐ

Dýrahald



Hreinræktaðir Rottweiler hvolpar til sölu! Afhendast heilsufarsskoðaðir, örmerktir og með ÆTTBÓK. Uppl. í s. 662 3860.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Íbúð til leigu sv.201 Kóp. Laus frá 1.júní með húsgögnum. V. 120þ, 2mán trygging. Uppl. í S. 891 9434.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. Eldri en 26 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16.

2 herb. íbúð á Bergstaðastræti, með húsgögnum. V. 90þ. Uppl. í 868 0990.

48fm 2 herb. íbúð á 1 hæð á sv. 104. Leiga 90þ. Uppl. í s. 868 0990.

Lítil stúdíóíbúð á Seltjarnarnesi til leigu. Hentar eingöngu einstaklingi, reyklausum og rólegum. 50 þ. á mán. m. rafm. og hita. S. 864 8822

Til leigu frá 1.júní tvær íbúðir í Keflavík: 3 herb.67 fermetra á 70 þús. og 3 herb. 85 fermetra á 80 þús. Hiti, rafmang og hússjóður innifalið í leigu Upplýs. í síma 8961603, Svavar.

Snyrtileg stúdíóíbúð á 3.hæð í Seljahverfi, stórar svalir. Leiga 74þús með hússjóð og hita, 2.mán í bankaábyrgð. Uppl. egilla@ru.is eða s. 696 1820 Sveinn

Til leigu Björt, ný standsett og skemmtileg 55 fm 2ja herb. íbúð á fyrstu hæð í miðbæ Kópavogs. Uppl. í s. 554 1238.

Rúmgóð herb. til leigu í 105. Sameiginl. eldh, bað & þv.hús. Frá 32 þús/mán rafm, hiti & internet innifalið. 863 5514

Húsnæði óskast

105, 101 eða 107 og meðmæli. Traustur, skilvís og reyklaus aðili óskar eftir íbúð amk. 3ja herbergja. Einhv.húsgögn og búnaður mætti fylgja. Uppl. s. 6982727 / netid netid.is.

Óskum eftir húsn. í Kóp til leigu. Linda, Sala, Kóra, Hjalla, Smárahverfi. Hæð, raðh., parh., með palli, garði. Lágm. 3 svefnherb. S. 690 3622.

Atvinnuhúsnæði

Ibúd óskast: 22.06-2.07 á höfudborgarsvædinu. Norsk hjón a midjum aldri i sumarfrii. Tlf. + 47 51617421 (e. kl. 14.00)

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Gisting

Nýtt!! Glæsileg 5 herbergja íbúða við miðbæ Akureyrar rétt við sundlaugina. Íbúðin er vel útbúin og með heitum potti. Uppl. í síma 865-9429

ATVINNA

Atvinna í boði

Geysir - Bistró Aðalstræti
Erum að leita af duglegu fólki í aukavinnu með okkur í sal og eldhús. Ekki yngri en 20 ára. Upplýsingar veitir Helga í s. 517 4300 milli kl. 10-14.

Matráður óskast í lítið mötuneyti í ca 3 mánuði. Uppl. í s. 847 6727.

Hefur þú brennandi áhuga á snyrtivörum og vilt kynnast AVON tækifærinu ?
Avon leitar að öflugum sölufulltrúum um allt land. Hafðu samband í síma 5772150 eða ths@avon.is

Vanntar duglegan sölumann í stutt verkefni ca. 30 daga. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf og söluhæfileika. Upplýsingar veittar í síma 841 8800 Elías.

Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Einkamál

Spjalldömur 908 1616

Opið þegar þér hentar.

908 1616.

Atvinna

GOTTKORT

leitar af skemmtilegu og metnaðarfullu fólki í vinnu í símarverið okkar.

Góð laun í boði fyrir fyrir rétta fólkið.

Umsóknir sendist á simaver@gottkort.is

Útboð

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur:

Norðlingaholt og Sléttuvegur 2010.
Gönguleiðir og ræktun.
Útboðsgögn á geisladiski verða seld á 2.000 kr. frá og með 1. júní 2010 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 15. júní 2010 kl. 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12442

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Orkuveita Reykjavíkur

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Þjónusta

María Hildur Maack í íslenskri sveit snemma á 7. áratug síðustu aldar.
MYND/RAFN HAFNFJÖRÐ.

Börn í 100 ár

Sýningin Börn í hundrað ár opnar aftur í dag eftir vetrarfrí í Safnahúsi Borgarfjarðar.

Á sýningunni fæst óvenjulegt sjónarhorn á sögu Íslands á 20. öld þar sem hún er tengd lífi og umhverfi barnanna í landinu. Sýningin er hönnuð af Snorra Frey Hilmarssyni, leikmyndateiknara og samanstendur af ljósmyndum og sýningarhólfum í veggjum sem gestir geta opnað eins og á jóladagatali. Á sýningunni er einnig stillt upp gamalli baðstofu frá Úlfsstöðum í Hálsasveit auk þess sem gestir ganga um herbergi unglings í nútímanum frá árinu 2008, hannað og innréttað af IKEA á Íslandi.

Sýningin verður opin alla daga frá klukkan 13 til 18 fram til 1. september. Aðgangseyrir er 600 kr., en ókeypis fyrir börn að 16 ára aldri. Hægt er að bóka leiðsögn fyrir hópa á safnahus@safnahus.is. - rat

Upptaktur að Frakklandsferð

Diddú og drengirnir verða með tónleika í Guðríðarkirkju í Grafarholti annað kvöld klukkan 20 og flytur þar „bland í poka“ að sögn söngkonunnar Sigrúnar Hjálmtýsdóttur sem er í broddi fylkingar. Aðrir í hópnum eru Sigurður I. Snorrason, Kjartan Óskarsson, Emil Friðfinnsson, Þorkell Jóelsson, Brjánn Ingason og Björn Árnason. „Guðríðarkirkja í Grafarholti er frábært tónlistarhús,“ segir Sigrún og tekur fram að hópurinn verði líka austur á Eskifirði á sjómannadaginn.

Allt er þetta svo upptakturinn að tónleikaferð til Frakklands sem Diddú og drengirnir ætla í, í júlíbyrjun. „Þar munum við ferðast vítt og breitt um Alsass-héraðið og halda ferna mismunandi tónleika, meðal annars í Strassborg,“ upplýsir söngkonan og segir franskan kór koma fram með þeim á einum staðnum. - gun

DIDDÚ OG DRENGIRNIR Á leið til Frakklands en fyrst með tónleika í Guðríðarkirkju og á Eskifirði.

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir og amma,

Þuríður Þorbjörg Káradóttir,
Strikinu 4, Garðabæ,

lést að heimili sínu laugardaginn 29. maí. Útför fer fram frá Neskirkju föstudaginn 4. júní kl. 15.00. Þökkum sérstaklega Karitaskonum fyrir frábæra umönnun í veikindum hennar.

Geir Guðmundsson
Halla Kristín Geirsdóttir
Guðmundur Karl Geirsson **Elín Sigríður Grétarsdóttir**
Kári Geirsson **Gan Songkrant**
Kári Halldórsson
Þórhallur Kárason
Þórir Kristinn Kárason
Kristjana Káradóttir
Katla Sóley Guðmundsdóttir
Jóhann Jökull Salbergsson

---

†

Ástkær sambýliskona mín, systir, mágkona og frænka,

Kristín María Bagguley,
Rafnkelsstaðavegi 8, Garði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi í Garði miðvikudaginn 26. maí. Jarðarförin fer fram frá Útskálakirkju laugardaginn 5. júní kl. 14.00.

Reidar Óskarsson
ættingjar og vinir.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Halldóra Sigurðardóttir,

sem lést þann 27. maí sl. á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund verður jarðsungin frá kirkju Óháða safnaðarins fimmtudaginn 3. júní kl. 15.00.

Arnór Þorgeirsson **Rósa Pálsdóttir**
Þorgeir A. Þorgeirsson **Jóna Rebekka Högnadóttir**
Stefán Stefánsson **Erla Gunnarsdóttir**
Kristín Huld Harðardóttir
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.

---

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásthildur Þorsteinsdóttir
ljósmóðir, frá Hróarsholti í Flóa, seinna Kaplaskjólsvegi 63,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík 27. maí, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 3. júní kl. 15.00.

Ágúst Halldórsson
Rannveig Halldórsdóttir
Ólöf Halldórsdóttir **Haraldur Sigurðsson**
Guðmundur Halldórsson **Elsa B. Sveinbjörnsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sveinn Stefánsson,
fyrrverandi lögregluþjónn, áður til heimilis á Hagamel 29,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir aðfaranótt þriðjudagsins 25. maí sl. Jarðsungið verður frá Grafarvogskirkju föstudaginn 4. júní kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Sigrún Sveinsdóttir

---

†

Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sveinn Ólafsson
myndskeri frá Lambavatni,

lést á líknardeild Landakotsspítala L5 fimmtudaginn 20. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Jóna Gíslunn Árnadóttir
Hólmfríður Steinunn Sveinsdóttir **Hilmar Össurarson**
Inga Guðrún Sveinsdóttir **Tómas Walter Maríuson**
Ólafur Sveinsson **Aðalbjörg Jónsdóttir**
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

---

†

Bróðir okkar, mágur og svili,

Halldór J. Jónsson,
cand. mag., Sólheimum 27, Reykjavík,

lést 21. maí sl. Jarðarförin hefur farið fram.

Ása Jónsdóttir
Snorri Jónsson
Sigrún Jónsdóttir
Stefán Sch. Thorsteinsson **Erna Tryggvadóttir**

---

†

Elskulegur eiginmaður minn,

Bragi Reynir Friðriksson,
fyrrverandi sóknarprestur,
Sautjándajúnítorgi 1, Garðabæ,

lést á Landspítalanum 27. maí. Útförin verður auglýst síðar.

Katrín Eyjólfsdóttir

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Guðleifsson,
Árskógum 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, 29. maí síðastliðinn. Útförin verður gerð frá Bústaðakirkju mánudaginn 7. júní og hefst athöfnin klukkan 13.00.

Guðleifur Sigurðsson **Ingibjörg B. Frímannsdóttir**
Gíslína Kolbrún Sigurðardóttir
Sigríður Erla Sigurðardóttir, **Þórarinn I. Sigvaldason**
Gróa Sigurðardóttir
Sólrún Alda Sigurðardóttir **Gunnar Júlíusson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

María Sigríður Helgadóttir
Kringlumýri 12, Akureyri,

sem lést á Dvalarheimilinu Hlíð 27. maí, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 3. júní klukkan 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð.

Jóhann Sverrisson **Ásta Hansen**
Svanfríður Sverrisdóttir **Jón Á. Eyjólfsson**
Jón Haukur Sverrisson
Elísabet Sverrisdóttir **Sigfús Ó. Jónsson**
barnabörn og langömmubörn.

---

†

Elskulegur bróðir okkar og frændi,

Filippus Hannesson
Núpsstað,

verður jarðsunginn frá Bænhúsinu Núpsstað 4. júní kl.14.00.

Margrét Hannesdóttir
Jón Hannesson
Jóna Aðalbjörg Hannessóttir
Ágústa Þorbjörg Hannesdóttir
systkinabörn og aðrir ættingjar.

TOPPKILJUR

Spennandi!

1. Sæti

Kiljulisti 19.–25.05.10

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

★ ★ ★ ★

„... heldur lesandanum við efnið allan tímann."
SG / Morgunblaðið

Grípandi!

2. prentun komin

2. Sæti

Kiljulisti 19.–25.05.10

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

„Mér finnst þessi bók algjörlega dásamleg ..."
KS / midjan.is

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Maður skiptir ekki við hrotta

BAKÞANKAR
Kolbeins Óttarssonar Proppé

Jæja. Þá hefur Ísraelum tekist að ganga fram af manni einu sinni enn. Ekki vegna þess að maður hafi til þeirra miklar væntingar; þeir hafa fyrir löngu sýnt að þeir láta sér fátt fyrir brjósti brenna. En einhvern veginn bjóst maður ekki við að þeir sykkju eins lágt og raun ber vitni. En kannski átti maður ekki að verða hissa, ekki þegar Ísraelar eru annars vegar.

ÞEIR hafa áratugum saman farið sínu fram algjörlega óáreittir fyrir botni Miðjarðarhafs. Raunar hefur sá stuðningur sem þeir hafa notið frá Bandaríkjunum verið þeim hvatning til frekari óhæfuverka. Getuleysi alþjóðasamfélagsins til að taka á stöðugum brotum þeirra á alþjóðasamskiptum er okkur öllum til skammar. Því þó stóru leikendur á vettvangi alþjóðlegra stjórnmála slái tóninn, er grimmúðleg meðferð Ísraela á Palestínumönnum á ábyrgð heimsins alls. Líka okkar Íslendinga.

ÞAÐ er þannig á ábyrgð stjórnvalda að gera nú loksins eitthvað þegar kemur að glæpum Ísraela. Ekkert minna en slit á stjórnmálasamstarfi er rétt svar við því að ráðast um borð í skip á alþjóðlegu hafsvæði. Alþjóðasamfélagið hefur tekið höndum saman til að verjast árásum sómalískra sjóræningja. Af hverju ættu ísraelskir sjóræningjar að njóta annarrar meðferðar?

SKÖMM íslenskra ráðherra verður því lengi í minnum höfð ef á að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist gagnvart Ísrael. Þó Ísland sé ekki stórt land – og að blessunarlega hafi trú landsmanna á eigin ofurmennsku beðið hnekki – þá yrðu það ekkert minna en stórtíðindi ef vestrænt ríki sliti stjórnmálasamstarfi við Ísrael vegna árásarinnar á skipalestina. Það yrði meiri háttar áfall fyrir utanríkisstefnu Ísraela og yrði ráðamönnum um allan heim hvatning til svipaðra aðgerða. Almenningur í löndum heimsins hefði þannig fordæmi til að benda á.

EF ríkisstjórnin meinar eitthvað með sínum fallegu orðum um frið og baráttu gegn ranglæti þá er búið að slíta stjórnmálasamstarfinu um það leyti sem lesendur renna yfir þessar línur. Það á ekkert að vera að flækja þessi mál og flétta inn í flókin alþjóðleg samskipti og hagsmuni. Maður skiptir ekki við hrotta og gefur þau skilaboð út án nokkurra vandkvæða.

EF ríkisstjórnin ætlar hins vegar að grípa til einhverra málamyndaaðgerða eins og að senda út pappírssnifsi eða harma morðin þá hefur hún brugðist hugsjón friðar og mannúðar.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar verða gerðar á frídreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa á kjarnadreifingarsvæði* okkar.

Nýbreytnin felst í að frídreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnasvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða annarri dreifingu.

Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170.

Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **www.visir.is/dreifing**.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið það sent sem PDF á morgnanna ef þú óskar þess.

Allt sem þú þarft...

*Kjarnasvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.

Kl. 21 í Múlanum

Kvartett Sigurðar Flosasonar og Ásgeir Ásgeirsson leika á djassklúbbnum Múlanum á morgun og fimmtudag í nýrri sumartónleikaröð á nýjum stað sem hefur gengið í gegnum miklar endurbætur og heitir Bar 11. Þessi nýi tónleikastaður er á sama stað og Kaffi Kúltúr var á Hverfisgötunni. Kvartettinn leikur frumsamda djasstónlist úr smiðju þeirra Sigurðar og Ásgeirs, nýja tónlist og einnig lög sem hafa komið út á diskum á undanförnum árum.

menning

menning@frettabladid.is

Yfirvofandi verðlaunað

Um helgina voru tilkynnt úrslit í keppni útvarpsleikhúsa á Norðurlöndunum um besta útvarpsleikverkið. Hlaut Útvarpsleikhúsið – RÚV önnur verðlaun fyrir Yfirvofandi eftir Sigtrygg Magnason í leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar og með frumsaminni tónlist Úlfs Eldjárns.

Edda Arnljótsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson og Jörundur Ragnarsson fóru með hlutverkin í verkinu. Hljóðvinnslu annaðist Einar Sigurðsson. Deilir Útvarpsleikhúsið öðru sæti með útvarpsleikhúsi sænska ríkisútvarpsins, SR, sem sendi verkið Gas í keppnina, þar sem þau urðu jöfn að stigum.

Fyrstu verðlaun féllu í skaut útvarpsleikhúss norska ríkisútvarpsins fyrir verkið Salme fra Østfronten.

Norðmenn urðu einnig hlutskarpastir síðast þegar verðlaunin voru veitt, árið 2008. En þar áður, árið 2005, hampaði Ísland fyrstu verðlaununum fyrir Svefnhjólið eftir Gyrði Elíasson í útvarpsleikgerð og leikstjórn Bjarna Jónssonar með tónlist eftir hljómsveitina múm.

Norrænu útvarpsleikhúsin þykja hvað öflugust í Evrópu, þar sem útvarpsleiklist er í hávegum höfð. Í samkeppni evrópskra útvarpsstöðva um bestu útvarpsleikverkin, Prix Europa, hafa norrænu útvarpsstöðvarnar gjarnan blandað sér í toppbaráttuna. Á síðasta ári kepptu 40 útvarpsleikverk frá 35 útvarpsstöðvum til úrslita í aðalkeppninni og hlaut Útvarpsleikhúsið 6. sæti fyrir Augu þín sáu mig eftir Sjón.

LEIKLIST Sigtryggur Magnason leikskáld

> Ekki missa af

síðustu sýningum í Norðurpólnum í Bygggörðum, Seltjarnarnesi á KYRRJU – glænýju dansverki Ragnheiðar Bjarnarson – sem verður sýnt þar 3. og 4. júní. Ragnheiður S. Bjarnarson útskrifaðist af dansbraut Listaháskóla Íslands í fyrsta útskriftarárganginum. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Ragnheiður unnið við danslistina í fjöldamörg ár. Hún er meðlimur í danshópnum Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan, en hópurinn var tilnefndur til Grímunnar á síðasta ári. Þetta er fyrsta sólóverk Ragnheiðar eftir útskrift.

Einar Már fær tíu þúsund danskar

Tilkynnt var í liðinni viku að rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson hlyti viðurkenningu úr minningasjóði danska rithöfundarins og róttæklingsins Carls Scharnbergs. Verðlaunin hlýtur Einar fyrir ritstörf sín og virka þátttöku í samfélagsumræðu. Í umsögn valnefndarinnar segir meðal annars. „Einar Már Guðmundsson er einstakur maður. Í Hvítu bókinni sameinar hann skarpa samfélagsgreiningu og ljóðræna yfirsýn á óvenjulegan hátt, og í yfirstandandi deilu Íslendinga um leiðir út úr kreppunni er hann ötull talsmaður þess að fjármálafurstar og pólitíska valda-og fjölmiðlaelítan beri ábyrgð en ekki íslenska þjóðin.“ Verðlaunin nema 10.000 dönskum krónum og verða þau veitt við hátíðlega athöfn þann 9. júní næstkomandi.

BÓKMENNTIR Einar Már fær dönsk peningaverðlaun.

Hvítbók Einars Más hefur þegar verið gefin út í Þýskalandi og Noregi auk Danmerkur og hlotið frábærar undirtekir, segir í tilkynningu frá forleggjara Einars hér á landi.

Eldhúsið lifnar við

Leikhús ★★★

Herra Pottur og ungfrú Lok

Tónaævintýri fyrir börn eftir Bohuslav Martinu

byggt á sögu eftir Christopher Garda.

Sögumaður og leikari: Sólveig Simha

Þýðing: Hlöðver Ellertsson

Leikmynd, brúður og búningar: Katrín Þorvaldsdóttir

Hljóð og ljós: Kristinn Gauti Einarsson

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir

LEIKLIST Sólveig Simha leikur á als oddi í brúðu- og tónlistarsýningu Óperarctic-félagið, Listahátíðar og Þjóðleikhússins í Kúlunni. MYND/EDDI

Í ævintýralegri leikmynd birtist okkur stúlka sem segir okkur frá innviðum eldhússins þar sem potturinn er í aðalhlutverki. Hann á í nánu sambandi við lokið sem er ungfrú Lok en lætur glepjast af daðurdrósinni Kvörn sem dillar sér og tekst nánast að draga hann á tálar. Klútur lifnar líka við og verður hluti af leiknum sem og strangur sópur sem birtist í líki lögreglumanns. Meðan sagan er sögð hljóma tónar sem sex hljóðfæraleikarar skapa í flottum þykjustuhermannaklæðum.

Þetta eru persónur sem verða til í draumi litla drengsins Bohuslavs sem sýndur er sem agnarlítil brúða og lagður til hvílu í pínulitlu rúmi í upphafi leiks. Hér blandast amerísk og evrópsk tónlistarhefð frá upphafi aldarinnar sem leið og smeygir sér inn í frásögn sögumannsins. Þetta var falleg og vel unnin mynd og skemmtileg blanda af tónum og brúðuleik.

Þegar stúlkan birtist í myrkrinu og með simssalabims hreyfingum kveikir ljós í ýmsum skúmaskotum eldhússins kviknar á eftirtektinni hjá smáfólkinu einnig.

Sagan sjálf er kannski ekki alveg nógu grípandi fyrir minnstu börnin en úrvinnslan einstaklega heillandi. Sólveig Simha talar lýtalausa íslensku þó henni sé greinilega franskan tamari og það var skemmtilegt þegar hún brá fyrir sig franskri tungu inn á milli. Hún hefur einkar gott vald á látbragði trúðsins án þess að um nokkurn yfirleik sé að ræða. Hreyfingar hennar og svipbrigði fönguðu athygli allra og litlir munnar stóðu opnir í hálfa gátt.

Sýningin verður síðar einnig sýnd algerlega á frönsku. Leikmynd Katrínar Þorvaldsdóttur minnti á þöglu myndirnar. Draugalegt en þó svo heillandi eldhúsið leiddi hugann inn í ævintýralandið. Það er ekki erfitt að ímynda sér hvernig verkið í upphafi var hugsað sem ballett. Hér er verið að kynna töfraheim klassískrar tónlistar fyrir börn og tekst vel til þó svo að rýmið hafi verið heldur þröngt fyrir þennan öfluga tónlistarflokk. Markmið hópsins er að vekja áhuga á þessu samfléttaða listformi fyrir yngstu áhorfendurna, það er rödd, sagan, líkaminn og hljóðfærin. Tónskáldið Bohuslav Martinu (1890-1959) vakti mikla athygli í Parísarborg þegar verkið La revue de cusine var fyrst sýnt sem ballett árið 1927. Það er svo árið 2007 sem verkið var frumflutt í þeirri mynd sem það birtist hér. Sólveig Sihma tók þá þátt í upptökum á vegum franska útgefandans Intrada og síðan þýddi Hlöðver Ellertsson söguna á íslensku. Þetta er heildstætt listaverk alls ekki síður ætlað fullorðnum en börnum. Uppfærslan er í samvinnu við Óperarctic-félagið og sú fyrsta sinnar tegundar hérlendis.

Elísabet Brekkan

Niðurstaða: Það er alveg óhætt að mæla með þessum menningarviðburði fyrir alla aldurshópa.

Hans klaufi í Elliðaárdalnum

Leikhópurinn Lotta frumsýndi fjölskylduleiksýninguna Hans klaufa í Elliðaárdalnum á laugardag. Þetta er fjórða sumarið sem Leikhópurinn Lotta tekur sig til og setur upp barnasýningu utandyra. Sumarið 2007 var hið sívinsæla verk Torbjörns Egner, Dýrin í Hálsaskógi, sett á svið, 2008 var það Galdrakarlinn í Oz í nýrri leikgerð Ármanns Guðmundssonar og síðasta sumar Rauðhetta eftir Snæbjörn Ragnarsson.

Verkið skrifaði Ljóti hálfvitinn Snæbjörn Ragnarsson en auk Hans klaufa koma við sögu aðrar þekktar persónur úr ævintýraheiminum. Þar má til dæmis nefna Öskubusku og froskaprinsinn. Verkið segir frá því þegar Aron prins og aðstoðarmaður hans, Hans klaufi, koma heim úr löngu ferðalagi. Þegar heim kemur komast þeir að því að ekki er allt með felldu. Norn hefur komið þangað í fjarveru þeirra, lagt álög á kóngsríkið og svæft alla þegna þess og til að bæta gráu ofan á svart breytir hún Aroni prins í frosk. Nú eru góð ráð dýr og er það undir Hans klaufa komið að aflétta álögunum og bjarga kóngsríkinu. Verst bara hvað hann er mikill klaufi.

Hans klaufi hefur reyndar áður birst í sýningum Leikhópsins Lottu en það var síðasta sumar í verkinu Rauðhettu. Kom hann fram sem bróðir Grétu en þau systkinin voru send út í skóg af föður sínum þar sem þau síðar fundu sælgætishús og voru tekin til fanga af illgjarnri norn.

Í framhaldi af frumsýningunni mun Leikhópurinn Lotta ferðast um landið með Hans klaufa. Sýndar verða tæplega áttatíu á fleiri en fimmtíu stöðum um allt land. Miðaverð er 1.500 krónur Þetta er því ódýr fjölskylduskemmtun sem enginn má láta fram hjá sér fara. Næsta sýning verður í Kópavogi í dag kl. 18 og svo aftur í Elliðaárdalnum á morgun kl. 18. Á laugardag verður sýning í Hafnarfirði. Áhorfendum er bent á að klæða sig eftir veðri og taka með sér teppi til að sitja á. Þá eru allir hvattir til að hafa myndavél meðferðis því eftir sýningu fá börnin að spjalla við persónurnar úr leikritinu, skoða alla leikmyndina og kynnast þannig enn betur töfrum leikhússins.

LEIKLIST Hans klaufi og nokkrar persónur í nýrri sýningu farandleikhópsins Lottu sem sýnir í sumar um allt land.

Nánari upplýsingar um sýningarplan og nákvæmari leiðsögn að sýningarstöðum má finna á heimasíðu hópsins, www.leikhopurinnlotta.is, og á síðu hópsins á facebook. - pbb

SUMARSÝNING

á málverkum og grafíkmyndum eftir Tryggva Ólafsson verður opnuð í Safnahúsinu í Neskaupstað kl. 13.00 í dag, þriðjudaginn 1. júní, á 70 ára afmælisdegi listamannsins.

Sýningin verður opin á milli klukkan 13 og 17 alla daga í sumar.

Megin uppistaða sýningarinnar í ár eru verk sem safnið hefur eignast á síðustu þremur árum.

- Grafíkmyndir og listaverkbók um Tryggva til sölu. Góðar útskriftar-, afmælis- og tækifærisgjafir.
- Fjölbreytt myndskreytt kort fáanleg.

Stjórn safnsins sendir Tryggva Ólafssyni bestu afmæliskveðjur í tilefni 70 ára afmælis hans.

> VILL ELDAST

Leikkonan síunga Cameron Diaz segist ekkert hafa á móti því að eldast, en leikkonan er 37 ára gömul. „Ég vil ekki líta út eins og ég sé 25 ára aftur. Ég nýt þess að vera ungleg á meðan það varir, en ég hef ekkert á móti því að eldast."

fólk

folk@frettabladid.is

Enn ein ástæðan til að hata U2

New York-sveitin Interpol hefur hætt við fjölda tónleika sem voru fyrirhugaðir í Bandaríkjunum. Það var gert í kjölfarið á því að U2 neyddist til að fresta tónleikum vegna bakaðgerðar sem Bono er á leiðinni í. Interpol átti að hita upp fyrir U2, en hafði skipulagt fjölda tónleika víða um Bandaríkin í kringum tónleikaferðina. Hætt hefur verið við þessa tónleika.

Interpol kemur því aðeins fram á fjórum tónleikum í Bandaríkjunum áður en hljómsveitin heldur til Evrópu í haust. Þar til annað kemur í ljós.

Ný plata er væntanleg frá Interpol, en hún fylgir eftir Our Love to Admire sem kom út árið 2007. Carlos Dengler, bassaleikari hljómsveitarinnar, sagði nýlega skilið við félaga sína, en óvíst er hver plokkar bassann með Interpol í sumar.

- afb

FJANDANS U2! Interpol hefur neyðst til að hætta við fjölda tónleika vegna bakaðgerðar Bono, söngvara U2.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð 7. júní

Síðustu forvöð að koma verkum inn á næsta listmunauppboð

LISTMUNASALA fold

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-0400, 896-6511 (Tryggvi), 845-0450 (Jóhann)

Opið laugardaginn 3. apríl kl. 11–14

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Kanye notar King Crimson

Rapparinn Kanye West hélt nýlega óvænt partí þar sem hann flutti nýtt lag. Lagið er það fyrsta af væntanlegri plötu Wests, heitir Power og ku bera nafn með rentu.

West leitar í smiðju proggkónganna í hljómsveitinni King Crimson og notar stef úr laginu 21st Century Schizoid Man.

Væntanleg plata hefur hlotið nafnið Good Ass Job og söngvarinn Dwele, sem söng með West í smellinum Flashing Lights, syngur á ný með rapparanum í Power, sem er unnið með Symbolic One.

Tónlistin á nýju plötunni ku vera meira í anda fyrstu þriggja platna Wests. Á síðustu plötu, 808s and Heartbreak sem kom út árið 2008, fór hann dramatískari leið, öfugt við fjöruga takta fyrri verka.

PROGGAÐUR WEST Kanye West sendir frá sér nýja plötu á næstunni.

FRÁBÆRIR ÞÆTTIR

The Wire eru margslungnir bandarískir sjónvarpsþættir. Á myndinni er Omar, eins konar Hrói höttur fátækrahverfanna sem rænir eiturlyfjasala og deilir auðinum. Höfundur þáttanna er **David Simon**, fyrrverandi blaðamaður hjá Baltimore Sun. **Jón Gnarr** er mikill aðdáandi The Wire.

Opinn fundur

Starfsmenntaráðs verður haldinn fimmtudaginn 3. júní 2010 kl. 9:15 – 10:30 í húsakynnum BSRB, Grettisgötu 89, Reykjavík.
Sent verður með fjarfundabúnaði út til símenntunarmiðstöðva á landinu.
Áhugasamir eru hvattir til að mæta og taka þátt í fundinum.

Dagskrá:

- **1.** Starf Starfsmenntaráðs sl. ár
- **2.** Úthlutanir úr starfsmenntasjóði 2009
- **3.** Áherslur Starfsmenntaráðs við úthlutanir úr Starfsmenntasjóði 2010
- **4.** Önnur mál

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það úthlutar styrkjum til starfsmenntunar og er stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar.

STARFSMENNTARÁÐ

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

RAUNSÆIR OG MARGSLUNGNIR

Jón Gnarr, formaður Besta flokksins, hefur sett það sem skilyrði að samstarfsmenn sínir í borgarstjórn hafi horft á sjónvarpsþáttaröðina The Wire. En hvers konar þættir eru þetta eiginlega?

The Wire eru margslungnir bandarískir sjónvarpsþættir sem gerast í Baltimore í Maryland og fjalla á raunsæjan hátt um hina ýmsu þætti samfélagsgerðarinnar þar í borg. Þeir voru frumsýndir árið 2002 og luku göngu sinni 2008 eftir að sextíu þættir höfðu verið framleiddir í alls fimm þáttaröðum. Hér heima voru þeir sýndir á Stöð 2.

The Wire er hugarfóstur Davids Simon sem starfaði sem blaðamaður hjá The Baltimore Sun á árunum 1982 til 1995. Þar skrifaði hann um glæpi og varð sér úti um mikla þekkingu á þessum málaflokki. Árið 1991 skrifaði hann bókina Homicide: A Year on the Killing Street sem fjallaði um morðdeild lögreglunnar í Baltimore. Bókin hlaut mjög góðar viðtökur og í kjölfarið var framleidd sjónvarpsþáttaröðin Homicide: Life on the Street sem var byggð á henni. Simon var einn af handritshöfundum seríunnar og árið 1995 hætti hann störfum á dagblaðinu til að einbeita sér að skrifunum. Þáttaröðin gekk í sex ár við góðar undirtektir, eða til ársins 1999.

Næst á dagskrá hjá Simon var önnur þáttaröð, The Corner, sem var byggð á samnefndri bók hans um fátæka fjölskyldu í Baltimore og kynni hennar af fíkniefnaheiminum. Sex þættir voru teknir upp og voru þeir sýndir árið 2000.

Eftir það var röðin komin að The Wire. Hver þáttaröð samanstóð af einni hlið Baltimore-borgar. Tekin voru fyrir fíkniefnaviðskipti, flutningsleið fíkniefnanna, stjórnsýsla borgarinnar í sinni spilltustu mynd, skólakerfið og prentmiðlarnir.

Þrátt fyrir að The Wire hafi verið lýst sem glæpaþáttum eru þeir að mati Davids Simon í raun og veru um hefðbundna bandaríska stórborg, samskipti fólksins og það hvernig hinar ýmsu stofnanir hafa áhrif á einstaklingana. Þrátt fyrir að þættirnir hafi aldrei hlotið nein stór verðlaun eða notið útbreiddrar hylli telja sumir gagnrýnendur að þeir séu þeir vönduðustu sem hafa nokkru sinni verið framleiddir.

freyr@frettabladid.is

MYNDATÖKUMAÐUR THE WIRE

Kvikmyndatökumaðurinn **Egill Örn Egilsson,** eða Eagle Egilsson, stjórnaði myndatöku á sjö þáttum af The Wire árið 2004. Egill er þekktastur fyrir að hafa tekið upp CSI: Miami þar sem Horatio Cane leysti hvert sakamálið á fætur öðru. Einnig hefur hann á ferilskránni lögguþáttinn Dark Blue og Miami Medical.

Nikon

At the heart of the image

NIKON S3000 Sumartilboð

Nett og meðfærileg myndavél með
4x aðdrætti - hentar við öll tilefni.
Íslenskur leiðarvísir.
Nú fylgir Golla taska að verðmæti
3.500 kr. með. **Verð: 29.995 kr.**

I AM YOUR BEST SUMMER DEAL

NIKON D3000 Sumartilboð

Frábær stafræn SLR myndavél fyrir byrjendur. GUIDE valmyndin auðveldar þér að taka betri myndir strax. Nú fylgir með taska, 2GB minniskort, linsuklútur og strandbolti ásamt íslenskum leiðarvísi og Nikon School námskeiði.
Verð frá 99.995 kr.

www.iamnikon.is

Heimilistæki Suðurlandsbraut 26 og umboðsmenn um land allt | **Sjónvarpsmiðstöðin** Síðumúla 2 | **Beco** Langholtsvegi 84 | **Fotoval** Skipholti 50b | **MAX** Kauptúni 1

Skapandi fram á ögurstund

Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi varð þeirrar gæfu aðnjótandi að vinna náið með leikaranum Dennis Hopper sem lést á laugardagskvöldið eftir langvinn veikindi. Sigurjón segist hafa þegið margar góðar ráðleggingar frá goðsögninni.

VORU GÓÐIR VINIR

Sigurjón Sighvatsson kynntist bandaríska leikaranum **Dennis Hopper** nokkuð vel en Hopper lék í tveimur myndum Sigurjóns. Kvikmyndaframleiðandinn segir að Hopper hafi verið einstakur og frábær manneskja.

„Við þekktumst vel, hann lék í tveimur myndum sem ég framleiddi og þar að auki gaf hann mér fullt af ráðleggingum þegar ég var að koma myndinni Basquiat á kopp," segir kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson. Hann sér mikið eftir bandaríska stórleikaranum Dennis Hopper sem andaðist á heimili sínu í Kaliforníu á laugardaginn. Sigurjón segist hafa haldið góðu sambandi við Hopper í gegnum tíðina og hann segist hafa farið að ráðum leikarans þegar Julian Schnabel var fenginn til að leikstýra kvikmyndinni Basquiat. „Flestir ráðlögðu mér gegn því að láta Julian leikstýra en Dennis hvatti mig eindregið til að fela honum þetta verkefni og bauðst til að leika í myndinni fyrir fimm þúsund dollara ef það gæti hjálpað."

Sigurjón segir að hápunkturinn á samskiptum þeirra Hoppers hafi verið fyrir tveimur árum. „Dennis opnaði stóra listasýningu á verkum sínum í I Ace-galleríinu í Hollywood. Ég rakst á hann að degi til og hann sagði að ég þyrfti endilega að koma að skoða. Hann bauð mér að koma strax næsta dag og helst um morguninn. Úr varð þriggja tíma einkaleiðsögn um sýninguna og sögurnar á bak við hvert verk," segir Sigurjón og bætir því við að Hopper hafi verið frábær og fjölhæfur listamaður en um leið ótrúlega lítillátur og rausnarlegur. „Hann sagði alltaf við mig: „Eftir að ég hætti að drekka og nota lyf þá þakka ég hverjum degi sem líður fyrir að fá að vera til og fá að njóta þeirra forréttinda að fá enn þá vinnu í þessum iðnaði,og gera það sem ég hef gaman af og það sem ég kann"," segir Sigurjón og bætir því við að Hopper hafi verið skapandi fram á ögurstund.

Sigurjón upplýsir jafnframt að í fyrra, áður en Hopper veiktist, hafi komið til tals að hann myndi leika stórt hlutverk í kvikmyndinni The Killer Elite en Robert De Niro var fenginn í það. „Dennis Hopper var einstök persóna og frábær manneskja."

freyrgigja@frettabladid.is

Hættir við Hobbitann

Guillermo del Toro er hættur við að leikstýra tveimur myndum byggðum á skáldsögu Tolkien, Hobbitinn. Sagan gerist áður en atburðirnir í Hringadróttinssögu, The Lord of the Rings, áttu sér stað. „Vegna þeirra tafa sem hafa orðið á framleiðslu Hobbitans stend ég frammi fyrir erfiðustu ákvörðun lífs míns," sagði del Toro. „Eftir að hafa helgað mig heimi Tolkiens í tvö ár verð ég því miður að yfirgefa þessar yndislegu kvikmyndir," sagði hann og bætti við að kvikmyndaverið MGM hefði ekki enn gefið grænt ljós á að tökur hefjist.

Del Toro mun halda áfram að skrifa handrit myndanna ásamt Peter Jackson, leikstjóra Hringadróttinssögu, eiginkonu hans og Philippu Boyens. Mexíkóski leikstjórinn samþykkti árið 2007 að eyða þremur árum í gerð Hobbitans en sá tími tvöfaldast ef hann heldur áfram með verkefnið og var hann ekki tilbúinn til að skuldbinda sig svo lengi. Á meðal mynda sem hann hefur leikstýrt eru Völundarhús skógarpúkans, Blade II og Hellboy-myndirnar.

GUILLERMO DEL TORO Del Toro er hættur við að leikstýra myndunum tveimur um Hobbitann. NORDICPHOTOS/GETTY

Kaldársel

sumarbúðir KFUM og KFUK

Tryggðu barninu þínu ánægjulega sumardvöl.

Laust er í eftirfarandi flokka:

	Tímabil	Aldur	Kyn
01. Stelpur í stuði	01.06. - 05.06.	10-12 (1998-2000)	Stelpur
02. Flokkur	07.06. - 11.06.	8-10 (2000-2002)	Strákar
03. Ævintýraflokkur	14.06. - 18.06.	11-13 (1997-1999)	Bæði
04. Leikjanámskeið - dagvistun	21.06. - 25.06.	6-9 (2001-2004)	Bæði
05. Flokkur	28.06. - 02.07.	8-10 (2000-2002)	Stelpur
06. Leikjanámskeið - dagvistun	05.07. - 09.07.	6-9 (2001-2004)	Bæði

Skráning og nánari upplýsingar í síma 588-8899 og á www.kfum.is

ALLTAF BETRA VERÐ

HM TILBOÐ
3.000 kr. AFSLÁTTUR

Horfðu á sjónvarpið yfir netið!

slingbox

SJÓNVARPSSENDIR

Slingbox SOLO
Tengist við afruglarann eða sjónvarpið þitt og sendir útsendinguna í tölvur, farsíma og önnur tæki yfir netið".

16.990

FULLT VERÐ KR. 19.990

Philips gæði í gegn!

24 Philips 241E1SB
24" LCD breiðskjár með 1920x1080p uppl., 1000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI ofl.

49.990

MÚSARMOTTA

Fyrir harða leikjaspilara!

CoolerMaster Weapon of Choice AK DM
Þetta er músamotta fyrir harða leikjaspilara. Þegar smáatriðin skipta sköpum.

3.990

HM í tölvuna!

SJÓNVARPS/TÖLVUKORT

Manhattan PCI TV
Sjónvarpskort í borðtölvu sem tekur við analog sjónvarps- og útvarpsmerki. Hægt að spila endursýningu á hvaða atriði sem er samhliða upptöku.
Með fjarstýringu.

MANHATTAN

9.990

United HD MMP 9530
Vandaður spilari á frábæru verði!
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

UNITED
720P HDMI CARD
MEDIASPILARI

14.990

FARTÖLVA

Létt vél í ferðalagið í sumar!

Acer Aspire One 532H-2DB - Blá
1.66GHz Intel Atom N450 örgjörvi • 1GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA diskur • 10,1" TFT WSVGA skjár • Intel GMA3150 PCI skjástýring • Vefmyndavél VGA • Li-ion rafhlaða (6 klst.) • Windows 7 Starter ofl.

69.990

Vandaðir hátalarar sem skila frábærum hljómi!

Logitech Z320 2.0
10W RMS kerfi með 2 hátölurum. 360° tækni sem gefur góðan hljóm allstaðar.

Logitech

HÁTALARAR

14.990

Geymdu myndir og gögn á öruggum stað!

WD Elements 1 Terabyte
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

WD

HARÐDISK FLAKKARI

1 TB

19.990

Öflug vél í krefjandi vinnslu. Þessi er svakaleg!

FARTÖLVA

Blu-ray Disc

Toshiba Satellite A500-1E4
2.26GHz Intel Core i5-430M - Dual core örgjörvi • DDR3 1066MHz minni • 500GB SATA diskur • Blu-ray og DVD skrifari • 16" LED WXGA+ skjár með High Def TruBrite • 1GB DDR3 Geforce GT 330M skjákort • Þráðlaust 802.11agn netkort • High-Def vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

229.990

iPOD VAGGA

Logitech Pure Fi Express Plus
iPOD/iPHONE hleðslustöð og hátalarar með klukku og vekjara. Hljóð berst jafnt í allar áttir með Omnidirectional hljómtækni.

Logitech

Taktu þessa með í sumarbústaðinn!

19.990

SKJÁKORT

MSI ATI Radeon R5750-MD1G
1024 MB skjákort með HDMI, GDDR5 minni, display porti, DVI, HDCP support ofl.

Topp skjákort í leikina!

msi 1GB

27.990

TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	STRANDGÖTU 9	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1700	S: 414 1730	S: 414 1735	S: 414 1740	S: 414 1745	S: 414 1750

10 DAGAR Í HM

Vittorio Pozzo er eini þjálfarinn í sögunni til þess að gera lið tvisvar sinnum að heimsmeisturum. Ítalir unnu bæði HM á Ítalíu 1934 og HM í Frakklandi 1938 undir hans stjórn en auk þess varð ítalska liðið líka Ólympíumeistari í millitíðinni (1936). Marcello Lippi á möguleika á að jafna afrek landa síns en hann gerði Ítala að heimsmeisturum 2006 og þjálfar liðið aftur á HM 2010.

sport

sport@frettabladid.is

KEFLAVÍK VANN SELFOSS: KEFLVÍKINGAR MEÐ FIMM STIGA FORYSTU Á TOPPI PEPSI-DEILDAR KARLA

Kominn annar bragur á Keflavíkurliðið

Keflvíkingar unnu góðan sigur á Selfossi á heimavelli 2-1 í gærkvöldi. Paul McShane og Hörður Sveinsson skoruðu mörk Keflavíkur en Sævar Þór Gíslason skoraði mark Selfyssinga eftir mistök í vörn Keflvíkinga. Þar með eru Keflvíkingar komnir með 13 stig eftir fimm leiki og er Hólmar Örn Rúnarsson, miðjumaður Keflavíkur ánægður með þá stöðu.

„Eftir að við fengum á okkur mark þá hrukkum við í gang og áttum auðvitað að skora mun fleiri mörk í þessum leik. Við fórum illa með færin og hefðum á góðum degi klárað leikinn á tíu mínútna kafla en þetta dugði í dag," sagði Hólmar Örn sem lék vel á miðjunni hjá Keflavík í gær.

„Vörnin hjá okkur hefur verið mjög góð og við höfum aðeins fengið á okkur tvö mörk í deildinni. Að sama skapi höfum við aðeins skorað sex mörk en það eru sigrarnir sem skipta máli. Svo lengi sem við vinnum leikina þá skiptir ekki máli hversu mörg mörk við skorum."

Árangur Keflvíkinga í upphafi móts hefur vakið verðskuldaða athygli enda er liðið taplaust og með 13 stig af 15 mögulegum.

„Við erum mjög ánægðir með þessa byrjun. Við stefndum að því að byrja tímabilið vel og vonandi getum við haldið áfram á þessari braut," segir Hólmar sem telur að það sé annar bragur á liðinu frá í ár frá síðasta tímabili.

„Við vorum með flott lið í fyrra og erum með flott lið í ár. Það er öðruvísi bragur á liðinu í ár og erum varkárari í okkar aðgerðum. Við sækjum með öðrum hætti og erum að gera hlutina öðruvísi sem virðist vera að skila árangri," segir Hólmar sem viðurkennir að markmiðið frá upphafi hafi verið að blanda sér í baráttuna um titilinn.

„Markmiðið í upphafi leiktíðar var að koma okkur í toppbaráttuna og gera atlögu að titlinum. Ef við höldum áfram að safna mörgum stigum þá hljótum við að setjast niður og gera Íslandsmeistaratitil að skýru markmiði."

Keflavík	2-1	Selfoss

Njarðtaksv., áhorf.: 1.463 — Jóhannes Valgeirsson (7)

0-1 Sævar Þór Gíslason (20.)
1-1 Paul McShane (35.)
2-1 Hörður Sveinsson (55.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	17–8 (8–2)
Varin skot	Árni Freyr 1 – Jóhann Ólafur 5
Horn	4–3
Aukaspyrnur fengnar	10–8
Rangstöður	4–1

KEFLAVÍK 4–4–2		SELFOSS 4–4–2	
Árni Fr. Ásgeirsson	5	Jóhann Ól. Sigurðss.	6
Guðjón Á. Antoníuss.	5	Sigurður Guðlaugss.	5
Haraldur Freyr Guðm.	6	Stefán R. Guðlaugss.	5
Bjarni Hólm Aðalst.	6	Arnar Bragi Magnúss.	5
Alen Sutej	6	Andri Freyr Björnss.	4
Paul McShane	7	Guðm. Þórarinsson	6
Jóhann Birnir Guðm.	6	Jón Guðbrandsson	5
(84. Magnús Þórir M. -)		(63. Ingi Rafn Ingib. 5)	
***Hólmar Örn Rún.**	7	Ingólfur Þórarinsson	5
Magnús Þorsteinss.	6	Jón Daði Böðvarss.	5
(86. Brynjar Guðm. -)		Arilíus Marteinsson	4
Hörður Sveinsson	6	(63. Elías Ö. Einarss. 5)	
Guðm. Steinarsson	6	Sævar Þór Gíslason	6
		(82. Davíð Birgisson -)	

**Maður leiksins*

Handónýt vörn bauð upp á veislu

Valsmenn unnu Fylki örugglega í sjö marka leik og eru til alls líklegir ef svona verður framhaldið hjá þeim. Varnarleikur Fylkis var alls ekki til útflutnings en liðið hefur nú fengið alls ellefu mörk á sig í vor.

FÓTBOLTI „Það er ekki hægt að segja annað en að þetta séu algjör vonbrigði," sagði Albert Brynjar Ingason, leikmaður Fylkis, eftir að hans menn töpuðu illa gegn Val í gær, úrslitin 5-2 á Vodafone-vellinum. „Við þurfum að fara betur yfir föstu leikatriðin, öll mörkin komu eiginlega upp úr fyrirgjöfum. Við þurfum að fara betur yfir það, þetta var ekki að gerast í fyrra."

Fylkismenn töpuðu niður forskoti gegn Fram í síðustu umferð og voru ekki með hausinn rétt skrúfaðan á í gær. Varnarlega voru þeir algjörlega á hælunum á meðan Valur náði góðu flæði í sinni spilamennsku og hefði vel getað skorað fleiri mörk. Valur Fannar Gíslason, fyrirliði Fylkis, er vanur því að draga vagninn en náði ekki að vera skugginn af sjálfum sér.

Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Vals, var ánægður með sína menn. „Við fengum alveg urmul af færum fyrir utan þessi mörk og spiluðum alveg blússandi sóknarleik. Við vorum mjög öflugir fram á við og Ian Jeffs kom mjög sterkur inn. Þrír fremstu voru mjög ógnandi í sínum aðgerðum," sagði Gunnlaugur.

Danni König hefur heldur betur verið að reynast Val drjúgur og átti hann skínandi leik í gær. „Við sjáum alltaf meira og meira til hans og hann sprakk út. Við erum komnir með tvo sigurleiki í röð og ef við höldum áfram á þessari braut erum við til alls líklegir," sagði Gunnlaugur.

Valsmenn höfðu 2-1 forystu í hálfleik en mörk þeirra voru keimlík. Bæði komu með skalla eftir aukaspyrnur frá Martin Pedersen. Það fyrra var danskt að öllu leyti þar sem Danni König kom Val. Markmenn hafa gagnrýnt dómara fyrir að refsa þeim harkalega með rauðum spjöldum í upphafi móts en Kjartan Sturluson slapp alveg við spjald þegar hann gerðist brotlegur eftir hálftíma leik.

Kjartan varði vítaspyrnuna en hélt ekki boltanum og Albert skoraði í annarri tilraun. Í seinni hálfleiknum réðu Valsmenn algjörlega lögum og lofum og nýttu sér brotalamir í varnarleik gestana sem brugðust mjög illa við mótlætinu. Andrés Már Jóhannsson missti stjórn á skapi sínu og fauk af velli með rautt spjald.

Eins og fyrr segir var sóknarleikur Valsmanna verulega öflugur og fengu þeir færi til að skora mun fleiri mörk. „Við unnum þetta algjörlega verðskuldað. Við erum komnir á bragðið núna og ætlum að halda áfram á fullu," sagði Haukur Páll Sigurðsson, leikmaður Vals, eftir leikinn. **elvargeir@frettabladid.is**

FÖGNUÐU FIMM MÖRKUM Valsmenn fóru á kostum gegn Fylkismönnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VALUR	5-2	FYLKIR

1-0 Danni König (12.)
1-1 Albert Brynjar Ingason (30.)
2-1 Haukur Páll Sigurðsson (36.)
3-1 Baldur Aðalsteinsson (47.)
4-1 Danni König (55.)
5-1 Ian Jeffs (72.)
5-2 Pape Mamadou Faye (83.)

Vodafone-völlurinn, áhorf.: Óuppgefið.
Dómari: Einar Örn Daníelsson (8)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	18–9 (12–5)
Varin skot	Kjartan 4 – Fjalar 6
Horn	5–10
Aukaspyrnur fengnar	13–11
Rangstöður	2–2

Valur 4–3–3 Kjartan Sturluson 5 – Stefán Eggertsson 6, Reynir Leósson 6 (63. Sigurbjörn Örn Hreiðarsson 6), Atli Sveinn Þórarinsson 6, Greg Ross 6 – Martin Pedersen 8, Haukur Páll Sigurðsson 8, Jón Vilhelm Ákason 6 (33. Ian Jeffs 7) – Baldur Aðalsteinsson 7 (70. Þórir Guðjónsson 6), Arnar Sveinn Geirsson 7, ***Danni König 8**.

Fylkir 4–3–3 Fjalar Þorgeirsson 5 – Andrés Már Jóhannesson 4, Kristján Valdimarsson 3, Einar Pétursson 3, Þórir Hannesson 3 – Ásgeir Börkur Ásgeirsson 5, Tómas Þorsteinsson 3 (72. Baldur Bett -) – Ingimundur Níels Óskarsson 5 (70. Ásgeir Arnþórsson 5), Jóhann Þórhallsson 4 (70. Pape Mamadou Faye 6), Albert Ingason 6.

Pepsi-deild karla: Staðan

Keflavík	**5**	**4**	**1**	**0**	**6-2**	**13**
Fram	4	2	2	0	8-4	8
Breiðablik	**5**	**2**	**2**	**1**	**7-4**	**8**
Valur	5	2	2	1	10-8	8
ÍBV	**5**	**2**	**2**	**1**	**8-6**	**8**
Selfoss	5	2	1	2	9-8	7
Fylkir	**5**	**2**	**1**	**2**	**11-11**	**7**
FH	5	2	1	2	7-8	7
Stjarnan	**5**	**1**	**3**	**1**	**11-9**	**6**
KR	4	0	3	1	5-6	3
Haukar	**5**	**0**	**2**	**3**	**4-11**	**2**
Grindavík	5	0	0	5	2-11	0

Stjarnan	2-2	Haukar

Stjörnuvöllur, áhorf.: 660 — Örvar Sær Gíslason (4)

1-0 Tryggvi Sveinn Bjarnason (13.)
1-1 Hilmar Geir Eiðsson (40.)
2-1 Þorvaldur Árnason, víti (81.)
2-2 Hilmar Geir Eiðsson (90.+5.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–9 (6–4)
Varin skot	Magnús Karl 1 – Daði 3
Horn	4–5
Aukaspyrnur fengnar	18–17
Rangstöður	3–6

STJARNAN 4–5–1		HAUKAR 4–5–1	
Magnús K. Björnsson	6	Daði Lárusson	5
Baldvin Sturluson	6	Þórhallur Dan Jóh.	5
Daníel Laxdal	5	Daníel Einarsson	5
Tryggvi Bjarnason	7	Guðmundur Mete	7
Jóhann Laxdal	5	Gunnar O. Ásgeirss.	4
Steinþór Þorsteinss.	6	(84. Jónas Bjarnas. -)	
(84. Hilmar Hilmarss. -)		***Hilmar Geir Eiðss.**	7
Dennis Danry	5	Guðjón P. Lýðsson	5
Atli Jóhannsson	5	Kristján Ó. Björnsson	4
Þorvaldur Árnason	6	Úlfar Hrafn Pálsson	5
Halldór Orri Björnss.	6	(68. Kristján Óli Sig. 4)	
(38. Ólafur K. Finsen 5)		Hilmar T. Arnarsson	5
Marel Baldvinsson	4	(24. Hilmar Emilsson 4)	
(79. Ellert Hreinsson -)		Jónmundur Grétarss.	5

**Maður leiksins*

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Haukar jöfnuðu gegn Stjörnunni í uppbótartíma og FH vann Grindavík:

Sætt að ná að koma til baka

FÓTBOLTI Hilmar Geir Eiðsson var hetja nýliða Hauka er hann tryggði sínum mönnum eitt stig með jöfnunarmarki í uppbótartíma gegn Stjörnunni. Hilmar skoraði bæði mörk Hauka í 2-2 jafnteflisleik og það síðara á fimmtu mínútu uppbótartímans. Þá unnu Íslandsmeistarar FH 2-1 sigur á Grindavík eftir að hafa lent undir í leiknum. Grindvíkingar eru fyrir vikið enn án stiga á botni deildarinnar.

„Það var jafn leiðinlegt að fá á sig þetta mark og þegar maður skorar sjálfur í uppbótartíma," sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar. „Þetta var algjör bardagaleikur og fótboltinn leið fyrir það. Við náðum aldrei upp okkar léttleika, það vantaði kannski Besta Flokkinn til að koma með eitthvað grín hérna fyrir leikinn."

Haukamaðurinn Hilmar Geir var ánægður með stigið. „Þetta var sætt og það er alltaf gaman að koma til baka. Við hefðum kannski átt að skora fyrr en það tókst ekki. Ég hefði viljað vinna og ég hefði skipt báðum mörkunum mínum út fyrir sigur," sagði Hilmar.

Vissum að þetta yrði erfitt

Bæði lið þurftu nauðsynlega á stigum að halda í Kaplakrika en það voru heimamenn sem lönduðu stigunum þremur í gær. Milan Stefán Jankovic var aftur tekinn við sem þjálfari Grindavíkur en Ólafur Örn Bjarnason tekur svo við starfinu síðar í sumar.

Grétar Ólafur Hjartarson kom Grindavík yfir en þetta var hans fyrsta mark eftir löng og erfið meiðsli. Matthías Vilhjálmsson og Atli Viðar Björnsson skoruðu mörk FH-inga og tryggðu þeim sigurinn.

„Mér fannst við spila ágætlega á köflum," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH. „Við vissum að þetta yrði erfitt enda Grindavík gott lið með nýjan þjálfara. Það getur oft virkað sem innspýting fyrir lið. Mér fannst við þó sterkari aðilinn og við unnum sanngjarnan sigur."

HAUKAR FAGNA Hilmar Geir Eiðsson skoraði bæði mörk Hauka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Mér fannst við ekki lakari aðilinn í dag," sagði Orri Freyr Hjaltalín, fyrirliði Grindavíkur. „Mér fannst spilamennska okkar á uppleið en þetta var samt ekki gott hjá okkur." **- hþh, kpt**

FH	2-1	Grindavík

Kaplakrikavöllur, áhorf.: óuppg. — Þorvaldur Árnason (6)

0-1 Grétar Hjartarson (12.)
1-1 Matthías Vilhjálmsson (33.)
2-1 Atli Viðar Björnsson (43.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–3 (6–2)
Varin skot	Gunnleifur 1 – Rúnar Dór 4
Horn	7–1
Aukaspyrnur fengnar	12–13
Rangstöður	0–2

FH 4–4–2		GRINDAV. 4–5–1	
Gunnleifur Gunnl.	5	Rúnar Dór Daníelss.	5
Guðm. Sævarsson	6	Ray A. Jónsson	6
Tommy Nielsen	5	Auðun Helgason	6
Pétur Viðarsson	5	Marko Stefánsson	5
Hjörtur Logi Valg.	6	(38. Loic M. Ondo 5)	
Atli Viðar Björnsson	6	Alexander Magnúss.	5
Hákon Hallfreðsson	6	(76. Óli B. Bjarnason -)	
Bjarki Gunnlaugsson	5	Scott Ramsay	5
(70. Ásgeir G. Ásg. 5)		Orri Freyr Hjaltalín	6
Atli Guðnason	7	Jóhann Helgason	5
***Matthías Vilhj.**	7	Jósef Kr. Jósefsson	6
Torger Motland	5	Grétar Ó. Hjartarson	6
(71. Jacob Neestrup -)		(76. Matthías Friðr. -)	
		Gilles Mbang Ondo	6

**Maður leiksins*

skemmtilegri

Sjóðheitur júní

NÝTT

NÝTT

NÝTT

NÝTT

NÝTT

NÝTT

NÝTT

NÝTT

Frábært sumartilboð

Stöð 2 í þrjá mánuði og þú getur valið milli þriggja kaupauka:

- Fjórði mánuðurinn frítt
- 18 holu golfhring hjá samstarfsaðila Teigs.
- 3G Netlykill frá Vodafone

Fáðu þér áskrift í sumarbústaðinn og horfðu á uppáhaldsþáttinn með einum smelli á Stöð 2 Frelsi þegar þér hentar

Stöð 2 | VILD

Það margborgar sig að vera í Stöð 2 Vild

- 5-30% afsláttur af áskrift
- Tilboð á vörum og þjónustu
- Fleiri stöðvar

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **Alyson Hannigan**

„Mér var mikið strítt í barnaskóla því ég var með afskaplega föla húð, svart hár og gekk í svörtum fötum."

Alyson Hannigan fer með hlutverk Lily Aldrin í þáttunum How I Met Your Mother sem sýndir eru á Stöð 2 kl. 19.45.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR LOSAR SIG VIÐ FORDÓMA

Steindinn kom þægilega á óvart

Þegar ég frétti af hinum nýja grínþætti Steindinn okkar á Stöð 2 hugsaði gamla kerlingin sem stundum tekur sér bólfestu innra með mér: „Hvaða helv… rugl. Á nú að fara að setja enn einn kúk og piss brandaraþáttinn á dagskrá? Hvert er heimurinn eiginlega að fara?"

Ég leyfði mér að vera með sleggjudóma, taldi öruggt að þessi Steindi hefði nú ekkert gáfulegt fram að færa, enda þekkti ég ekkert til drengsins annað en það sem slúðrað var á kaffistofum.

Svo lét ég svo lítið að horfa á einn þátt. Skemmst er frá að segja að Steindinn hafi snarlega þaggað niður í kerlingarálftinni. Skemmtilegar hugmyndir, vel út færðar og vel unnar miðað við það litla fjármagn sem er til fyrir innlenda dagskrárgerð skilar alveg ljómandi góðum og fyndnum grínþætti.

Ég á mér meira að segja uppáhaldspersónur.

Mest held ég upp á kerlingarnar tvær sem ræða hin ýmsu málefni sem yfirleitt eru fremur rædd í frímínútum í tíunda bekk af bólugröfnum unglingsdrengjum. Einnig finnst mér goth-arinn á vitlausu hillunni alveg yndislegur. Hann reynir mikið að falla í hópinn með hvítri andlitsmálningu og svörtum varalit, en innst inni vill hann bara kirja Bjöggalög og fylgja Bylgjulestinni á Halló Akureyri.

Frægir leikarar krydda þáttinn með skemmtilegum hætti. Jói Fel og Páll Óskar slást með vínarbrauði og kuta, Jóhanna Guðrún er ofsótt af aðdáanda og Erpur leikur geggjaðan pólskan verkamann.

Ég mæli því með þættinum við allar forpokaðar og fordómafullar kerlingar eins og mig.

ÞRIÐJUDAGUR

▶ **20.00 Grilled** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.35 Modern Family** STÖÐ 2

▶ **21.50 That Michell and Webb Look** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **22.15 Langrækni** SJÓNVARPIÐ

▶ **22.35 Jay Leno** SKJÁR EINN

SJÓNVARPIÐ

15.50 Íslenski boltinn (e)
16.35 Stiklur - Fámennt í fagurri sveit (e)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Jimmy Tvískór
17.52 Sammi
18.00 Múmínálfarnir
18.25 Chris á skólabekk (2:3) (Chris på skolebænken) Dönsk þáttaröð.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Að duga eða drepast (5:10) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
20.50 HM 2010 (3:4) HM 2010 er upphitun fyrir mótið sem hefst 11.júní í sumar. Þetta eru fjórir þættir, þar sem Þorsteinn J. fer vandlega yfir heimsmeistaramótið í fótbolta í Suður-Afríku í júní.
21.20 Íslenska golfmótaröðin
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
▶**22.15 Langrækni** (3:3) (Unforgiven) Nýr breskur myndaflokkur í þremur þáttum. Ruth Slater er látin laus eftir 15 ára fangelsisvist vegna morða á tveimur lögregluþjónum og þá rifnar ofan af löngu grónum sárum.
23.05 Leiðin á HM (15:16) Að þessu sinni eru kynnt liðin frá Portúgal og Mexíkó.
23.35 Kastljós (e)
00.00 Fréttir (e)
00.10 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Buena Vista Social Club
10.00 My Date with Drew
12.00 Grettir. Bíómyndin
14.00 Buena Vista Social Club
16.00 My Date with Drew
18.00 Grettir. Bíómyndin
▶**20.00 Grilled**
22.00 Crank
00.00 Red Dust
01.50 Children of the Corn 6
03.10 Crank
06.00 Analyze This

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Strumparnir, Bratz
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Einu sinni var (14:22)
10.55 Wipeout (3:11)
11.45 Numbers (16:23)
12.35 Nágrannar
13.00 Worst Week (1:16)
13.30 Blades of Glory
15.00 Sjáðu
15.30 Risaeðlugarðurinn
15.53 Barnatími Stöðvar 2 Ben 10, Strumparnir
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (21:22)
18.23 Veður Markaðurinn
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (4:24)
19.45 How I Met Your Mother (2:22) Önnur sería þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta sem notið hafa mikillar hylli í Bandaríkjunum.
20.10 How I Met Your Mother (15:24)
▶**20.35 Modern Family** (18:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.
21.00 Bones (17:22)
21.45 Curb Your Enthusiasm (6:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.
22.15 Louis Theroux. African Hunting Holiday Áhugaverð heimildarmynd með Louis Theroux sem ferðast alla leið til Afríku til að fylgjast með bandarískum ferðamönnum þar sem þeir fara með fararstjóra í vel skipulagða veiðiferð á villtum dýrum.
23.15 Grey's Anatomy (23:24)
00.00 Ghost Whisperer (16:23)
00.45 Lady Vengance
02.40 Blades of Glory
04.10 Numbers (16:23)
04.55 Modern Family (18:24)
05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Valur - Fylkir Útsending frá leik Vals og Fylkis í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
17.20 Valur - Fylkir Útsending frá leik Vals og Fylkis í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
19.10 Pepsímörkin 2010 Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
20.10 NBA körfuboltinn. LA Lakers - Phoenix Útsending frá leik Lakers og Phoenix i urslitakeppni NBA körfuboltans.
22.00 Crowne Plaza Invitational At Colonial Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
22.55 Inside the PGA Tour 2010 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
23.25 Bestu leikirnir. KR - Fram 27.09.97

SPORT 2 *enski boltinn*

16.40 Arsenal - West Ham Útsending frá leik Arsenal og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
18.20 Coca Cola-mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
18.50 Premier League World Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
19.20 Chelsea - Wigan Útsending frá leik Chelsea og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Michael Owen I þessum þætti af Football Legends verður farið yfir feril Michaels Owen og sá magnaði leikmaður skoðaður i bak og fyrir.
21.30 Goals of the Season 2009/2010 Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
22.25 Sunderland - Tottenham Útsending frá leik Sunderland og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Rachael Ray(e)
09.30 Pepsi MAX tónlist
17.10 Rachael Ray
17.55 Dr. Phil
18.40 Girlfriends (1:22) (e)
19.00 The Real Housewives of Orange County (8:12) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.
19.45 King of Queens (23:24)
20.10 Top Chef (1:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Yfirskrift fyrsta þáttarins er „4-Star All-Stars" og þar snúa átta kokkar úr fyrstu tveimur þáttaröðunum aftur og keppa um peningaverðlaun sem renna til góðgerðarmála. Hraðaþrautin snýst um að elda fullkomið egg með aðra höndina fyrir aftan bak og stóra verkefnið er að matreiða fjögurra rétta máltíð með hörpuskel, humri, önd og Kobe-nautakjöti.
20.55 America's Next Top Model (6:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Núna þurfa stelpurnar að standa sig í myndatöku í neðanjarðarlest. Við dómaraborðið lætur André Leon Talley eina stúlkuna fá það óþvegið.
21.45 Life (7:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í tólf ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
▶**22.35 Jay Leno**
23.20 Law & Order (5:22) (e)
00.10 Big Game (6:8) (e)
01.50 King of Queens (23:24) (e)
02.15 Pepsi MAX tónlist

iNN

20.00 Hrafnaþing
21.00 Græðlingur Guðríður Helgadóttir sýnir réttu handbrögðin við garðyrkjustörfin.
21.30 Mannamál Sigmundur Ernir Rúnarsson alþingismaður brýtur málin til mergjar.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

How I Met Your Mother

Barney kemur vinum sínum í opna skjöldu í þætti kvöldsins. Í þessari fjórðu seríu af gamanþáttunum How I Met Your Mother fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í rauninni er. Þættirnir gerast allir eins og um upprifjun sé að ræða með vissri fortíðarþrá. Það gerir allar lýsingar á okkar tímum enn skemmtilegri en ella, allt í senn ýktari, rómantískari og fyndnari. Höfundar þáttanna skrifuðu American Dad og voru meðal aðalhöfunda David Letterman-þáttanna.

>VIÐ MÆLUM MEÐ

Að duga eða drepast

Sjónvarpið kl. 20.05

Að duga eða drepast (Make It or Break It) er bandarísk þáttaröð um fjórar ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum. Lauren er tæfan í hópnum, metnaðarfull og ráðrík dekurrófa sem hikar ekki við að svíkja vinkonur sínar sjái hún sér hag í því. Emily er hugrökk stelpa sem vill láta draum sinn rætast en líka lifa eðlilegu lífi. Payson er fullkomlega einbeitt í öllu sem hún gerir en Kaylie er kannski fullupptekin af því að vera sæt.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt - að morgni dags.
07.30 Fréttayfirlit
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Tónlist fólksins
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Hádegisútvarpið
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Flakk
14.03 Tónar að nóni
15.03 Útvarpssagan: Hér
15.25 Þriðjudagsdjass
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Í heyranda hljóði
21.20 Tríó
22.10 Orð kvöldsins
22.15 Fnykur
23.10 Sumar raddir
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

19.30 The Doctors The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

20.15 Ally McBeal (9:22) Ally fellur fyrir gömlu húsi sem verið er að gera upp, kona lögsækir fyrrverandi eiginmann sinn fyrir að verða gjalþrota eftir að hafa dælt í hana gjöfum og stóll hnykkjarans sem Jenny er hjá reynist veita kynferðislega fullnægingu. Jon Bon Jovi bætist í leikarahópinn frá og með þessum þætti.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

▶21.50 That Mitchell and Webb Look (6:6) Skemmtilegur grínþáttur fullur af frábærum sketsum með þeim félögunum David Mitchell og Robert Webb. Þeir slógu í gegn í Peep Show og í þessum þætti fara þeir á kostum og bregða sér í alla kvikinda líki.

22.20 American Idol (42:43) Það eru aðeins tveir söngvarar eftir í American Idol og spennan orðin nánast óbærileg fyrir þá því það er til mikils að vinna. Allir sigurvegarar síðustu ára hafa slegið í gegn og eiga nú gæfuríkan söngferil.

23.05 American Idol (43:43)

00.45 Supernatural (13:16)

01.25 The Doctors

02.10 Ally McBeal (9:22)

02.55 Sjáðu

03.25 Fréttir Stöðvar 2

04.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

13.10 My Hero **13.40** Absolutely Fabulous **14.10** Absolutely Fabulous **14.40** The Weakest Link **15.25** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** After You've Gone **18.30** Waterloo Road **19.20** Dalziel and Pascoe **20.10** Benidorm **20.35** Strictly Come Dancing **21.50** Strictly Come Dancing **22.35** After You've Gone

DR 1

10.35 Aftenshowet **11.05** Seinfeld **12.00** Søren Ryge direkte **12.30** Mission Ledelse **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Leon **14.35** Splint & Co **15.00** F for Får **15.05** Landet for længe siden **15.30** Lille Nord **16.00** Når gorillaen er en chimpanse **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag i Midtjylland **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Talismanen **20.45** På vej til VM **20.50** Kodenavn Hunter **21.50** Dødens detektiver

NRK 1

10.40 Dallas **11.25** Urter **11.45** Norge rundt **12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Svenske dialektmysterium **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Program ikke fastsatt **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Grønn glede **18.15** Pakket og klart **18.45** Extratrekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Draumen om Koenigsegg **20.25** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dalziel og Pascoe **22.55** Er det plass til flere på jorda?

SVT 1

08.30 Gomorron Sverige **09.15** Fråga doktorn **10.00** Rapport **10.05** Bubblan **10.35** Sverige! **11.05** Från Lark Rise till Candleford **12.25** En karl i köket **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Landgång **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Kören **19.00** Godnatt älskade **20.00** Dox. Amerikas farligaste man **21.35** Kommissarie Winter **22.35** Bubblan **23.05** Det kungliga bröllopet

RÓMEÓ OG JÚLÍA

Íslandsbanki
Viðskiptavinum í Vildarklúbbi Íslandsbanka býðst 35% afsláttur á 6 fyrstu sýningarnar ef greitt er með greiðslukorti frá Íslandsbanka í miðasölu Borgarleikhússins

Vegna endalausra áskoranna
snýr Rómeó og Júlía Vesturports aftur á svið Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða á þessa rómuðu sýningu - sýnt í takmarkaðan tíma

Uppselt – 1. 2. 6. 8. 9. 13. júní Laus sæti – Aukasýningar – 15., 18., 19., 20. júní

VesturPort | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Þegar ég fer eitthvað til að fá mér að borða þá fer ég oftast á Vitabar. Ostborgaratilboðið þar er svo geðveikt gott.“

Lilja Kristín Jónsdóttir söngkona.

Jón Gnarr hættur í Borgarleikhúsinu

„Við höfum rætt óformlega saman, í sms-skeytasendingum. Ég býst nú við því að ég ljúki þessu frá og með deginum í dag [í gær],“ segir Jón Gnarr. Hann hefur sagt starfi sínu sem hirðskáld Borgarleikhússins lausu eftir að hann var kjörinn í borgarstjórn, enda óeðlilegt að hann þiggi tvöföld laun frá Reykjavíkurborg. Jón segir ákveðins misskilnings hafa gætt með hlutverk hirðskáldsins, margir hafi séð fyrir sér að í þessu starfi fælist sú krafa að skrifa leikrit. „Hugmyndin var hins vegar að hirðskáldið væri einhver sem hefði ekki tengst leikhúsi mikið en fengi að kynna sér starfsemina.“ Jón viðurkennir hins vegar að hann sé vel á veg kominn með leikrit og hann ætli sér að klára það.

Jón ætlar nú að fara af fullum krafti í borgarmálin en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum standa nú yfir viðræður um meirihlutasamstarf milli Besta flokksins og Samfylkingarinnar en Besti flokkurinn gerir þá kröfu að Jón verði borgarstjóri. Sjálfur segir hann að reynsla sín úr einu fyrirtækja borgarinnar, Borgarleikhúsinu, muni nýtast honum vel í starfi. „Það er rosalega skrítinn hugsunarháttur hjá fólki sem segir að við höfum ekki nægjanlega reynslu. Síðasta verkefnið sem ég gerði var að skrifa og framleiða eina vinsælustu kvikmynd Íslandssögunnar, það var verkefni sem krafðist alveg gríðarlegrar skipulagningar.“ Erlendir fjölmiðlar hafa jafnframt sýnt sigri Besta flokksins mikinn áhuga og Jón upplýsir að rússneska ríkissjónvarpið muni væntanlega gera innslag um þennan sögulega viðburð í íslenskum stjórnmálum.

- fgg

HÆTTUR Jón Gnarr hætti sem hirðskáld Borgarleikhússins í gær. Hann bjóst þó við að klára leikritið sem hann er þegar byrjaður á.



LÁRÉTT
2. barnahjal, **6.** átt, **8.** gapa, **9.** gljúfur, **11.** samanburðartenging, **12.** einkennis, **14.** grastoppur, **16.** í röð, **17.** síðasti dagur, **18.** loka, **20.** bókstafur, **21.** einsöngur.

LÓÐRÉTT
1. nýja, **3.** frá, **4.** fugl, **5.** blessun, **7.** deilur, **10.** yfirbreiðsla, **13.** hluti kynfæra, **15.** skældi, **16.** strá, **19.** ætíð.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. babl, **6.** nv, **8.** fiá, **9.** gil, **11.** en, **12.** aðals, **14.** skegg, **16.** íj, **17.** gær, **18.** lás, **20.** sé, **21.** aría.
LÓÐRÉTT: 1. unga, **3.** af, **4.** blesgæs, **5.** lán, **7.** viðsjár, **10.** lak, **13.** leg, **15.** grét, **16.** íla, **19.** sí.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1 Þriðjungur landsmanna er í skóla.

2 Magnús Guðbergur stendur fyrir keppninni Hr. Hinsegin.

3 Björgvin Sigurbergsson og Valdís Þóra Jónsdóttir fóru með sigur af hólmi í golfmótinu.

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FANNEY INGVARSDÓTTIR: KÆRASTINN, BOLTINN OG UNGFRÚ ÍSLAND

Þreföld ánægja á árinu hjá nýkrýndri fegurðardís

Hin nýkrýnda Ungfrú Ísland, Fanney Ingvarsdóttir, er þessa dagana að ná áttum eftir annríki undanfarna daga. Fjölmiðlar hafa verið æstir í að ná af henni tali og myndatökurnar hafa verið margar.

„Þetta er svolítið skrítið en samt bara gaman. Þetta er allt annað en ég hef upplifað á ævinni,“ segir Fanney, sem er nítján ára og spilar handbolta með Stjörnunni. Kærastinn hennar, Daníel Hansson, er jafngamall henni og æfir líka handbolta með meistaraflokki Stjörnunnar. „Það er bara mjög gaman að þessu,“ segir hún um þessa skemmtilegu staðreynd. Þau kynntust samt ekki í gegnum handboltann en þau eru bæði í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Þar er Fanney á félagsfræðibraut. „Við höfum bara verið vinir mjög lengi,“ segir hún en þau byrjuðu saman fyrir um hálfu ári. Fanney kláraði unglingaflokk Stjörnunnar með stæl í vor með því að verða Íslands-, deildar- og bikarmeistari og því ljóst að árið hefur verið sérlega gott hjá fegurðardísinni. Nýr kærasti, þrír titlar með Stjörnunni og loks Ungfrú Ísland.

Fanney tók um það bil mánuð í að ákveða að taka þátt í keppninni eftir að Heiðar Jónsson snyrtir kom að máli við hana. „Allur meistaraflokkurinn var að sýna á tískusýningu á konukvöldi í Garðabæ. Heiðar Jónsson var veislustjóri og spyr hvort ég hafi áhuga á að taka þátt í svona keppni. Ég sagði fyrst bara „nei“ því ég hafði engan sérstakan áhuga á þessu. Þetta var líka dálítið sjokkerandi og ég tók hann ekkert alvarlega,“ segir hún. „Svo hefur hann samband aftur og þá heyri ég að honum er alvara. Ég var fyrst rosalega efins, bæði út af handboltanum og öllu þessu. Eftir örugglega heilan mánuð sem ég notaði í að ákveða mig, ákvað ég að slá til.“ Fanney sér vitaskuld ekki eftir því og segist hafa öðlast dýrmæta reynslu. „Ég lærði helling af því góða fólki sem kom að þessu. Ég kynntist líka öllum þessum frábæru stelpum. Þetta fer allt í reynslubankann.“

HANDBOLTAPAR Fanney Ingvarsdóttir og kærastinn hennar Daníel Hansson. Þau æfa bæði handbolta með meistaraflokki Stjörnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fram undan hjá Ungfrú Íslandi er sumarstarf á leikjanámskeiði Stjörnunnar og síðan undirbúningur fyrir næsta tímabil með meistaraflokknum. Í haust tekur hún síðan þátt í Ungfrú heimi og fer keppnin fram í Asíu. Hún hlakkar að sjálfsögðu mikið til. „Þetta verður mikil upplifun og mikið ævintýri,“ segir Fanney.

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Árangur Besta flokksins hefur ekki farið fram hjá neinum en listinn tryggði sér sex borgarfulltrúa í Reykjavík á laugardag. Kosningastjóri Besta flokksins er Heiða Kristín Helgadóttir en hún hefur örugglega þegið góð ráð frá föður sínum, **Helga Péturssyni**, sem sat í borgarstjórn um tíma en er eflaust þekktastur fyrir að vera meðlimur Ríó tríós. Heiða er því systir **Snorra Helgasonar**, einnar af aðalsprautum Sprengjuhallarinnar sálugu.

Bjarni Guðjónsson, miðjumaður hjá KR, hefur bæst í hóp HM-sérfræðinga RÚV. Bjarni ætti ekki að vera einmana því hann er umkringdur fyrrverandi KR-ingum. Andri Sigþórsson er jú sem kunnugt er í HM-hóp Þorsteins J. Vilhjálmssonar, Pétur Hafliði Marteinsson lauk ferli sínum hjá KR, Hjörvar Hafliðason lék tvö sumur hjá KR sem varamarkvörður og útsendingarstjóri er Hilmar Björnsson sem lengi vel lék með KR.

Hilmar var áður sjónvarpsstjóri Stöðvar 2 Sport. Og þar eru KR-ingar ekkert síður áberandi. Magnús Gylfason lék með vesturbæjarveldinu og þjálfaði og Tómas Ingi Tómasson var einnig leikmaður liðsins. **Guðjón Þórðarson**, sem verður Sport-mönnum innan handar, var einnig þjálfari liðsins og Ragna Lóa Stefánsdóttir, einn af stjórnendum HM-þáttar Stöðvar 2 Sport, lék með KR við góðan orðstír. Þá má ekki gleyma Guðmundi Benediktssyni sem klæddi sig úr röndóttu peysunni fyrir tímabilið í ár og hóf að þjálfa Ingó Veðurguð og félaga hjá Selfossi.

- fgg

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755
HUMAR HUMAR HUMAR
2000 KR.KG.
EIGUM TIL MARKÍL Í BEITU FYRIR VEIÐIMENNINA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Ólafur F. skrifar ævisögu sína

„Það er siðferðileg skylda mín að segja mína sögu. Hvort það verður á þessu ári eða því næsta, í bókarformi eða á einhvern annan hátt verður bara að koma í ljós. Ég á allavega mikið af heimildum í mínum fórum sem hafa ekki áður komið fram,“ segir Ólafur F. Magnússon, læknir og fráfarandi borgarfulltrúi. Ólafur leiddi lista H-framboðs í borgarstjórnarkosningunum á laugardaginn en kom ekki manni að. Þar með lauk 19 ára setu hans í borgarstjórn. Ferill Ólafs hefur ekki alltaf verið dans á rósum og það hefur oft gustað um hann.

Ólafur viðurkennir að það eigi eflaust eftir að hrikta í einhverjum stoðum nú þegar ljóst er að hann ætli að miðla af reynslu sinni af pólitíkinni. Hann var um tíma borgarstjóri í Reykjavík, hann klauf sig frá Sjálfstæðisflokknum og Frjálslynda flokknum og því ljóst að af nægu er að taka. Einhverjir höfðu áhyggjur af því hvernig Ólafur myndi taka kosningaúrslitunum ef þau færu illa enda segist hann sjálfur vera viðkvæm og tilfinningarík persóna. „Ég er eiginlega undrandi á því hversu rólegur ég er. En það er örugglega vegna þess að ég er meira en stoltur af því sem ég hef áorkað á mínum ferli og stend í dag eftir þessa reynslu svo miklu sterkari og heilsteyptari einstaklingur.“ Ólafur segist ætla að nýta tíma sinn í að rækta samband sitt við fjölskyldu sína, sem hafi mátt þola mikið álag, starf sitt sem læknir og njóta meiri samvista við landið sitt sem hann elski svo mikið.

ÆTLAR AÐ SKRIFA SÖGU SÍNA Ólafur F. Magnússon hefur upplifað og séð margt á sínum ferli sem borgarfulltrúi.

- fgg

PALLAEFNI

ALLT FYRIR PALLINN Í HÚSASMIÐJUNNI

Gori 44+ 0.75 ltr.
Hálfgagnsæ viðarvörn, frábær á allar viðarklæðningar og skjólgirðingar.
7042500-10

Jotun pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37

PALLAEFNI
MEIRI ÞYKKT
TRYGGIR STYRK!

Fura fúavarin	21x95	235 kr/m
Fura fúavarin	28x95	289 kr/m
Fura fúavarin	48x98	399 kr/m
Fura fúavarin	48x148	579 kr/m
Fura fúavarin	98x98	819 kr/m

Áhaldaleiga

Áhaldaleigur um land allt...

Akranes	433 6503
Borgarnes	430 5544
Dalvík	466 3204
Egilsstaðir	470 3100
Grafarholt	520 3902
Hafnarfjörður	525 3505
Húsavík	464 8500
Hvolsvöllur	487 8485
Akureyri	460 3517
Selfoss	480 0811
Skútuvogur	525 3188
Reykjanesbær	421 6500
Ísafjörður	450 3300
Vestmannaeyjar	488 1050
Höfn í Hornafirði	478 1600

Rétt áhöld létta þér verkin

Áhaldaleiga Húsasmiðjunnar er þér til aðstoðar. Þar er hægt að leigja flest þau verkfæri sem þarf við smíði og viðhald á heimilinu, pallinum eða í garðinum.

Þar er hægt að leigja smágröfur og staurabora í undirbúning verka við smíði á pallinum, bútsagir, borvélar og önnur handverkfæri til smíðinnar og svo mætti lengi telja.

MEIRI ÞJÓNUSTA Í HÚSASMIÐJUNNI

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Látum verkin tala!

HÚSASMIÐJAN

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jónína með

Gunnar Þorsteinsson kynnti fyrr á þessu ári breytingar á starfsemi trúfélagsins Krossins. Gunnar viðurkenndi í viðtali við DV að hann hefði verið of fordómafullur og fékk til liðs við sig Björn Inga Stefánsson til að stýra starfinu með sér og víkka sjóndeildarhringinn. Gunnar birtir á bloggi sínu bréf til safnaðarmeðlima þar sem hann þakkar fyrir stuðninginn en undir það skrifa áðurnefndur Björn, Anna Ottesen og **Jónína Benediktsdóttir,** eiginkona Gunnars, sem augsýnilega hefur hellt sér af krafti út í starf trúfélagsins.

Reynsluboltar

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga tileinkar hádegisfund í dag forsprökkum úr íslensku athafnalífi áður en æskudýrkun, hraði og græðgi tóku völdin og „gömlu gildin" fylgdu ekki með, líkt og segir í tilkynningu. Að sjálfsögðu má setja spurningarmerki við þetta eins og allt annað enda einkenndist viðskiptalífið hér á árum áður öðru fremur af vinargreiðum og flokkadráttum. Á meðal framsögumanna er Sólon R. Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóri, en hann fékk einmitt tvö hundruð milljóna króna starfslokagreiðslu frá KB banka þegar hann lét af störfum þar í lok árs 2004.

Rangt stafsett terta

Óánægðir lögreglumenn færðu fjármálaráðherra tertu í gær í tilefni þess að stéttin hefur verið kjarasamningslaus í heilt ár. Eitthvað hefur kökugerðarmönnum þó fipast við áletrunina því eitt a vantaði í titil viðtakandans, sem á tertunni var kallaður fjármálráðherra. Kjarasamningslausir lögreglumenn hafa kannski ekki haft efni á þessu a-i.

- fgg, jab, sh

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Guðmundur í hlaðurskasti yfir kröfum ungliða
2. Ungliðar vilja að Guðmundur segi af sér þingmennsku
3. Vill að Dagur víki
4. Einar Örn heldur sig til hlés
5. Dagur og Óttarr settu saman stundaskrá

Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

Skotvopnin í örugga geymslu fyrir sumarfríið

Úrval af stórum og litlum byssuskápum á góðu verði.

15% afsláttur af öllum byssuskápum.

UPPSELT

Nikko Stirling fjarlægðarmæli. Við höfum ekki séð betra verð. Kynningartilboð aðeins 23.995.

Buffalo River verðmætahólf Tilboð aðeins 9.995

Nikko Stirling næturSjónauki – Sést vel í svarta myrkri á 60 til 70 metrum. Kynningarverð aðeins 41.995.

Nikko stirling myndavél með hreyfiskynjara. Tekur kyrr- og lifandi myndir. Einnig í myrkri. Tilvalið fyrir skotveiðimenn en einnig sem öryggismyndavél heima eða í sumarbústaðinn. Kynningarverð aðeins 43.995.

SPORTBÚÐIN

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

VEIÐIHORNIÐ

Sportbúðin • Krókhálsi 5 • 517 8050 • Veiðihornið • Síðumúla 8 • 568 8410
veidihornid.is • sportbudin.is